





HVALFJARÐARSVEIT

AÐALSKIPULAG 2008-2020



GREINARGERÐ




Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020



Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Ása Sigurlaug Harðardóttir


Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, var samþykkt í sveitarstjórn

þann

18. janúar 2009


Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra

þann 27. janúar 2010



Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 var staðfest af umhverfisráðherra þann 19. maí 2010



Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á ofanflóðahættu samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 og niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

1	INNGANGUR	2
	FORMÁLI	2
	SKILGREINING AÐALSKIPULAGS	3
	FRAMSETNING AÐALSKIPULAGS	3
	TENGL VIÐ STAÐARDAGSKRÁ 21 OG AÐRA STEFNUMÓTUN	4
	ENDURMAT OG BREYTINGAR	4
2	LEIÐARLIÓS.....	5
	LEIÐARLIÓS	5
	MEGINMARKMIÐ.....	5
3	SKIPULAGSFORSENDUR.....	6
	AÐDRAGANDI AÐALSKIPULAGS OG ELDRI SKIPULAGSÁÆTLANIR	6
	UMHVERFI OG NÁTTÚRA	6
	LÍFRÍKI	7
	VEÐURFAR	8
	JARÐFRÆÐI.....	8
	ÍBÚAR, BYGGÐ OG ATVINNA	9
	ÍBÚAFJÖLDASPÁ.....	11
	EIGNARHALD LANDS	12
4	SKIPULAGSÁÆTLUN	15
	ÍBÚÐASVÆÐI Í DREIFBÝLI.....	15
	ÞJÓNUSTUSTOFNANIR.....	16
	SVÆÐI FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU	17
	SAMGÖNGUR.....	18
	VEITUR	26
	FRÍSTUNDAÞYGGÐ	28
	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA	31
	ATHAFNASVÆÐI	33
	LANDBÚNAÐUR	35
	IÐNAÐUR	41
	HAFNARSVÆÐI	43
	EFNISTAKA	44
	ÞJÓÐMINJAVERNÐ	47
	HVERFISVERND	49
	NÁTTÚRVERND	50
	VATNSVERNDARSVÆÐI.....	52
	VÖTN, ÁR OG SJÓR.....	55
	ÓBYGGÐ SVÆÐI.....	56
	SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ.....	56
	ÞÉTTBÝLI.....	56
	MELAHVERFI – SKIPULAGSÁÆTLUN.....	57
	INNES – SKIPULAGSÁÆTLUN.....	59
5	UMHVERFISÁHRIF AÐALSKIPULAGSÁÆTLUNAR.....	61
6	KYNNING OG SAMRÁÐ.....	67
7	AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA	68
8	HEIMILDIR	70
	VIÐAUKI 1 - SKILGREININGAR LANDNOTKUNARFLOKKA SAMKVÆMT	
	SKIPULAGSREGLUGERÐ (400/1998)	73
	VIÐAUKI 2 – ÝMIS HUGTÖK	75

1 INNGANGUR

FORMÁLI

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar sem hér er kynnt, lýsir stefnumörkun sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkun á árunum 2008-2020 eða næstu 12 ár. Skipulagið byggir að stofni til á því skipulagi sem til var í hreppunum fjórum sem Hvalfjarðarsveit er sameinuð úr. Skipulagið markar meginlínur í landnotkun og á það við um byggingarland sem og landbúnaðarland og á að vera til leiðbeiningar um þróun og uppbyggingu sveitarfélagsins. Lífsgæði er leiðarljósið í aðalskipulaginu og í því felst að sveitarfélagið vill skapa gott umhverfi þar sem samspil náttúru og uppbyggingar fer saman. Aðalskipulagið myndar góð skilyrði til þess að sérstaða umhverfisins fái að halda sér en jafnframt fái uppbygging og samfélagsleg þróun að blómstra.

Hvalfjarðarsveit er blómleg sveit með fjölbreytt landslag, bæði allmikið undirlendi en einnig snarbrattar hlíðar formfagurra fjalla og vogskornar og lífauðugar strendur. Náttúrufegurð er víða allmikil og möguleikar óþrjótandi til að njóta frábærrar útiveru í nágrenni við höfuðborgarsvæðið.

Skipulagsmál eru afar mikilvægur málaflokkur þar sem þau hafa víðtæk áhrif á nánasta umhverfi okkar allra. Í aðalskipulaginu eru lagðar línur um það hvernig sveitarfélagið þróast á næstu árum. Tekið er tillit til staðhátta og sérstöðu sveitarfélagsins. Skipulag er í eðli sínu háð breytilegum forsendum en er í raun lifandi plagg um þau meginmarkmið í þróun byggðar og uppbyggingu hverju sinni. Aðalskipulagið er leiðbeinandi um meginmarkmiðin í þróun byggðar og verða forsendurnar að vera í stöðugir endurskoðun á skipulagstímanum.

Mikil vinna hefur verið lögð í verkið, sem hefur að stærstum hluta verið unnið í samvinnu skipulagsráðgjafa Landlína, skipulags- og byggingarnefndar og skipulags- og byggingarfulltrúa. Að auki hafa fjölmargir aðilar lagt hönd á plóg. Þeim sem unnið hafa að verkefninu eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Aðalskipulagið á erindi við okkur öll. Ég hvet alla íbúa til þess að kynna sér skipulagið og stefna sameiginlega að þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

Laufey Jóhannsdóttir

Sveitarstjóri.

SKILGREINING AÐALSKIPULAGS

Í skipulagsmálum hérlandis er stuðst við þrjú skipulagsstig: Svæðisskipulagsstig, aðalskipulagsstig og deiliskipulagsstig. Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan þess og 115 m út frá stórstraumsfjöruborði þar sem það á við. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum (73/1997) er allt landið skipulagsskylt og ber sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags ábyrgð á að aðalskipulag sé gert. Lengd skipulagstímabils er mismunandi en það skal þó ekki vera skemmra en 12 ár. Aðalskipulagsáætlun skal annars vegar sett fram á uppdrætti og hins vegar í greinargerð.

Í aðalskipulagsáætlun er mótuð stefna sveitarfélagsins um þróun byggðar og landnotkunar til næstu ára. Til þess að auðvelda framtíðarsýn er mikilvægt að styðjast við þær forsendur sem liggja til grundvallar aðalskipulaginu. Tilgreina skal helstu staðreyndir um sveitarfélagið sem stefnumörkun kemur svo til með að taka mið af. Lýsa skal eðlisrænum staðhættum, s.s. landslagi, jarðfræði, lífríki og veðurfari; jafnframt skal greina frá þáttum er lúta að mannvist, s.s. atvinnu- og byggðapróun, lýðfræðilegum þáttum og grunngerð samfélagsins.

Hlutverk Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er að stuðla að skynsamlegri landnýtingu í þágu íbúa sveitarfélagsins, en þó geta skipulagsáform gengið á eignarrétt einstaklinga. Að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar getur umhverfisráðherra veitt sveitarstjórn heimild til að taka fasteignir eða landsvæði eignarnámi eða skerða ráðstöfunarrétt landeigenda ef nauðsyn þykir vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi. Við gildistöku aðalskipulagsins öðlast sveitarstjórn einnig forkaupsrétt að fasteignum sem nauðsynlegt er að fá umráð yfir til þess að geta komið tilteknum skipulagsáætlunum í framkvæmd. Ákvæðum þessum er þó ekki beitt nema brýna nauðsyn beri til.

FRAMSETNING AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar er annars vegar sett fram í greinargerð og hins vegar á uppdráttum. Á sveitarfélagsuppdrætti er allt land sveitarfélagsins skilgreint í landnotkunarflokka í samræmi við skipulagsreglugerð (400/1998). Tilvísunarnúmer í greinargerð vísa í staðsetningu landnotkunarreits á uppdrætti. Allt land innan marka sveitarfélagsins sem ekki er skilgreint til annarra nota er skilgreint sem landbúnaðarland. Hringtákn gefur aðeins til kynna að tiltekin landnotkun sé á viðkomandi svæði en segir ekki til um lögun og stærð svæðisins.

Í greinargerð kemur fram stefnumörkun hvers landnotkunarflokks. Þeir eiga allir við í dreifbýli Hvalfjarðarsveitar, utan landnotkunarflokksins *miðsvæði*. Því er valin sú leið að telja þá upp í sömu röð og sett er fram í skipulagsreglugerðinni, með þeirri undantekningu að landnotkunarflokkurinn *þéttbýli* er settur fram aftast. Tveir þéttbýliskjarnar, Innnes og Melahverfi, eru skilgreindir í Hvalfjarðarsveit. Sú landnotkun sem þar á við er eingöngu skilgreind í tengslum við hvorn þeirra, aftast í greinargerð, og kemur því ekki fram í fyrri hluta greinargerðar. Í lok umfjöllunar um hvern landnotkunarflokk eru nefndir valkostir sem til greina komu áður en ákvörðun var tekin vegna aðalskipulags. Eru þar einnig tilteknar breytingar á landnotkun frá samþykktum aðalskipulagsáætlunum Hvalfjarðarsveitar, en lítið er svo á að í hverju tilfelli var það valkostur að halda landnotkun óbreytt frá eldri aðalskipulagsáætlunum. Greinargerð, þéttbýlisuppdrættir og sveitarfélagsuppdráttur er til staðfestingar umhverfisráðherra. Sveitarfélagamörk eru birt með fyrirvara um nákvæmni.

TENGLI VIÐ STAÐARDAGSKRÁ 21 OG AÐRA STEFNUMÓTUN

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 tekur mið af annarri stefnumótun sveitarfélagsins. *Staðardagskrá 21* (samþykkt í Hvalfjarðarsveit í apríl 2008) er velferðaráætlun sem öllum sveitarstjórnnum ber að gera, í samræmi við ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó de Janeiro 1992. Eðlismunarins vegna er stefnumörkun áætlanna ekki eins, þó hún skarist í sumum málaflokkum og innihald aðalmarkmiða sé í hnotskurn það sama. Í sumum málaflokkum er þörf á að hafa stefnumörkunina nákvæmari í *Staðardagskrá 21* en í aðalskipulagsáætlun. Vísað er í *Staðardagskrá 21* í þeim landnotkunarflokkum sem við á í aðalskipulagsáætluninni. Miðað er við að sjálfbær þróun liggi til grundvallar allri skipulagsvinnu í sveitarfélaginu.

ENDURMAT OG BREYTINGAR

Að loknum sveitarstjórnarkosningum á fjögurra ára fresti skal sveitarstjórn meta hvort nauðsynlegt sé að yfirfara og endurmeta gildandi aðalskipulagsáætlun. Meðal þess sem meta þarf er hvort skipulagsforsendur hafi breyst, hvort áætlun um landþörf hafi staðist, og hvort markmið sem stefnt var að hafi náðst og hvað þarf að gera til að stuðla betur að framkvæmd þeirra.

Ef sveitarstjórn telur breytinga þörf á staðfestu aðalskipulagi skal fylgja ákveðinni málsmeðferð. Um tvenns konar málsmeðferðir er að ræða og fer það eftir því hvort breytingar á skipulagsáætlun eru taldar *verulegar* eða *óverulegar* hvor þeirra er farin.

Séu breytingar á aðalskipulagi *verulegar* fer málsmeðferð fram eins og um nýtt aðalskipulag sé að ræða. Þegar breytingartillaga liggur fyrir og búið að gera grein fyrir umhverfisáhrifum aðalskipulags skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun breytta aðalskipulagstillögu til athugunar og samráð haft um umfang umhverfismats. Ef Skipulagsstofnun fellst á tillöguna ber sveitarstjórn að auglýsa hana óbreytta ásamt umhverfisskýrslu og gefa almenningi færi á að gera athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar. Að lokinni meðferð á athugasemdum, ef einhverjar koma fram, er aðalskipulagstillagan samþykkt af sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun til meðferðar. Skipulagsstofnun gerir tillögu til umhverfisráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins, synjun þess, eða frestun á staðfestingu að hluta eða að öllu leyti.

Séu breytingar á aðalskipulagi *óverulegar* skal sveitarstjórn senda rökstudda breytingartillögu til Skipulagsstofnunar ásamt mati á umhverfisáhrifum tillögunnar. Í tillögunni á að koma fram yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún muni bæta aðilum það tjón sem þeir kunna að verða fyrir vegna breytingarinnar. Eftir umfjöllun Skipulagsstofnunar sendir stofnunin tillöguna áfram til umhverfisráðherra ásamt umsögn um hana. Fallist ráðherra á breytingar á aðalskipulagi ber sveitarstjórn að auglýsa tillöguna og almenningi gert kleift að koma með athugasemdir við hana. Að lokinni meðferð á athugasemdum, ef einhverjar koma fram, er aðalskipulagstillagan samþykkt af sveitarstjórn og send ráðherra til staðfestingar.

2 LEIÐARLJÓS

LEIÐARLJÓS

Hvalfjarðarsveit skal vera framsækið sveitarfélag þar sem lögð er áhersla á:

- fjölbreytilegt og öflugt atvinnulíf sem laðar að fyrirtæki og nýja starfsemi
- að umgengni og nýting lands sé til fyrirmyndar og dregið verði úr mengun og neikvæðum umhverfisáhrifum
- góð búsetuskilyrði sem gera búsetu í sveitarfélaginu eftirsóknarverða
- að verndun merkra og mikilvægra staða og svæða sé höfð í fyrirrúmi
- að sjálfbær þróun liggi til grundvallar allri skipulagsvinnu

MEGINMARKMIÐ

Byggð og atvinna

- búsetu sé viðhaldið og hún eflid í sveitarfélaginu með aðgerðum sem bæta búsetuskilyrði
- stuðlað sé að nýsköpun í atvinnulífi með aðgerðum sem tryggja góð starfsskilyrði fyrir frumkvöðla
- metin sé landþörf fyrir íbúðarbyggð og tryggt að ávallt séu tiltækar byggingarlóðir
- tekin séu frá svæði vegna fyrirhugaðrar landnotkunar á vegum landeigenda svo fremi að hún samræmist leiðarljósum og stefnu sveitarfélagsins
- landþörf fyrir atvinnustarfsemi aðra en landbúnað sé metin og svæði skilgreind með tilliti til þess
- framtíðarsýn iðnaðar- og hafnarsvæðisins við Grundartanga verði útfærð og deiliskipulag gert fyrir allt svæðið

Umhverfi og vernd

- umhverfisstöðun fylgjandi framkvæmdum í sveitarfélaginu sé takmörkuð eins og kostur er
- gróf flokkun á góðu, ræktanlegu landi til notkunar fyrir matvælaframleiðslu liggur fyrir. Stefnt sé að nánari flokkun og stefnumörkun fyrir landnotkunina á skipulagstímabilinu
- innan landbúnaðar sé viðhöfð beitarstýring svo ágangur búfjár á gróður og jarðveg taki mið af beitarþoli lands
- sérstök náttúrufyrirbæri, fornleifar og önnur merk mannvirki fái viðeigandi skilgreiningu verndar
- umhverfisástand verði bætt með uppgræðslu rofsvæða og lítt og ógróins lands, frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum og förgun ónýtra tækja og mannvirkja
- tryggt verði að gjöfular vatnslindir, hvort tveggja nýttar sem ónýttar og aðrennslissvæði þeirra séu undir vernd
- verkefni Staðardagsskrár 21 og stefnumörkun aðalskipulagsins verði samþætt í framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins

Samgöngur og tæknimál

- meta hvar þörf á bættum vegsamgöngum er mest og setja fram stefnu um úrbætur
- almannahagsmunir séu hafðir í fyrirrúmi varðandi hugsanlega tvöföldun Hvalfjarðarganga og breikkun Vesturlandsveggar
- fjarskiptasamband verði með því besta sem völ er á hverju sinni
- skilgreina framtíðar göngu-, hjóla- og reiðleiðir og stuðla að uppbyggingu þeirra þannig að þær verði aðgengilegar og aðlaðandi

3 SKIPULAGSFORSENDUR

AÐDRAGANDI AÐALSKIPULAGS OG ELDRI SKIPULAGSÁÆTLANIR

Hvalfjarðarsveit varð til 1. júní 2006 með sameiningu fjögurra hreppa sem voru Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Innri-Akraneshreppur. Hið nýja sveitarfélag fékk nafnið Hvalfjarðarsveit.

Aðalskipulagsáætlanir Leirár- og Melahrepps, Skilmannahrepps, Hvalfjarðarstrandarhrepps og Innri-Akraneshrepps 2002-2014 voru þær fyrstu sem gerðar voru á svæðinu í þeirri merkingu sem hugtakið hefur nú, þ.e.a.s. að aðalskipulag sé skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skuli taka til alls lands innan þess. Áður var tiltækt aðalskipulag iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017 sem samþykkt var 1996. Þegar það var unnið voru í gildi eldri skipulagslög þar sem merking hugtaksins var önnur. Þar sem aðeins eitt aðalskipulag skal gilda í hverju sveitarfélagi féll Aðalskipulag iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017 úr gildi við gildistöku Aðalskipulags Hvalfjarðarstrandarhrepps 2002-2014 og Aðalskipulags Skilmannahrepps 2002-2014. Einnig féll úr gildi Svæðisskipulag sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012. Við gildistöku Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 falla úr gildi ofangreindar fjórar aðalskipulagsáætlanir.

Að undangengnu lögbundnu útboði á verkinu undirrituðu fulltrúar sveitarfélagsins verksamning um gerð aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 við Landlínur þann 20. desember 2007. Starfshópur um aðalskipulag samanstóð af byggingarfulltrúa, Skúla Lýðssyni, formanni skipulags- og byggingarnefndar, Björgvini Helgasyni, ásamt skipulagsáðgjöfum Landlína.

UMHVERFI OG NÁTTÚRA

Landsvæðið sem Hvalfjarðarsveit nær yfir er 494 ferkílómetrar að stærð (Hvalfjarðarsveit, 2008). Landslag sveitarfélagsins hefur að geyma miklar andstæður, mikið og vel gróið undirlendi sem og fjöll að baki, til að mynda Skarðsheiði, Botnsheiði, Þyrill og Hvalfell. Í Hvalfirði sjálfum er undirlendi hlutfallslega lítið samanborið við flatarmál heiða og fjalla. Suðvestan Þyrils innarlega í Hvalfirði gengur langt og mjótt Þyrilsnesið út í fjörðinn, afmarkar það Botnsvog að miklu leyti. Inn af Botnsvogi er hinn kjarri vaxni Botnsdalur og um hann rennur Botnsá. Í ánni er hæsti foss landsins, Glymur, sem er 198 m hár. Botnsá á upptök sín í Hvalvatni sem er 160 m djúpt og annað dýpsta vatn landsins. Vestan Hvalvatns er hið bratta og gilótta Hvalfell sem er 848 m hátt. Suðaustan Hvalfells rísa Botnssúlur, fjallaklasi sem að hluta liggur innan marka hreppsins. Sunnan við hlíðar megineldstöðvarinnar Skarðsheiðar liðast Svínadalur, allbreiður og grösugur dalur, með Miðfells múla og Botnsheiði sunnan megin. Akrafjall, með bröttum fjallshlíðum og hamrabeltum þar sem það stendur vörð við þéttbýlið Akranes, vestast í sveitarfélaginu. Hæsti hluti fjallsins er Geirmundartindur, 586 m.y.s. Milli Hvalfjarðar og Akrafjalls er láglendi ekki mikið, vestan og norðan Akrafjalls er hins vegar samfelld og vel gróið undirlendi. Að norðanverðu er Grunnafjörður, sem var gerður að friðlandi árið 1994 og samþykktur sem Ramsarsvæði 1996, alls 14,7 km². Nokkur nes ganga út í fjörðinn og mynda hlykkjótt strandlínu með víkum og vogum, mest þeirra er Lambhaganes fyrir botni fjarðarins sem afmarkast af Urriðaa og Laxá. Hafnarfjall setur svo sterkan svip á umhverfið í norðvesturhluta sveitarfélagsins. Vesturhlíð þess er snarbrött gróðurlaus skriða sem skórin er af Hafnardal að sunnan og Ytra-Seleyrargili að norðan. Fyrir austan Hafnarfjall liggja hryggir og toppar Skarðsheiðar sem tilheyra

sveitarfélaginu, meðal annars Skarðshyrna (923 m y.s.) og Heiðarhorn (1053 m h.y.s.).

LÍFRÍKI

Gróðurfur sveitarfélagsins ber greinileg merki langvarandi búsetu manna á svæðinu. Góð búskaparskilyrði á þessum slóðum hafa fljótlega eftir að land fór að byggjast laðað fólk að og hefur búseta verið óslitin síðan. Fyrir bólfestu mannsins var allt undirlendi utan blautustu mýra klætt kjarri og skógi. Ósnortin gróðursvæði frá náttúrunnar hendi finnast nú vart lengur, ýmist hafa menn eða skepnur breytt ásýnd gróðurfars frá því sem áður var. Mikil búfjárbætur síðustu aldir hefur víða breytt úthaganum. Í kjölfar jarðræktarlaga 1923, ásamt tilkomu stórvirkra vinnuvéla á fimmta áratug síðustu aldar, urðu þáttaskil í nýtingu mýrlendis. Upphófst þá tímabil stórfelldrar framræslu sem styrkt var með framlögum úr opinberum sjóðum. Til að byrja með voru láglendismýrar, sem eru yfirleitt frjósamar og vel fallnar til ræktunar, ræstar fram til túngarðar. Síðar jókst mjög framræsla mýra til að bæta þær sem beitaland. Í sveitarfélaginu hafa stór votlendissvæði verið framræst til túnræktar eða í öðrum tilgangi. Með framræslu votlendisins hafa grastegundir orðið ríkjandi og gildi viðkomandi svæðis sem beitalands þar með aukist. Við svo mikla röskun á vatnsbúskap sem fylgir framræslu breytist efnasamsetning jarðvegs, t.d. voru norðan og austan við Akrafjall áður fyrr miklir flóar sem hafa víða verið þurrkaðir upp með framræslu.

Jarðvegur er djúpur á undirlendi Hvalfjarðarsveitar og ræktunarskilyrði því góð. Fuglalíf er fjölbreytt. Fjalllendið er enn að hluta ógróið, sérstaklega í Skarðsheiðinni sem er hrjóstrug og gróðursnauð en gróður hefur þó víða náð að festa rætur á svæðum þar sem gróðurlaust var áður. Nokkur svæði eru kjarri vaxin, má þar nefna Botnsdalinn, Saurbæjarhlíð, Móadal milli Hvalfjarðarstrandar og Svínadals, Vatnaskóg, Svarfhólsskóg, Eyrarskóg og Kornahlíð norðan Geitabergsvatns og á Skorholts- og Fiskilækjarmelum. Vestan undir Hafnarfjalli er Hafnarskógur sem er talinn harðgerður birkiskógur staðsettur við sjávarsíðuna og á vindasvæði. Hann hefur mátt þola töluverða beit gegnum tíðina. Hluti skógarins hefur verið friðaður fyrir beit í rúman áratug og er hann nú í vexti og dafnar vel. Þau skógarsvæði sem lengst hafa verið friðuð fyrir beit eru smátt og smátt að nálgast gróðurfarslegan uppruna sinn.

Æðarvarp er á Hvalfjarðarströnd, einkum á Þyrilsnesi og kræklingur er í Hvalfirði. Lax gengur í ánum Laxá og Leirá í Leirársveit og í Botnsá í Botnsdal. Eftir að laxastigi var gerður í Laxá við Eyrarfoss eru öll vötnin í Svínadal laxgeng. Undanfarin ár hefur minkur og refur verið nokkuð áberandi en reynt er að halda þeim frá byggð, ekki síst á vorin og sumrin þegar æðarvarp og laxveiði stendur yfir. Fjölbreytt fuglalíf er á láglendinu sunnan Hafnarfjalls, meðal fuglategunda sem eiga þar varpland sitt er æðarfugl, kría, svartbakur og ýmsar tegundir mófugla. Í Grunnafirði er fjölbreytt fuglalíf. Leirur fjarðarins eru mikilvægur fæðuöflunarstaður fyrir fugla, hvort tveggja fyrir varpfugla og farfugla sem hafa þar viðkomu. Nánari umfjöllun um Grunnafjörð má sjá í kaflanum um landnotkunarflokkinn *náttúruvernd*.



SÉÐ YFIR GRUNNAFJÖRÐ. ÞÞ.

VEÐURFAR

Með tilliti til skipulagsgerðar þarf fyrst og fremst að taka tillit til vindafars; en einnig þarf að taka mið af hugsanlegum ofanflóðasvæðum við rætur fjalla. Ekki hefur verið framkvæmt ofanflóðamat í dreifbýli Hvalfjarðarsveitar.

Veðurfar er að jafnaði gott í Hvalfjarðarsveit þó geti verið þar allvindasamt. Í því sambandi má nefna sviptivinda hlémegin við Akrafjall í suðaustanátt, vestan undir Hafnarfjalli og stíf norðaustanátt getur verið undir Skarðsheiðinni frá Þórisstaðavatni að sveitarfélagsmörkum í vestri, svo og á Hvalfjarðarströnd milli Kalastaða og Hrafnabjarga. Varasöm suðaustanátt getur myndast í Þýrilshlíð undir Þýrli, einnig á Hvalfjarðarströnd undir Brekkukambi. Fyrir kemur að hættuástand skapast vegna vinda á þessum slóðum. Varasöm suðaustanátt getur myndast í Þýrilshlíð undir Þýrli, einnig á Hvalfjarðarströnd undir Brekkukambi. Lega sveitarfélagsins veldur því að vestlægar áttir eru einna hagstæðastar, a.m.k. ber minnst á vindhviðum í þeim.

Úrkoma er mest í Stóra-Botni innst í Hvalfirði, mældist hún þar 1651 mm að meðaltali á ári á tímabilinu 1971-80. Úrkomutíð er mest á haustin en minnst í maí og júní. Á Akranesi mældist hún 924 mm að meðaltali á ári á sama tíma, gera má ráð fyrir að þær mælingar gefi rétta mynd af úrkomu sunnan Akrafjalls og austur fyrir. Vætutíð er mest á haustin en minnst í maí og júní, algengt er að úrkomudagar séu um 200 á ári. Á hlýjum sumardegum er ekki óalgengt að hitaskúr leiði frá Skarðsheiðinni eða úr Kjósarfjöllunum inn yfir sveitina.

Meðalárshiti er svipaður og í Reykjavík, um 4,3°C. Hljásti mánuðurinn er júlí (10-11°C að meðaltali) en sá kaldasti janúar (0 til -1°C að meðaltali).

JARÐFRÆÐI


Jarðmyndanir Hvalfjarðarsveitar spanna alla jarðsögu Íslands; tertíer - jarðmyndanir eldri en 3,1 milljón ára; kvarter - jarðmyndanir 0,7 - 3,1 milljón ára; ísöld - jarðmyndanir 12 þúsund - 0,7 milljón ára og nútímann, sem nær yfir síðustu 12 þúsund ár. Hafnarfjall, Botnssúlur, Skarðsheiðin og Akrafjall eru allt hlutar megineldstöðva frá tertíer tímabilinu. Einkenni megineldstöðva eru síendurtekin gos sem leiða til þess að há fjöll myndast. Meginefnið er basískt (basalt, blágrýti) en í lok virknitímabila gjósa megineldstöðvar súru bergi (líparíti) sem má einmitt sjá merki um víða í sveitarfélaginu. Eftir að

Hafnarfjallseldstöðin kulnaði hvarf hún undir jarðlög sem rekja má til annarrar yngri megineldstöðvar, Hvalfjarðareldstöðvarinnar sem er innarlega í Hvalfirði. Til hennar má rekja jarðlög með Hvalfjarðarströnd allt norður í Skarðsheiðina og Botnsheiðina.

Roföflin hafa nú unnið á jarðmyndunum megineldstöðvanna og ofan á þau hafa hlaðist ný jarðlög, að mestu leyti sjávarsetlög efst. Jarðmyndanir frá fyrri hluta ísaldar bera loftslagssveiflum glögg merki. Jarðlagastaflinn frá þessum tíma er ýmist byggður upp af jökulbergs- og móbergslögum á jökulskeiðum eða hraunlögum frá hlýskeiðum. Í lok síðasta hluta ísaldar, fyrir um 12.000 árum, hopuðu jöklar og gengu fram á víxl í takt við loftslagssveiflur. Við framskriðið urðu til miklir jökulgarðar, má þar nefna melana fram af Miðfells múla, við Lambhaga og þá miklu jökulgarða sem liggja vestan undir Hafnarfjalli og langleiðina suður að Grunnafirði. Þegar jöklar ísaldar lágu yfir landi var gríðarmikið vatn bundið í þeim sem að öðrum kosti hefði verið í höfunum og var yfirborð sjávar þar af leiðandi lægra. Við bráðnun jökla í lok síðasta jökulskeiðs hækkaði yfirborð sjávar og gekk sjór þá á land. Greinilegar sjávarmyndanir finnast umhverfis Akrafjall, m.a. hafa fundist hvalbein í 80 m h.y.s. við bæinn Fellsenda. Þegar farg jökuls er ekki lengur til staðar rís land. Það ferli er hægfara og fyrst eftir hörfun jökla var láglendið því á kafi í sjó. Við þessar aðstæður mynduðust sjávarsetlög sem þekja mestu láglendis svæðin í sveitinni. Jarðvegur á þessum svæðum hentar vel til ræktunar og beitar.

ÍBÚAR, BYGGÐ OG ATVINNA

Íbúar Hvalfjarðarsveitar voru 641 talsins þann 1. desember 2008.



MYND 1: MANNFJÖLDAÞRÓUN Í HVALFJARÐARSVEIT 1. DES. 1990-2008. (HAGSTOFA ÍSLANDS, 2008 OG 2009).

Ekki eru til tölur fyrir hvern af eldri hreppunum eftir sameiningu þeirra árið 2006. Árið 1990 voru íbúar þeirra samtals 606 talsins, fjöldinn náði lágmarki árið 1998, var þá 539 og hafði fækkað um 11% þessi átta ár. Í árslok 2007 náði íbúafjöldinn hámarki, en þá voru íbúar 683 talsins, hafði fjölgað um 22% frá árinu 2004. Fram til þess árs hafði heildaríbúafjöldinn hins vegar svo að segja staðið í stað í sex ár. Athyglivert er að sjá hve íbúafjöldapróun í sveitarfélaginu hefur verið svæðisbundin, sem er mjög líklega tengt atvinnutækifærum hvers svæðis. Starfsumhverfi hinna ýmsu atvinnugreina hefur breyst mikið á síðustu öld, sem og búsetumynstur á Íslandi. Hvalfjarðarsveit hefur lengst framan af verið næsta dæmigert dreifbýlissamfélag með landbúnað sem aðalatvinnugrein.




UNDIRLENDI Í INNRI AKRANESHREPPI. ÞÞ.

Samfara samdrætti í landbúnaði á landsvísu hafa orðið að koma til ný atvinnutækifæri. Þeir þættir sem líklega hafa haft mest áhrif á þróunina eru tilkoma Norðuráls árið 1995 og Hvalfjarðarganga árið 1998. Erfitt er þó að meta nákvæmlega hversu mikil áhrif Hvalfjarðargöng hafa haft á byggðapróun sveitarfélagsins, sér í lagi þar sem íbúafjöldi stendur frekar í stað næst göngunum. Auðveldara er að greina bein tengsl milli vaxandi íbúafjölda og uppbyggingar iðnaðar- og hafnarsvæðisins á Grundartanga, enda fjölgun íbúa mest á svæðinu í grennd við hana, eða í fyrrum Skilmannahreppi. Á landbúnaðarsvæðunum vestan við Akrafjall, fyrrum Innri-Akraneshreppi og norðan við Grunnafjörð, fyrrum Leirár- og Melahreppi hefur íbúum hins vegar farið frekar fækkandi. Í Hvalfirðinum sjálfum, fyrrum Hvalfjarðarstrandarhreppi, dró úr fækkun íbúa í lok tímabilsins. Í meðfylgjandi töflu má sjá nákvæmar tölur um íbúafjöldaþróun Hvalfjarðarsveitar og fyrrum sveitarfélaganna á árabílinu.

	1990	1992	1994	1996	1998	2000	2002	2004	2006	2008
Hvalfjarðarstrandarhreppur	158	169	178	165	167	161	169	145	-	-
Skilmannahreppur	152	142	135	126	127	142	142	167	-	-
Innri-Akraneshreppur	138	137	129	124	113	127	114	117	-	-
Leirár- og Melahreppur	157	151	138	139	132	124	120	130	-	-
Heildarfjöldi íbúa	606	599	580	554	539	554	545	559	616	641

FÓLKSFJÖLDAÞRÓUN Í HVALFJARÐARSVEIT ÁRIN 1990-2008. (HAGSTOFA ÍSLANDS, 2008 OG 2009).

Fylgni er á milli fólksfjöldaþróunar og búferlaflutninga til og frá svæðinu (mynd 2), sem styður tilgátuna um áhrif uppbyggingar við Grundartanga.



MYND 2: FJÖLDI AÐFLUTTRA UMFRAM BROTTFLUTTA ÁRIN 1986-2007. (HAGSTOFA ÍSLANDS, 2008).


Á stöplaritinu má sjá að fjöldi brottfluttra á svæðinu er vel framan af jafn eða hærri fjölda aðfluttra fram yfir aldamótin. Meðalbrottflytningur er tveir íbúar á ári á árabílinu, eða 0,2% en staðalfrávik frá því meðaltali eru 23 íbúar á ári yfir allt tímabilið, eða 4% frávik að meðaltali. Svo sjá má að sveiflur eru miklar og íbúafjöldapróun Hvalfjarðarsveitar verið nokkuð ófyrirsjáanleg hingað til. Í upphafi nýrrar aldar jókst fjöldi aðfluttra íbúa til muna. Árið 2007 er metár í íbúafjölgun á svæðinu, það ár fjölgaði íbúum um 69 á milli ára, eða um tæp 11%. Þetta kemur fyrst og fremst til af fjölda aðfluttra, en þeir voru 134 það ár.

Vert er að gefa þróun í landbúnaði gaum, sem aðalvinnugrein svæðisins um alllangt skeið. Samdráttur í kúa- og sauðfjárbúskap gefur ákveðna mynd af heildarþróun atvinnugreinarinnar. Á aðeins 16 árum, frá árinu 1991-2007, fækkaði kúabúum í fyrrum sveitarfélögum Hvalfjarðarsveitar um tæp 40%, kúm fækkaði um 25%. Sauðfé hefur fækkað um þriðjung á tímabilinu 1991-2007 eða úr rúmum 8.100 ærgildum í rúm 5.600, með mikilli niðursveiflu eftir árið 2005. Sauðfjárbúum með ærgildum yfir 50 fækkaði um tæp 40% á sama tíma.

Eitt svínabú fyrir fráfærugrís er í Hvalfjarðarsveit og sex alifuglabú, þar af eitt með lífunga. Tveir garðyrkjubændur eru í sveitarfélaginu samkvæmt félagatali Sambands garðyrkjubænda (Samband garðyrkjubænda, 2008). Hross eru um 820. Allir bæir sem liggja að Laxá, sem og þeir sem liggja að Grunnafirði hafa veiðihlunnindi af ánni. Margir bæir liggja að sjó og hafa þeir allir hlunnindi af fiðri æðarfugls ef hlúð er að varpi.

ÍBÚAFJÖLDASPÁ

Undanfarin ár hefur íbúum í Hvalfjarðarsveit fjölgað mjög hratt, eftir tímabil stöðnunar árin 1995-2004. Athyglisvert er að sjá hver þróunin gæti orðið á tímabili aðalskipulagsins miðað við hver hún hefur verið á mismunandi löngum tímabilum undanfarin ár. Ákveðið var að bera saman tímabilin síðustu 5 ár, 10 ár og 15 ár, þar sem meðalgildi þessara tímabila eru ólík. Ekki eru teknar með í útreikningana forsendur eins og aldursdreifing, bætta samgöngur, ytri og innri efnahagslegir þættir eins og aukin atvinnutækifæri eða bætt þjónusta t.d. í skólastarfi.




MYND 3: ÍBÚAFJÖLDASPÁ Í HVALFJARÐARSVEIT MIÐAÐ VIÐ MEÐALFJÖLGUN ÍBÚA SÍÐUSTU 5, 10 OG 15 ÁR.

Samkvæmt gefnum forsendum gæti íbúafjöldi orðið á bilinu 760-1.080 eða um 920 +/- 160 íbúar í Hvalfjarðarsveit árið 2020. Munurinn á spánum er mikill.

Lítið framboð lóða og húsnæðis var hamlandi þáttur í Hvalfjarðarsveit um tíma, en með deiliskipulagsáætlunum í Hlíðarbæ, Innnesi og Melahverfi er úr því bætt. Á sama tíma eru vonir bundnar við ýmsa uppbyggingu, m.a. við Grundartanga. Það er því óhætt að vera bjartsýnn hvað varðar íbúafjöldapróun í Hvalfjarðarsveit. Ákveðið var að miða við áframhaldandi

meðalfjölgun líkri þeirri sem verið hefur árin 2002-2007, fimm undanfarin ár aðalskipulagsáætlunarinnar. Það er fjölgun um 3,6%. Sú áætlun þykir raunhæf, þar sem forsendur fyrir íbúafjölgun þessara ára hafa lítið breyst.



MYND 4: ÍBÚAFJÖLDASPÁ Í HVALFJARÐARSVEIT MIÐAÐ VIÐ 3,6% FJÖLGUN.

Líklegast er að þróunin verði í stökkum og fylgi fyrirhugaðri uppbyggingu í sveitarfélaginu. Í aðalskipulagsáætlunum fyrir fyrrum sveitarfélögin fjögur árin 2002-2014 var gert ráð fyrir 1-5% fjölgun íbúa í Hvalfjarðarstrandarhreppi, 1-3% í Leirár- og Melahreppi, 1-9% í Skilmannahreppi, en mestri fjölgun í Innri-Akraneshreppi þar sem var gert ráð fyrir allt að 25% fjölgun íbúa á því tímabili. Skilmannahreppur reyndist hins vegar það svæði sem tók hvað mesta stökkið í fjölgun íbúa upp úr 2004 (mynd 1). Rauntala íbúa í Hvalfjarðarsveit í janúar 2008 var 683, sem gerir 5% fjölgun íbúa að meðaltali á tímabilinu 2004-2008, eða frá því aðalskipulagsáætlanirnar fjórar voru samþykktar.

Sveitarfélagið er vel í stakk búið til að taka við þeim rúmlega 300 íbúum sem miðað er við að bætist við á gildistíma aðalskipulagsáætlunarinnar. Sjá nánar umfjöllun um íbúðasvæði í dreifbýli og í köflum um þéttbýliskjarnana Melahverfi og Innnes.

EIGNARHALD LANDS

Landeiganda er almennt frjálst að skipuleggja land sitt, enda sé aflað samþykkis sveitarstjórnar og skipulagsyfirlalda. Í vissum tilfellum þarf þó sveitarstjórn að fá land í einkaeign til umráða fyrir tiltekna notkun sé hún álitin mikilvæg fyrir framþróun sveitarfélagsins. Náist ekki samkomulag við landeiganda um afnot lands hefur sveitarfélagið heimild til eignarnámssamkvæmt 32. gr. skipulags- og byggingarlaga (73/1997), en þar segir m.a.: „Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.“ Þessu ákvæði er þó sjaldan beitt nema brýna nauðsyn beri til. Sama máli getur gegnt um einstök fyrirtæki sem háð eru afnotum af landi í einkaeign, t.d. undir vegi og veitulagnir, séu sterkir almannahagsmunir taldir liggja að baki.



JARÐIR Í LEIRÁRSVEIT. ÞÞ.

Hinn 31. desember 2007 voru samtals 107 skráðar lögbýlisjarðir í Hvalfjarðarsveit, þar af 85 í ábúð en 22 í eyði. Af lögbýlum í ábúð eru 70, eða rúm 82% í eigu ábúenda sjálfra, aðrar í eigu annarra aðila (Hagþjónusta landbúnaðarins, 2009). Nær allar jarðir í eyði eru í eigu sveitarfélagsins eða einkaaðila.

JÖRÐ	LANDNR	JÖRÐ	LANDNR
Akrakot	133677	Kjalardalur	133634
Arkarlækur	133620	Kjalardalur	133634
Ás	133730	Kirkjuból	133697
Ásfell	133679	Kjalardalur	133634
Áttmælingur	Ekki til staðar	Kjaransstaðir	133698
Bakki	133731	Klafastaðir (í eyði)	133635
Beitistaðir	133732	Krókar (í eyði)	133198
Beitistaðaland	190959	Kúludalsá	133701
Bekansstaðir	133622	Kúludalsá II (í eyði)	186597
Belgholt	133734	Lambhagi (í eyði)	133637
Bjarteyjarsandur	133157	Lambhagi II	192687
Brekka	133161	Leirá	133774
Draghál (í eyði)	133163	Lindás	133705
Efra-Skarð	133164	Litla-Fellsöxl	133641
Eyri	133165	Litli-Botn	133199
Eystra Katanes	133194	Lyngholt	133784
Eystra-Miðfell	133167	Lækur	133785
Eystra-Súlunes	133736	Másstaðir (í eyði)	133706
Eystri-Leirárgarðar	133737	Melaleiti	133787
Eystri-Reynir	133685	Melar	133788
Fagrabrekka	133686	Melkot	133789
Fellsendi	133652	Miðhús	133710
Ferstikla I	133168	Mið-Sandur (í eyði)	133619
Ferstikla II	133170	Móar	133689
Fiskilækur	133738	Narfastaðir (í eyði)	133790
Galtarholt	133626	Neðra-Skarð	133792
Galtarlækur	133627	Oddsmyri (í eyði)	133202

Galtarvík	133628	Ós	133644
Geitaberg	133172	Saurbær	133203
Geldingaá	133739	Skálatangi	133711
Gerði	133687	Skipanes	133793
Glammasstaðir (í eyði)	133175	Skorholt	133795
Grafardalur (í eyði)	133177	Steinsholt (í eyði)	133796
Gröf	133629	Steinsholt I	199833
Hafnarberg	208217	Stóra-Fellsöxl (í eyði)	133650
Hafnarsel	192456	Stóri-Botn (í eyði)	133206
Hafsteinsstaðir (í eyði)	133630	Stóri-Lambhagi I	133653
Hávassstaðir	133741	Stóri-Lambhagi II (í eyði)	133657
Heynes (í eyði)	133688	Stóri-Lambhagi III	133658
Heynes II	173976	Svarfhóll	133208
Herdísarholt	Ekki til staðar	Sæla	Ekki til staðar
Hlíð	133179	Teigarás	133718
Hlíðarfótur	133180	Teigur	133717
Hnúkur	133690	Tunga	133209
Hóll	133182	Vallanes (í eyði)	133660
Hrafnabjörg	133185	Vellir	133719
Hríshóll	133700	Vestra-Miðfell (í eyði)	133214
Hurðarbak	133186	Vestra-Súlunes (í eyði)	133797
Hvítanes I (í eyði)	133632	Vestri-Leirargarðar	133798
Hvítanes II	133633	Vestri-Reynir	133724
Höfn	133742	Vík (í eyði)	133727
Innri-Hólmur	133691	Vogatunga	133799
Kalastaðakot	133187	Ytri-Hólmur I	133694
Kalastaðir	133190	Ytri-Hólmur II	133695
Kambshóll	133192	Þaravellir	133728
Katanes	133194	Þórisstaðir	133217
Kirkjuból	133697	Þyrill	133216

SKRÁÐAR JARÐIR Í HVALFJARÐARSVEIT. (HAGÞJÓNUSTA LANDBÚNAÐARINS, 2009).

4 SKIPULAGSÁÆTLUN

ÍBÚÐASVÆÐI Í DREIFBÝLI

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

NAFN	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Hlíðarbær	8,0	Í1
Bjarkarás	10,0	Í2
Laxárbakki (sjá almenna umfjöllun)	1,0	Í3

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu nýrra íbúðasvæða í dreifbýli.
- Á íbúðasvæðum sé gert ráð fyrir rúmum svæðum til útivistar innan byggðar.
- Landeigendur bera ábyrgð á vegagerð að íbúðasvæðum í dreifbýli Hvalfjarðarsveitar og um þau, snjómokstri, vatnsöflun og vatnslögnum, fráveitu, sem og raf- og gagnaveitu.

HLÍÐARBÆR

- Hús séu mest tvær hæðir.
- Þéttleiki íbúðasvæðis sé að hámarki 4-5 hús á hvern hektara.
- Nýtingarhlutfall sé að hámarki 0,4

BJARKARÁS

- Heimilt er að reisa einbýlishús á einni hæð.
- Þéttleiki íbúðasvæðis er hámark 1,1 íbúð á hvern hektara.
- Gert er ráð fyrir að hámarki 11 íbúðarhúsum á svæðinu.

LAXÁRBAKKI

- Heimilt er að byggja einnar hæðar hús með risi og kjallara.
- Hámarks nýtingarhlutfall er 0,15.



HLÍÐARBÆR. ÞÞ.

ALMENN UMFJÖLLUN

Skipulögð íbúðasvæði í dreifbýli eru þrjú, en aðeins tvö þeirra með framboð á íbúðarhúsalóðum, þar sem ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á Laxárbakka. Fyrir utan skilgreind íbúðasvæði er ekki gert ráð fyrir nýjum íbúðarhúsum á öðrum landnotkunarreitum að undanskildum landbúnaðarsvæðum, en þá aðeins fari fjöldi þeirra ekki yfir fjögur hús á hverju lögbýli og að íbúðarhúsin séu staðsett hvert í grennd við annað (sjá umfjöllun um lögbýli á landbúnaðarsvæðum).

Varðandi nánari umfjöllun um stefnumörkun íbúðasvæða er vísað í umfjöllun um þéttbýliskjarnana Melahverfi og Innnes.

HLÍÐARBÆR

Í Hlíðarbæ er í gildi samþykkt deiliskipulag af samtals 18,5 ha svæði sem inniheldur 38 íbúðarhúsalóðir, leik- og íþróttasvæði, tjaldsvæði og svæði undir þjónustustofnanir. Búið er að afhenda 15 lóðir. Íbúar á svæðinu voru 30 talsins árið 2008, en gert er ráð fyrir að þeir verði um 100 talsins þegar svæðið verður fullbyggt.

BJARKARÁS

Í Bjarkarási er í gildi samþykkt deiliskipulag af samtals 10 ha íbúðasvæði sem afmarkar 11 íbúðalóðir. Íbúar voru 8 talsins árið 2008. Gert er ráð fyrir að íbúar verði um 30 talsins þegar svæðið verður fullbyggt.

LAXÁRBAKKI

Lóðin er skilgreind sem blönduð landnotkun verslunar-, þjónustu- og íbúðasvæðis með heildarflatarmál að stærð 1 ha. Landnotkunin er ekki aðgreind frekar. Gert er ráð fyrir einu íbúðarhúsi til viðbótar á lóðinni, en ekki uppbyggingu að öðru leyti.

VALKOSTIR

Umræða varð um hvort þörf væri á að setja hömlur á fjölda íbúðasvæða og íbúðarhúsa í Hvalfjarðarsveit (sjá nánar umfjöllun um valkosti á landbúnaðarsvæðum).

Bjarkarás er nýtt íbúðasvæði. Það var skilgreint sem frístundabyggð í aðalskipulagi Leirár- og Melahrepps. Lóðin á Laxárbakka var skilgreind sem athafnasvæði í aðalskipulagi Skilmannahrepps 2002-2014 vegna fyrrum starfsemi Sláturfélags Suðurlands.

ÞJÓNUSTUSTOFNANIR**SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI**

ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Hlaðir –félagsheimili og sundlaug	0,5	ÞS1
Heiðarborg – Heiðarskóli, íþróttahús og sundlaug	9,5 ha	ÞS2
Miðgarður - félagsheimili	0,2 ha	ÞS3
Fannahlíð – félagsheimili	0,2 ha	ÞS4
Hallgrímskirkja í Saurbæ	0,2 ha	ÞS5
Leirárkirkja	0,2 ha	ÞS6
Innra - Hólmskirkja	0,2 ha	ÞS7

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Heiðarskóli verður áfram grunnskóli sveitarfélagsins.
- Þegar þörf þykir vegna fólksfjölgunar verður uppbygging hafin á leik- og grunnskóla í landi Fögrubrekku, á Innnesi.

- Aðgengi fatlaðra verði bætt þar sem þess er þörf.



HALLGRÍMSKIRKJA Í SAURBÆ. ÞÞ.

ALMENN UMFJÖLLUN

Heiðarskóli hefur um áralangt skeið þjónað sem grunnskóli sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar.

VALKOSTIR

Val um uppbyggingu nýs grunnskóla stóð um það að byggja nýjan og stærri skóla í landi Heiðarskóla, byggja upp grunnskóla í Melahverfi eða í landi Fögrubrekku á Innnesi. Núverandi skólabygging í Heiðarskóla er ekki talin uppfylla kröfur nútímans gagnvart aðbúnaði og heilsuvernd. Uppbygging grunnskóla á Innnesi verður þó ekki hafin nema íbúafjölgun gefi tilefni til þess. Á sama hátt verður uppbygging leikskóla á Innnesi ekki hafin fyrr en íbúafjölgun gefi tilefni til þess. Þangað til munu leikskólinn Skýjaborg í Melahverfi og Heiðarskóli þjóna þeim hlutverkum. (Sjá nánar umfjöllun í köflum um þéttbýlin Innnes og Melahverfi).

SVÆÐI FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

VERSLUN- OG ÞJÓNUSTA	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Hótel Glymur í Saurbæjarhlíð – hótél- og veitingarekstur	15,0	VP1
Ferstikluskáli á Hvalfjarðarströnd – veitingar og bensínsala	2,0	VP2
Mótel Venus í Hafnarskógi – hótél- og veitingarekstur	0,3	VP3
Skessubrunnur í Tungu – veitingarekstur	0,3	VP4
Svæði umhverfis Botnsskála í Botnsdal – farið úr rekstri	3,1	VP5
Svæði við Hvalfjarðargöng – fyrirhuguð verslun og bensínafgreiðsla	1,0	VP6
Svæði við Hringveg (1) í landi Grafar – fyrirhuguð verslun og bensínafgreiðsla	1,4	VP7
Laxárbakki (sjá almenna umfjöllun)	1,0	VP8

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Uppbygging verslunar og þjónustu miðast aðallega við ferðamenn.
- Stefnt skal að bættu aðgengi hreyfihamlaðra þar sem því verður við komið.



MÓTEL VENUS Í HAFNARSKÓGI. ÞÞ.

ALMENN UMFJÖLLUN

Rekstur Botnsskála í Botnsdal var aflagður með tilkomu Hvalfjarðarganga 1998. Svæði verslunar og þjónustu við Hvalfjarðargöng (VP6) og við Hringveg (1) í landi Grafar (VP7) eru ekki deiliskipulögð. Önnur svæði sem upp eru talin í töflu hér að ofan eru skipulögð og í rekstri.

Lóð Laxárbakka er skilgreind sem blönduð landnotkun verslunar-, þjónustu- og íbúðasvæðis með heildarflatarmál að stærð 1 ha. Landnotkunin er ekki aðgreind frekar. Gert er ráð fyrir einu íbúðarhúsi til viðbótar á lóðinni, en ekki uppbyggingu að öðru leyti.

VALKOSTIR

Áratuga hefð er fyrir landnotkuninni *Verslun og þjónusta* umhverfis Botnsskála í Botnsdal og er þessi landnotkun skilgreind í Aðalskipulagi Hvalfjarðarstrandarhrepps 2002-2014. Þrátt fyrir að verslun sé nú lögð þar af er hægt að opna húsnæði fyrrverandi sölusála með lítilli fyrirhöfn. Auk þess hefur ekki komið fram tillaga að annarri landnotkun. Því þykir ekki rétt að breyta þessari landnotkun að svo stöddu.

Svæði VP6 er skilgreint í Aðalskipulagi Innri Akraneshrepps 2002-2014 og svæði VP7 í Aðalskipulagi Skilmannahrepps 2002-2014. Ekki hafa komið fram tillögur eða óskir að breyttri landnotkun. Þörf þykir á bensínafgreiðslu við Hringveg (1) innan marka sveitarfélagsins, þó ekki hafi verið tekin formleg ákvörðun um það hvor staðsetningin henti betur til uppbyggingar.

Fallið var frá þjónustureit landi Aðalvíkur sem var skilgreindur í Aðalskipulagi Skilmannahrepps.

SAMGÖNGUR

SKILGREINDAR SAMGÖNGUR Á SVEITARFÉLAGSUPPDRÆTTI

- Stofnvegir / fyrirhugaðir stofnvegir
- Tengivegir / fyrirhugaðir tengivegir
- Héraðsvegir / aðrir vegir
- Göngu- og reiðleiðir
- Undirgöng

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

VEGSAMGÖNGUR

- Úrbætur verði gerðar á samgöngumannvirkjum í Hvalfjarðarsveit sem miða að því að auka öryggi vegfarenda.

- Nýr vegur verði lagður milli Hvalfjarðarvegur og Grundartangavegar norðan iðnaðarsvæðisins við Grundartanga.
- Núverandi vegtenging Grundartangavegar við Hringveg (1) verði færð sunnar vegna breyttrar landnotkunar við iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæðið við Grundartanga.
- Vesturlandsvegur verði endurbættur í Hvalfjarðarsveit.
- Mislæg gatnamót eða hringtorg verði gert við Melahverfi.
- Hringvegur (1) verði 2+1 vegur, frá Hvalfjarðargöngum og að hringtorgi / mislægum gagnamótum við Melahverfi.
- Öryggi vegfarenda um sveitarfélagið verði aukið með því að draga úr áhrifum vinds, t.d. með gerð skjólbelta.
- Við hönnun vega skal leitast við að þeir falli vel að umhverfi.
- Unnið verði að endurbótum á vegum og vegamótum í samræmi við stefnumörkun og forgangs röðun sveitarstjórnar hverju sinni.

HVALFJARÐARGÖNG

- Stefnt skal að tvöföldun Hvalfjarðarganga á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

ALMENNIR STÍGAR OG EINKAVEGIR

- Byggt verði upp heildstætt kerfi göngu- og reiðleiða, sem og hjólreiðaleiða í sveitarfélaginu.
- Göngu- og reiðleiðir eru heimilar öllum vegfarendum öðrum en þeim sem eru á vélknúnum ökutækjum.
- Stefnt er að því að afmarka ákveðnar leiðir fyrir vélknúin hjól.
- Gerðir verði áningastaðir með upplýsingaskilti við upphaf og enda helstu göngu- og reiðleiða, sem og við áhugaverða staði í sveitarfélaginu, í samráði við nágrannasveitarfélög þar sem það á við.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

- Fagleg úttekt verði gerð á hagkvæmni almenningssamgangna í sveitarfélaginu.

ALMENN UMFJÖLLUN

VEGSAMGÖNGUR

Vegir í Hvalfjarðarsveit eru sem hér segir:

Vegheiti	Vegnúmer	Vegflokkur	Lengd (km)
Hringvegur	1	Stofnvegur	0,48
Hringvegur	1	Stofnvegur	10,93
Hringvegur	1	Stofnvegur	1,10
Hringvegur	1	Stofnvegur	11,64
Hringvegur	1	Stofnvegur	7,12
Hvalfjarðarvegur	47	Stofnvegur	13,71
Hvalfjarðarvegur	47	Stofnvegur	12,42
Akrafjallsvegur	51	Stofnvegur	6,20
Akrafjallsvegur	51	Stofnvegur	9,19
Grundartangavegur	506	Stofnvegur	2,46

Hagamelsvegur	5033	Stofnvegur	0,46
Svínadalsvegur	502	Tengivegur	15,00
Innnesvegur	503	Tengivegur	3,23
Melasveitarvegur	505	Tengivegur	11,68
Dragavegur	520	Tengivegur	12,30
Innrahólmsvegur	501	Héraðsvegur	3,10
Leirársveitarvegur	504	Héraðsvegur	6,63
Litlabotnsvegur	5001	Héraðsvegur	2,55
Þyrilsvegur	5002	Héraðsvegur	0,22
Ferstikluvegur 2	5003	Héraðsvegur	0,05
Brekkuvegur	5004	Héraðsvegur	0,11
Bjarteyjarsandsvegur	5005	Héraðsvegur	0,04
Hrafnabjargarvegur	5006	Héraðsvegur	0,41
Ferstikluvegur	5007	Héraðsvegur	0,06
Hlaðavegur	5008	Héraðsvegur	0,10
Saurbæjarvegur	5009	Héraðsvegur	0,51
Skólasetursvegur	5010	Héraðsvegur	0,55
Kalastaðavegur	5011	Héraðsvegur	0,16
Vatnaskógarvegur	5012	Héraðsvegur	1,84
Kalastaðakotsvegur	5013	Héraðsvegur	0,50
Hlíðarbæjarvegur	5014	Héraðsvegur	0,40
Eystra-Miðfellsvegur	5015	Héraðsvegur	0,58
Katanesvegur	5016	Héraðsvegur	1,62
Grafardalsvegur	5017	Héraðsvegur	5,98
Þórisstaðavegur	5018	Héraðsvegur	0,21
Geitabergsvegur	5019	Héraðsvegur	0,61
Kambshólsvegur	5020	Héraðsvegur	0,65
Bjarteyjarsandsvegur 2	5021	Héraðsvegur	0,09
Eyrarvegur	5022	Héraðsvegur	0,12
Hlíðarfótarvegur	5023	Héraðsvegur	0,38
Hólsvegur	5024	Héraðsvegur	0,27
Efra-Skarðsvegur	5025	Héraðsvegur	1,08
Ósvegur 3	5026	Héraðsvegur	0,05
Svarfhólsvegur	5027	Héraðsvegur	3,48
Hlíðarvegur	5028	Héraðsvegur	0,09
Galtarholtsvegur	5029	Héraðsvegur	0,82
Stóra-Lambhagavegur	5030	Héraðsvegur	0,40
Stóra-Lambhagavegur 2	5031	Héraðsvegur	0,09
Lambhagavegur	5032	Héraðsvegur	0,13
Litlu-Fellsaxlarvegur	5034	Héraðsvegur	0,18
Stóra-Lambhagavegur 4	5035	Héraðsvegur	0,11
Kjalardalsvegur	5036	Héraðsvegur	0,06

Arkarlæksvegur	5037	Héraðsvegur	0,47
Hvítanesvegur	5038	Héraðsvegur	0,82
Herdísarholtsvegur	5038	Héraðsvegur	0,19
Ósvegur	5039	Héraðsvegur	0,25
Grafarvegur	5041	Héraðsvegur	0,30
Einhamarsvegur	5042	Héraðsvegur	0,05
Innra-Hólmsvegur	5043	Héraðsvegur	0,40
Galtarlækjarvegur	5044	Héraðsvegur	0,28
Kirkjubólsvetur	5045	Héraðsvegur	0,08
Þaravallavegur	5046	Héraðsvegur	0,18
Gerðisvegur	5047	Héraðsvegur	0,02
Másstaðavegur	5048	Héraðsvegur	0,13
Glóruvegur	5049	Héraðsvegur	0,77
Skálatangavegur	5050	Héraðsvegur	0,11
Víkurvegur	5050	Héraðsvegur	0,16
Heynesvegur	5051	Héraðsvegur	0,13
Reynisvegur	5052	Héraðsvegur	1,37
Grafarvegur 2	5053	Héraðsvegur	0,05
Melhagavegur	5053	Héraðsvegur	0,17
Kjaransstaðavegur	5054	Héraðsvegur	0,14
Yrta-Hólmsvegur	5055	Héraðsvegur	0,18
Akrakotsvegur	5056	Héraðsvegur	0,27
Lindásvegur	5057	Héraðsvegur	0,30
Hamarsvegur	5058	Héraðsvegur	0,08
Fögrubrekkuvegur	5059	Héraðsvegur	0,06
Sólvallavegur	5060	Héraðsvegur	0,10
Ytra-Hólmsvegur	5061	Héraðsvegur	0,05
Eystri-Leirárgarðavegur 1	5062	Héraðsvegur	0,03
Vogatunguvegur	5063	Héraðsvegur	0,15
Leirárgarðavegur	5064	Héraðsvegur	0,72
Heiðarskólavegur	5065	Héraðsvegur	0,72
Kennarabústaðarvegur	5066	Héraðsvegur	0,16
Heiðarborgarvegur	5067	Héraðsvegur	0,15
Leirárvegur	5068	Héraðsvegur	0,02
Melkotsvegur	5069	Héraðsvegur	0,65
Hávarðsstaðavegur	5069	Héraðsvegur	0,04
Neðra-Skarðsvegur	5070	Héraðsvegur	0,90
Eystri-Leirárgarðavegur 2	5071	Héraðsvegur	0,02
Steinholtsvegur	5072	Héraðsvegur	0,15
Lækjarvegur	5073	Héraðsvegur	0,13
Lyngholtsvegur	5074	Héraðsvegur	0,10
Lyngholtsvegur 1	5074	Héraðsvegur	0,27

Skipanesvegur	5075	Héraðsvegur	0,54
Eystri-Leirárgarðavegur 3	5076	Héraðsvegur	0,03
Geldingaárvegur	5077	Héraðsvegur	0,97
Skorholtsvegur	5078	Héraðsvegur	0,07
Bakkavegur	5079	Héraðsvegur	0,49
Ásvegur	5080	Héraðsvegur	0,12
Eystra-Súlunesvegur 1	5081	Héraðsvegur	0,08
Melaleitisvegur	5082	Héraðsvegur	0,21
Belgsholtsvegur	5083	Héraðsvegur	0,10
Fiskilækjarvegur	5084	Héraðsvegur	0,14
Silfurbergsvegur	5085	Héraðsvegur	0,34
Ölversvegur	5086	Héraðsvegur	1,28
Hafnarvegur	5087	Héraðsvegur	0,75
Venusarvegur	5090	Héraðsvegur	0,70

VEGIR Í HVALFJARÐARSVEIT. (VEGAGERÐIN, 2009).

Lengd vega er eftirfarandi:

SAMGÖNGUR	LENGD	TILVÍSUN
Stofnvegir	75,71 km	SV
Tengivegir	60,19 km	TV
Héraðsvegir	51,37 km	—
Göngu- og reiðleiðir	-	-

LENGD VEGA Í HVALFJARÐARSVEIT. (VEGAGERÐIN, 2009).

Samhliða gerð aðalskipulagsáætlunar var gerð úttekt á sjö vegamótum innan Hvalfjarðarsveitar með tilliti til öryggis og/eða afkastagetu þeirra. Skoðuð var slysatíðni, athugasemdir við gatnamótin og þróun umferðar. Niðurstaðan var sú að á fjórum vegamótanna sé aðgerða brýn þörf, en að sums staðar geti úrbætur á vegköflum á milli vegamóta gert meira gagn en úrbætur á vegamótunum sjálfum. (VSÓ, 2007).

HVALFJARÐARGÖNG

Stjórn Spalar ehf. hefur í samvinnu við Vegagerðina hafið undirbúning að nýjum göngum, þar sem ætla má að ekki verði lát á stöðugri umferðaraukningu um göngin sem hefur farið fram úr öllum umferðarspám. Ný göng liggja samsíða núverandi göngum. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar um að ekki þurfi umhverfismat framkvæmda vegna nýrra ganga.



HVALFJARÐARGÖNG. ÞÞ.

ALMENNIR STÍGAR OG EINKAVEGIR

Til þess að hægt sé að ná fram heildstæðu kerfi reiðleiða á landinu öllu er nauðsynlegt að í hverju sveitarfélagi sé til framtíðaráætlun um reiðleiðir. Í vegalögum (80/2007), 26. gr. segir: „Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra reiðstíga samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.“ Brýnt er að samræmi verði milli áætlana um reiðvegi og skipulagsáætlana sveitarfélaga. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að lega reiðvega sé ákveðin í aðalskipulagi. Samkvæmt gildandi reglum er fjármunum til reiðvegagerðar af hálfu hins opinbera aðeins úthlutað ef reiðvegir eru tilgreindir í skipulagsáætlun.

Æskilegt er að aðskilnaður reiðvega og umferðar vélknúinna ökutækja sé sem mestur, en þar sem því verður ekki við komið verður að leggja áherslu á öryggisþátt vegfarenda. Þar sem lágmarksfjarlægðir frá þjóðvegi nást ekki við núverandi aðstæður skal leitast við að finna reiðleiðinni annan stað fjær akvegi, eða tryggja öryggi bíla- og hestaumferðar með merkingum eða öðrum ráðstöfunum. Áður en komið er að svæðum þar sem rekstur hrossa er bannaður skal stefnt að því að reisa áningarhólf, 300-400m² að stærð.

Í leiðbeiningariti Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga eru settar fram viðmiðunartölur um þá lágmarksfjarlægð sem reiðvegir skulu vera frá vegum og öðrum mannvirkjum.

MANNVIRKI	RÝMISÞÖRF (M)
Landsvegir	5,0
Rafmagnsgirðing, árbakki, djúpur skurður	2,5
Byggingar, skilti, girðing, skurður	1,5

VIÐMIÐUNARTÖLUR UM LÁGMARKSFJARLÆGD FRÁ REIÐVEGUM. (VEGAGERÐIN OG LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA, 2003).

Þar sem fyrirhugað er að byggja reiðvegi innan helgunarsvæða þjóðvega ber að hafa samráð við Vegagerðina um legu og frágang þeirra. Leggja skal áherslu á að reiðleiðir þveri þjóðvegi sem minnst og liggja utan vegsvæða þar sem slíkt er mögulegt. Þar sem fyrirhugað er að leggja göngustíga og/eða reiðvegi á friðlýstum svæðum, svæðum sem eru á náttúruvinjaskrá, eða svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999) ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Nauðsynlegt er að göngufólk afli sér upplýsinga um gönguleiðir sem liggja um varplönd fugla. Tímabundnar takmarkanir geta verið á umferð vegna friðlýsingar sýslumanns.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Sett er fram stefnumörkun um almenningssamgöngur í aðalskipulagsáætlun í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem kveður á um að unnin verði áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélögin, með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabílinn. Landfræðileg lega sveitarfélagsins er góð m.t.t. höfuðborgarsvæðisins og ætti það að styðja við uppbyggingu almenningssamgangna.

Pó ber að nefna að árið 2008 var gerð tilraun til samvinnu sveitarfélaganna Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Reykjavíkur um reglulegar ferðir Strætó á landsvæði þeirra. Hún þykir ekki hafa borið góðan árangur, sér í lagi vegna lágs hlutfalls þeirra sem nýttu sér ferðirnar.

VALKOSTIR

VEGUR YFIR GRUNNAFJÖRÐ

Í aðalskipulagsáætlunum Skilmannahrepps og Leirár- og Melahrepps var gert ráð fyrir lagningu vegar um Grunnafjörð, þar sem sú hugmynd hafði lengi verið baráttumál í þágu bættra samgangna á Vesturlandi. Athugasemdir komu við tillögunni frá hvorri tveggja Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun þar sem Grunnafjörður er á Ramsarsvæði og samkvæmt rannsóknnum gæti vegur um hann valdið skaða á lífríki. Sá hluti aðalskipulaganna sem sneri að veglagningu yfir ós Grunnafjarðar var ekki staðfestur af umhverfisráðherra. Að áliti Vegagerðarinnar er uppbygging núverandi vegstæðis Hringvegar (1) um Hvalfjarðarsveit ýmsum vandkvæðum háð, m.a. sökum lítils landrýmis, fjölda tenginga og nálægðar við byggð (VSÓ, 2009). Í kjölfar ákvörðunar umhverfisráðherra ákvað Vegagerðin að afla frekari upplýsinga um möguleg umhverfisáhrif veglagningar yfir Grunnafjörð. Tilgangur þeirrar vinnu er að leggja mat á helstu umhverfisáhrif af þessari veglagningu m.a. með hliðsjón af áliti Umhverfisstofnunar. Greinargerð með niðurstöðum úttektarinnar leit dagsins ljós í júní 2009 og nefnist *Þverun Grunnafjarðar - Greinargerð um helstu umhverfisáhrif* (VSÓ, 2009). Þar er leitast við að svara hvort það geti verið ásættanlegt m.t.t. umhverfisáhrifa að ráðast í vegagerð sem þverar Grunnafjörð. Vegagerðin kemur fram með tillögu að nýrri veglínu, u.þ.b. 9 km langri og yrði hún hluti Hringvegar (1). Sú veglína fer yfir friðland og Ramsarsvæði á tveimur stöðum, en ekki um leirur. Svigrúm er, samkvæmt greinargerðinni, til að færa veglínu út fyrir verndarsvæðið. Niðurstaðan í greinargerðinni er sú að nýr Hringvegur um Grunnafjörð sé raunhæfur kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða.



MYND 5: TILLAGA VEGAGERÐARINNAR AÐ VEGLÍNU YFIR GRUNNAFLJÖRDUR. (VSÓ, 2009).

Sveitarstjórn hefur ekki tekið afstöðu til greinargerðarinnar og ákveðið var að hreyfa ekki við hugmyndinni í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, m.a. til að valda ekki töfum á samþykkt áætlunarinnar. Órökrétt þykir einnig að koma aftur fram með tillöguna í því efnahagsástandi sem nú ríkir á Íslandi, sem vekur ekki vonir um að af framkvæmdinni yrði á skipulagstímabilinu. Mat sveitarstjórnar er að hagkvæmast sé að endurbæta Hringveg (1) á núverandi stað.

AÐRAR VEGSAMGÖNGUR

Í skýrslu um úrbætur á vegamótum kemur fram sú skoðun að vænlegt verður að teljast að tvöfalda hringtorg við Hvalfjarðargöng (VSÓ, 2007).

Tillaga kom að nýrri veglínu meðfram Melahverfi í deiliskipulagstillögu að hverfinu. Vegagerðin mótmælti þeirri tillögu vegna þrengingar og tillaga að veglínunni vestar var lögð fram og samþykkt.

HVALFJARÐARGÖNG

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar óskaði eftir því við stjórn Spalar að við tvöföldun ganganna yrði lega nýs munna til norðausturs. Það hefði í för með sér allt að 3 km styttingu Hringvegar (1), sem væri þjóðhagslega hagkvæmt. Spökur rökstyður legu nýrra ganga og munna þeirra samsíða fyrri göngum með þeim orðum að við fyrri ákvörðun um legu ganganna hefðu jarðfræði- og tæknileg atriði ráðið mestu. Einnig með því að þessi lega uppfylli allar öryggiskröfur sem gerðar eru til nýrra gangna í dag, að auki þurfi ekki að fara í umhverfismat vegna tvöföldunarinnar liggi göngin samsíða alla leið. Meirihluti sveitarstjórnar fellst á þessi rök.

ALMENNIR STÍGAR OG EINKAVEGIR

Uppi voru hugmyndir um að skilgreina einnig hjólréiðaleiðir inn á göngu- og reiðleiðakort. Fallið var frá því að svo stöddu vegna mikils umfangs þeirrar vinnu og ákveðið þess í stað að endurbæta og yfirfara göngu- og reiðleiðakortið frá eldri skipulagsáætlunum.

Umræða varð um fjölda reiðleiða, en þeim fjölgað frá eldri aðalskipulagsáætlunum. Sú stefnumörkun er einkum sett fram til að koma í veg fyrir að ótroðnar slóðir séu nýttar til reiðmennsku. Þetta er einnig leið til að halda gömlum þjóðleiðum við og ná fram heildstæðu reiðleiðakerfi á Íslandi.

VEITUR

SKILGREINDAR VEITUR Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

Veitur	Tilvísun
Vatnsveita	(V)
Hitaveita	(H)
Rafveita	(R)
Fjarskiptaveita - Sími	(S)
Fjarskiptaveita -	(L)
Fjarskiptamastur	(F)
Endurvarpstöð	(E)
Vindmylla	(M)

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

VATNSVEITA

- Helgunarsvæði vatnsveitna sé 2m beggja vegna lagnar.

HITAVEITA

- Helgunarsvæði hitaveitna sé 2 m beggja vegna lagnar.
- Helgunarsvæði hitaveitu HAB frá Deildartungu í Reykholtssdal að Akranesi sé 7,5 m beggja vegna lagnar. Heimilt er þó að leggja reiðveg innan helgunarsvæðis liggja fyrir samþykki HAB.
- Stefnt skal að því að hitaveita verði lögð að öllum íbúðarhúsum í sveitarfélaginu

RAFVEITA

- Stefnt skal að því að háspennulínur verði ekki fjölgað í sveitarfélaginu; frekar verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.
- Háspennulínur sem koma inn í sveitarfélagið að austanverðu og liggja að Brennimel liggja samsíða Sultartangalínu 3 að eins miklu leyti og mögulegt er eða þær lagðar í jörð.
- Standi til að reisa mannvirki í nágrenni háspennulínu þarf að reikna út öryggisfjarlægð í hverju tilviki fyrir sig.
- Helgunarsvæði 66 kV háspennulínu sé 25 m í heildina.
- Helgunarsvæði 132 kV háspennulína sé 35-45 m í heildina.
- Helgunarsvæði 220 kV háspennulína sé 65-85 m í heildina.
- Helgunarsvæði 400 kV háspennulína sé 75-90 m í heildina.
- Vatnsaflsvirkjanir með rafafli að hámarki 200 kW eru heimilar á skilgreindum landbúnaðarsvæðum, að undanskildum þeim svæðum sem eru á náttúruminjaskrá eða falla undir ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd.

FJARSKIPTI

- Uppsetning fjarskiptasenda og endurvarpsstöðva er heimil á eftirtöldum landnotkunarreitum: landbúnaðarsvæðum, svæðum fyrir frístundabyggð, og opnum svæðum til sérstakra nota, hafnarsvæðum, athafna- og iðnaðarsvæðum.
- Helgunarsvæði stofnkerfa fjarskiptastrengja sé 2 m beggja vegna lagnar.
- Stuðlað verði að bættu farsímasambandi í sveitarfélaginu.
- Stuðlað verði að bættu netsambandi í sveitarfélaginu.
- Gæta þarf að sjónrænum áhrifum fjarskiptasenda

FRÁVEITA

- Eldri rotprær í sveitarfélaginu skulu sameinaðar eins og kostur er.
- Tæming rotpróa verði reglubundin.
- Leitað verði lausna til að fullhreinsa fráveitu í sveitarfélaginu.

ALMENN UMFJÖLLUN

Velflestir bæir fá kalt neysluvatn úr sínum eigin vatnsbólum. Vatnsveita fyrir Grundartanga liggur frá Tungu og Hlíðarfæti í Svínadal að Grundartanga. Melahverfi hefur hingað til nýtt vatn úr þessari vatnsveitu, en öflun meira vatns er forsenda fyrir því að hægt sé að stækka þéttbýlið í Melahverfi og koma upp iðnaðar- og athafnalóðum á svæði Faxaflóahafna við Grundartanga. Vatnsból vatnsveitu fyrir Akranes er við Akrafjall. Þaðan er tekið neysluvatn fyrir Akranes og á nokkra bæi.

Borað hefur verið eftir heitu vatni á nokkrum stöðum þar sem ekki var merkjanlegur jarðhiti á yfirborði fyrir, í landi Hrafnabjarga, í landi Miðsands, Kambshóls, Eyrar, Geldingaár og víðar.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) á að tilkynna smávirkjanir með uppsett afl 100 kW og stærri til Skipulagsstofnunar til úrskurðar um matsskyldu. Einnig skal tilkynna stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með 200 kW uppsett rafafli eða meira.



TENGVIRKI BRENNIMEL. ÞÞ.

VALKOSTIR

Stofnsamningur um Vatnsveitufélag Hvalfjarðar, sameignarfélag Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna, var undirritaður í maí 2008. Markmið félagsins er að vinna að virkjun vatns úr landi Leirárgarða og Geldingaár og flutningi þess að Melahverfi og Grundartanga. Valkostur er að byggja upp

vatnsveitu úr Bugalæk og inn á Grundartangasvæðið og að sú lega fylgi þjóðvegi að mestu leyti.

Valkostur var að heimila nýtingu á vind- og sólarorku til raforkuframleiðslu, með hámarks uppsettu rafafli vindorku 2 mW á landbúnaðarsvæðum. Við nánari athugun er ljóst að Hvalfjarðarsveit er ekki kjörsvæði fyrir virkjun orku af þessu tagi, þar sem undirlendi er þar hverfandi lítið. Fjölmargar rannsóknir og niðurstöður mats á umhverfisáhrifum af virkjun vindorku í Danmörku og í Noregi sýna fram á að sjónmengun af háum mannvirkjum sem vindmyllum er hvað mest í landslagi eins og því sem er ríkjandi í Hvalfjarðarsveit (fjörður, fjöll, lítið undirlendi). Því var fallið frá þessum valkosti. Sú stefnumörkun er þó ekki afturvirk.

FRÍSTUNDAÞYGGÐ

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

FRÍSTUNDAÞYGGÐASVÆÐI	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Bakki	13,1	F1a
	20,6	F1b
Beitistaðir	27,4	F2a
	16,0	F2b
	27,1	F2c
Belgsholt	46,9	F3
Bjarteyjarsandur	55,3	F4
Brekka	32,8	F5a
	25,6	F5b
Efra-Skarð	42,5	F6
Eyri	151,0	F7a
	12,4	F7b
Eystra-Miðfell	49,9	F8
Eystri-Reynir	3,9	F9
Vestri-Reynir	31,2	F10
Ferstikla	19,7	F11
Galtarholt	11,4	F12
Galtarvík	14,5	F13
Glamastaðir	23,7	F14
Grafardalur	46,7	F15
Gröf	15,9	F16
Hafnarsel	8,7	F17
Hlíðarfótur	41,4	F18a
	22,1	F18b
Höfn I	161,1	F19a
	29,2	F19b
	15,0	F19c
	3,2	F19d

	16,4	F19e
Höfn II	4,9	F20a
	3,8	F20b
	8,8	F20c
	15,2	F20d
	2,0	F20e
	3,3	F20f
	2,3	F20g
	8,4	F20h
Kalastaðakot	79,5	F21a
	10,0	F21b
	6,6	F21c
Kalastaðir	32,4	F22a
	121,6	F22b
Kambshóll	78,8	F23a
	11,4	F23b
Kúludalsá	1,5	F24a
	1,4	F24b
	4,4	F24c
	23,9	F24d
	18,4	F24e
Leirá	34,5	F25
Litla-Fellsöxl	11,7	F26a
	23,4	F26b
	11,7	F26c
Litli-Botn	33,2	F27a
	44,5	F27b
Melkot	142,2	F28
Narfastaðir	200,1	F29a
	34,4	F29b
	43,2	F29c
	5,5	F29d
Skorholt	2,4	F30a
	3,8	F30b
Stóri-Botn	10,6	F31a
	40,1	F31b
Stóri-Lambhagi II	4,7	F32
Svarfhóll	148,2	F33
Tunga	38,0	F34
Vestra-Miðfell	4,0	F35
Þórisstaðir	76,4	F36
Hrafnabjörg	24,8	F37

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Samfelld frístundabyggðasvæði séu skipulögð í heild sinni en ekki í mörgum áföngum ef mögulegt er. Ef áfangaskipting verður óumflýjanleg taki síðari áfangar mið af meginstefnu í fyrri áfanga eða áföngum. Skilgreina skal í upphafi hver er meginstefna frístundabyggðasvæðis innan hvernar jarðar.
- Við uppbyggingu frístundabyggða sé lögð áhersla á að byggð falli sem best að umhverfi.
- Fyrir utan skilgreind svæði fyrir frístundabyggð er ekki gert ráð fyrir frístundahúsum á öðrum landnotkunarreitum að undanskildum landbúnaðarsvæðum, fari fjöldi þeirra ekki yfir þrjú hús á hverri jörð og/eða lögbýli.
- Skipulags- og byggingarskilmálar deiliskipulags fyrir nýjar frístundabyggðir skulu vera skýrir og stuðla að samræmi í heildaryfirbragði byggðar.
- Þéttleiki byggðar í nýjum frístundabyggðasvæðum sé ekki meiri en 2,5 frístundahús að meðaltali á hvern hektara. Á frístundabyggðasvæðum sem eru á náttúruminjaskrá skal þéttleiki ekki vera meiri en 2 frístundahús á hvern hektara.
- Nýtingarhlutfall einstakra frístundalóða, án sameiginlegra svæða, má að hámarki vera 0,05 að brúttóflatarmáli.
- Þegar deiliskipulag er gert fyrir ný frístundabyggðasvæði skal gert ráð fyrir rúmum svæðum fyrir gönguleiðir, hjóltreiddaleiðir, reiðleiðir og útivist og tryggja aðgengi að vatnsföllum, vötnum og sjó þar sem slíkt á við.
- Tryggja þarf að röskun vegna framkvæmda við uppbyggingu frístundabyggða verði haldið í lágmarki á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og þar sem náttúrulegur birkiskógur vex.
- Gróðursetning trjáplantna sem ekki tilheyra íslenskri flóru er óheimil á frístundabyggðasvæðum þar sem náttúrulegur birkiskógur vex.
- Vegir á svæðum fyrir frístundabyggð skulu lagðir samsíða hæðarlínunum eins og kostur er í hallandi landi og skulu hafa 10 tonna öxulpunga að lágmarksburðargetu.
- Miða skal við að samnýta aðkeyrslur, veitulagnir og rotþrær á nýjum frístundabyggðasvæðum.
- Heimilt er að staðsetja sorpgáma á svæðum fyrir frístundabyggð.
- Uppsetning fjarskiptasenda og endurvarpsstöðva er heimil á frístundabyggðasvæðum. Ljósgráfar, sjónvarpsmóttakarar og fleiri þannig tæki skulu staðsett á lítt áberandi hátt.
- Skýlt er að hafa samráð við Siglingastofnun varðandi lágmarksgólfhæð bygginga þar sem ástæða þykir til vegna landbrots og hækkandi sjávarstöðu.
- Heimilt er að endurbyggja gömul frístundahús sem eru innan 50 metra frá vatnsbakka (ár, vötn og sjór) ef grunnflötur fer ekki upp fyrir þá stærð sem fyrir var og mænishæð húss fer ekki upp fyrir þá hæð sem fyrir var.
- Við skipulag frístundabyggða skal virða helgunarsvæði háspennulína og tryggja að byggingarlóðir verði ekki skipulagðar innan þess svæðis. Jafnframt skal tryggja greiðan aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. Um getur verið að ræða ýmis vélknúin farartæki, allt eftir eðli verkefna hverju sinni.

- Innan þynningarsvæðis stóriðjunnar við Grundartanga er ekki heimil ástundun heynytja, akuryrkju eða beitar á túnum.



FRÍSTUNDBYGGÐ - ÖLVER. ÞÞ.

ALMENN UMFJÖLLUN

Svæði sem frátekið er undir frístundabyggð er samtals að stærð 2355 ha, eða tæp 5% af heildarflatarmáli Hvalfjarðarsveitar. Uppbygging er hafin á tæplega helmingi þess svæðis, en uppbygging er misjafnlega á veg komin eftir frístundabyggðum. Sé talið í lóðum eru nú skipulagðar samtals 900 lóðir í Hvalfjarðarsveit, en þar af eru u.þ.b. 300 lóðir uppbyggðar.

Á sveitarfélagsuppdrætti má sjá afmörkun þynningarsvæðis vegna stóriðjunnar á Grundartanga. Takmarkanir eru á landnotkun innan þess. Í úrskurði Skipulagsstofnunar vegna stækkunarinnar, dags. 27. maí 2002 segir: „Fram kemur að innan þynningarsvæðis megi gera ráð fyrir að mengunarefni í gróðri fari upp fyrir umhverfismörk og geti jafnvel verið skaðleg gróðri og dýrum. Almenn miði Hollustuvernd ríkisins við að ekki skuli stundaður hefðbundinn landbúnaður, heynytjar eða beit innan þynningarsvæðis stóriðju“. Þetta hefur í för með sér að varhugavert er að rækta grænmeti til manneldis í frístundabyggð Galtarvíkur (F13). Ennfremur segir að mælt sé með því að landbúnaður og aðrar nytjar verði ekki stundaður innan svæðis þar sem búast megi við því að styrkur loftborins flúoríðs fari yfir $0,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$, sem séu lægstu skaðsemismörk fyrir viðkvæmustu grasbíta. Sjá ennfremur almenna umfjöllun í kafla um iðnaðarsvæði.

VALKOSTIR

Svæði undir frístundabyggð minnkar frá gildandi aðalskipulagsáætlunum Hvalfjarðarsveitar úr 2740 ha í 2355 ha. Þar með falla u.þ.b. 110 ha sem voru fráteknir undir frístundabyggð aftur undir landbúnaðarsvæði og opið svæði til sérstakra nota.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Höfn – tjaldstæði, ferðaþjónusta, útivistarsvæði	60,0	O1
Höfn – viti við Þjófakletta	0,2	O2
Höfn – svæði fyrir gæludýragrafreiti	1,0	O3

Höfn – tjaldstæði, ferðapjónusta, húsbílaaðstaða	18,5	O4
Höfn – sumarbúðir KFUK við Ölver - útivistarsvæði	7,0	O5
Belgsholt - svæði fyrir golfvöll, útivistarsvæði	53,0	O6
Leirá - Leirárkirkjugarður	0,3	O7
Lyngholt - útivistarsvæði	11,3	O8
Vogatunga - útivistarsvæði	81,2	O9
Stóra-Fellsöxl - útivistarsvæði, skógræktarsvæði	190,0	O10
Grundarteigur - útivistarsvæði, skógræktarsvæði	23,4	O11
Klafastaðir/Grundartangi - skógræktarsvæði	72,0	O12
Katanes/Grundartangi - skógræktarsvæði	11,0	O13
Eystra-Miðfell - svæði fyrir golfvöll	25,0	O14
Kalastaðakot – tjaldstæði, ferðapjónustusvæði	5,8	O15
Kalastaðir - skógræktarsvæði	186,0	O16
Tunga - tjaldstæði, ferðapjónustusvæði	1,2	O17
Eyri – hestaíþróttaaðstaða, reiðvöllur	1,0	O18
Saurbær – útivistarsvæði, skógræktarsvæði	136,0	O19
Saurbær - Saurbæjarkirkjugarður	1,0	O20
Saurbær – útivistarsvæði, tjaldstæði, íþróttavöllur	341,4	O21
Saurbær – búðir KFUM í Vatnaskógi, útivistarsvæði	250,0	O22
Kambshóll – siglingaaðstaða við Eyrarvatn	0,5	O23
Kambshóll - útivistarsvæði	43,0	O24
Þórisstaðir – golfvöllur, tjaldstæði, siglingaaðstaða	61,4	O25
Þórisstaðir – útivistarsvæði, skógræktarsvæði, tjald- og smáhýsasvæði	80,4	O26
Grafardalur/Dragháls - beitarlaust svæði, skógrækt	1376,0	O27
Bjarteyjarsandur – siglingaaðstaða við Hvalfjörð	0,5	O28
Bjarteyjarsandur – tjaldstæði, ferðapjónustusvæði	0,5	O29
Innri-hólmur - Innri-Hólmskirkjugarður	0,2	O30
Miðgarður - íþróttavöllur	0,3	O31
Ós – svæði fyrir golfvöll	26,8	O32
skotfimisvæði Akraneskaupstaðar úr landi Óss	16,7	O33
skógræktarsvæði Akraneskaupstaðar úr landi Óss	30,0	O34

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Staðsetning sorpgáma, fjarskiptasenda og endurvarpsstöðva er heimil á opnum svæðum til sérstakra nota.

- Stefnt skal að bættu aðgengi hreyfihamlaðra á opnum svæðum til sérstakra nota þar sem því verður við komið.



STRAUMEYRI OG HÁUMELASKÓGUR. ÞÞ.

ALMENN UMFJÖLLUN

Miklir útivistarmöguleikar eru innan sveitarfélagsins. Svæði í landi Grafardals og Dragháls er áberandi stærst skilgreindra opinna svæða til sérstakra nota. Á hluta svæðisins er stunduð skógrækt en að öðru leyti er reiknað með sjálfsáningu birkis. Fjögur svæði eru yfir 100 hektarar að stærð, skógræktarsvæði á Kalastöðum, útivistarsvæði á Stóru-Fellsöxl og í Saurbæ, ásamt útivistarsvæði og búðum KFUM í Vatnaskógi, landi Saurbæjar.

Á Þórisstöðum, í Vatnaskógi og á svæðunum við Mótél Venus og Ölver fellur starfsemi að vissu leyti undir þjónustu. Í skipulagsreglugerð (1.3 skilgreiningar) segir m.a.: *“Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks í 4. kafla. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.”* Með tilliti til þessa er þjónusta í tengslum við þá starfsemi sem fyrir er heimil í litlum mæli á Þórisstöðum, í Vatnaskógi og öðrum opnum svæðum til sérstakra nota. Sumarbúðirnar við Ölver eru sjálfseignarstofnun sem starfar í nánnum tengslum við KFUM og KFUK.

VALKOSTIR

Eitt nýtt opið svæði til sérstakra nota bætist við, Saurbæjarhlíð, en þar breytist skilgreining á 306 ha svæði úr frístundabyggð í opið svæði til sérstakra nota.

ATHAFNASVÆÐI

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

ATHAFNASVÆÐI	STÆRÐ	TILVÍSUN
Ferstikla - Stiklur	0,6	A1
Skipanes - vélaverkstæði	1,0	A2
Litla-Fellsöxl	1,6	A3
Höfn - áhaldahús	0,4	A4
Laxá – lóð til framtíðarnota (sjá almenna umfjöllun)	0,7	A5
Ytri-Hólmur – vatnstankur og sandsíuhús	0,4	A6

Athafnasvæði við Grundartanga – vestra (sjá almenna umfjöllun)	199,0	A7
Athafnasvæði við Grundartanga - eystra	124,0	A8
Athafnasvæði til framtíðarnota á Stóru – Fellsöxl (sjá almenna umfjöllun)	37,0	A9
Litli-Sandur	15,3	A10

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Á athafnasvæðum er heimilt að byggja ný mannvirki í tengslum við þá starfsemi sem fyrir er á svæðunum.
- Nýtingarhlutfall (grunnflötur fasteignar/flatamál lóðar) einstakra athafnalóða má að hámarki vera 0,5.
- Ávallt skal beita bestu fánlegu tækni til að draga úr mengun frá athafnasvæðum t.d. vegna loft-, hávaða- og rykmengunar. Umhverfisásýnd athafnasvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.
- Heimilt er að staðsetja sorpgáma og reisa fjarskiptasenda og endurvarpsstöðvar á athafnasvæðum.
- Ljósnotkun á athafnasvæði við Grundartanga sé takmörkuð við nauðsynlegan öryggisútbúnað. Ljósgjafi skal hulinns eins og kostur er þannig að lýsing takmarkist við öryggissvæði.
- Mótvægisáðgerðir vegna umhverfisáhrifa á athafnasvæði við Grundartanga - vestra (A7) skulu tilteknar í greinargerð deiliskipulagsáætlunar. Er hér nánar tiltekið átt við m.a. áhrif á vistkerfi, sem og ásýnd og sjónræn áhrif vegna uppbyggingar mannvirkja, lýsingu svæðis og efnistöku, bæði á landi og úr sjó.
- Gera skal grein fyrir vöktunaráætlun ofangreindra umhverfispáttá í greinargerð deiliskipulags.

ALMENN UMFJÖLLUN

Á Stiklum er vélaverkstæði vinnuvéla með starfsleyfi til janúar 2015. Athafnalóð við Laxá er til framtíðarnota - ekki hefur verið ákveðið um notkun hennar.

Athafnasvæði vestra við Grundartanga er hluti af fyrirhugaðri uppbyggingu vegna stækkunar Grundartangahafnar. Hluti athafnasvæðisins, eða 24 ha reitur sem að mestu leyti er fyrirhuguð landfylling vegna stækkunar hafnarinnar, er í raun blönduð landnotkun athafnasvæðis og hafnarstarfsemi samkvæmt skilgreiningum skipulagsreglugerðar. Landnotkun reitsins er ekki aðgreind frekar í aðalskipulagi.¹ Þar sem landnotkun við Grundartanga tekur mið af jarðamörkum ber að nefna að jarðamörk í aðalskipulagsáætlun eru birt með fyrirvara um nákvæmni.

Á Stóru-Fellsöxl (A11) er svæði blandaðrar landnotkunar efnistöku- (E28) og athafnasvæðis (A11). Svæðið er samtals 37 ha að stærð. Ekki hefur verið ákveðið hvers konar athafnastarfsemi muni vera á svæðinu.

VALKOSTIR

Heildarflatarmál athafnalóða er 351,4, þar af eru 319 ha skilgreindir við Grundartanga. Valkostur var að heildarflatarmál yrði 372,3 ha, eins og auglýst tillaga gerði ráð fyrir vegna umhverfissjónarmiða. Hún miðaði við að 17,8 af skilgreindu iðnaðarsvæði I3 á Mið-Sandi væru skilgreindir sem athafnasvæði og að athafnasvæði A10, Litla-Sandi væri 3,1 ha stærri.²

¹ Sjá ennfremur kaflann: Hafnarsvæði.

² Sjá ennfremur kaflann: Iðnaðarsvæði - valkostir.

LANDBÚNAÐUR

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

Allt sveitarfélagið að frádregnum öðrum landnotkunarflokkum. Innan landbúnaðarsvæða eru skilgreindar svonefnd *smábýlabyggðir*. Þau svæði sem skilgreind eru undir þann landbúnaðarflokk eru eftirfarandi:

HEITI JARÐAR	STÆRÐ	TILVÍSUN
Höfn	25,7	B1
Ós	7,6	B2
Hafsteinsstaðir	15,8	B3
Leirá	8,5	B3
Leirá	2,0	B4
Lyngholt	40,8	B6
Lambhagi	10,0	B7

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

- Á landbúnaðarsvæðum er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu íbúða- eða frístundasvæða en orðið er og stefnt skal að landnýtingaráætlun á sem flestum bújörðum í sveitarfélaginu.
- Grófflokkun ræktanlegs lands til matvælaframleiðslu liggur fyrir. Stefnt sé að nánari flokkun og stefnumörkun þess með tilliti til eiginleika þess og stuðlað að því að óafturkræf landnotkun fari fram utan þess eftir því sem kostur er.
- Miða skal að því að hreinsibúnaður af bestu fánlegu tækni verði settur upp vegna útblásturs í þaueldisbúum með meira en 1.000 stæði fyrir alisvín yfir 30 kg, 300 gyltur, 30.000 stæði í kjúklingaframleiðslu, 20.000 stæði í eggjaframleiðslu, 350 kýr í mjólkurframleiðslu, 500 gripir yfir 100 kg í nautakjötsframleiðslu, 3.500 gripir í sauðfjárrækt, 2.000 refalæður eða 5.000 minkalæður.
- Bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun frá þaueldisbúum, þar á meðal vegna loft-, hávaða- og rykmengunar. Umhverfisásýnd slíkra búa skal ávallt vera til fyrirmyndar.
- Á lögbýli sem er að lágmarki 70 ha er heimilt að standi allt að 4 íbúðarhús og allt að 3 frístundahús, enda sé stefnt að því að fráveita og aðkomuvegur sé samnýtt og ekki sé spillt góðu landbúnaðarlandi til framtíðarnota. Viðmiðanir um fjölda íbúðar- og frístundahúsa á jörð undir 70 hekturum að stærð:

	LAND > 70 HA	LAND 60- 70 HA	LAND 50- 60 HA	LAND 40- 50 HA	LAND 30- 40 HA	LAND 20- 30 HA	LAND <20 HA
Tegund og fjöldi bygginga á jörðum	7	6	5	4	3	2	1
Heildarfjöldi íbúðar- og frístundahúsa	4	4	4	4	3	2	1
Hámarksfjöldi íbúðarhúsa (ekkt frístundahús)	3	3	3	3	2	1	0
Hámarksfjöldi frístundahúsa (a.m.k. 1 íbúðarhús)	3	3	3	3	3	2	1

REGLUR UM FJÖLDA ÍBÚÐAR- OG FRÍSTUNDAHÚSA Á JÖRÐUM.

- Þegar fleiri en tvö íbúðarhús eru ráðgerð á sama lögbýli skal deiliskipuleggja svæði sem nær yfir öll íbúðarhúsin og aðkomu að þeim og atvinnurekstrarhúsi eftir aðstæðum. Gert er ráð fyrir umsögn ráðunautar búnaðarsambands um áhrif framkvæmdarinnar á búrekstur viðkomandi lögbýlis, umsögn umhverfisstofnunar og samþykki landbúnaðarráðherra fyrir töku lóðarinnar úr landbúnaðarnotum. Við slíka framkvæmd fylgir ekki afnotaréttur afréttarlands lögbýlis eða sveitarfélags. Þjónusta sveitarfélagsins er takmörkuð og ekki sú sama og í þéttbýli, t.d. hvað varðar neysluvatn, viðhald vega, snjómokstur, rafveitu eða gagnaveitu.
- Byggingar sem tengjast annarri atvinnustarfsemi eru ekki heimilar á landbúnaðarsvæðum ef undan eru skildar byggingar vegna minni háttar verktakastarfsemi út frá bújörðum og mannvirki tengd smávirkjunum.
- Vatnsaflsvirkjanir með rafafl að hámarki 200 kW eru heimilar á skilgreindum landbúnaðarsvæðum, að undanskildum þeim svæðum sem eru á náttúruminjaskrá eða falla undir ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd.
- Heimilt er að setja upp fjarskiptasenda og endurvarpsstöðvar á landbúnaðarsvæðum.
- Heimilt er að staðsetja sorpgáma á landbúnaðarsvæðum.
- Innan landbúnaðarlands skal viðhöfð beitarstýring þannig að ágangur búfjár á gróður og jarðveg taki mið af beitarþoli lands.

SKÓGRÆKT

- Gerðar séu ræktunaráætlanir á þeim svæðum þar sem ræktun skóga er fyrirhuguð.
- Leggja þarf fram ræktunaráætlun til sveitarstjórnar og er skógrækt háð leyfi hennar.
- Skógrækt er heimil á skilgreindum landbúnaðarsvæðum en æskilegt er að hún sé stunduð utan góðs, ræktanlegs lands.
- Skógrækt sé ekki viðhöfð innan 10m frá bökkum vatna, árfarvega og sjávarsíðu. Meta skal í hverju tilfelli fyrir sig hvort ástæða sé til að auka fjarlægðarmörk enn frekar ef aðstæður eru metnar þannig, t.d. vegna sérstakra landslagseinkenna eða búsvæða fugla.
- Tryggja þarf að skógrækt spilli ekki ásýnd merkra staða og útsýni að og frá þeim.
- Einungis er heimilt að gróðursetja plöntur sem tilheyra íslensku flórunni í náttúrulega birkiskóga.
- Á vatnsverndarsvæðum sem taka til grannsvæða sé haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands um skógræktaráætlanir.
- Stefnt skal að aukinni skógrækt innan þynningarsvæðisins á Grundartanga, þó ekki í votlendi.
- Við gerð ræktunaráætlana skal taka mið af helgunarsvæðum vega, vatna, vatnsfalla og sjávar, sem og rafveita þar sem við á.

LANDGRÆÐSLA

- Land verði grætt upp á þeim svæðum þar sem jarðvegsrof er til staðar.

- Hugað verði að áframhaldandi uppgræðslu lítt og ógróins lands, meðal annars til að fyrirbyggja mögulegt rof, auka frjósemi og viðnám jarðvegs og bæta vatnsmiðlun lands.

SMÁBÝLABYGGÐ

- Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu smábýlabbyggða.
- Lágmarksstærð smábýlislóðar er 0,9 ha og skal hver lóð vera samfelld.
- Heimilt er að stunda lítills háttar frístundabúskap á svæðunum, sem ekki krefst mikils landrýmis.
- Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt íbúðarhús ásamt bílgeymslu og einni byggingu fyrir þann frístundabúskap sem á lóðinni er stundaður.
- Byggingar skulu vera lágreistar.
- Byggingar mega samtals ekki fara yfir 500m² á hverri lóð.
- Þéttleiki á hverju samfelldu svæði fyrir smábýli skal ekki vera meiri en 1,1 íbúð á hvern ha lands.
- Miðað er við að smábýlabbyggð sé heilsársbyggð.

ALMENN UMFJÖLLUN

Landnýting á bújörðum þarf að vera með skynsamlegum hætti og marka þarf stefnu um hvernig staðið skuli að henni. Verkefnið *Betra bú* miðast við að bændur geri áætlun um alla landnýtingu sem tengist viðkomandi búrekstri. Eftir því sem við á hverju sinni tekur áætlunin í senn til túnræktar, beitarstýringar, skógræktar og uppgræðslu. Landnýtingaráætlun er þýðingarmikill liður í því að koma á sjálfbærum búskaparháttum, en nauðsynlegt er að landnotkun á landbúnaðarsvæðum sé skipulögð þannig að ekki sé gengið á þá miklu auðlind sem í landinu býr.



KÝR Í HVALFJARÐARSVEIT, HAFNARFJALL Í BAKSÝN. ÞÞ.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sér um veitingu starfsleyfa í hvers kyns búrekstri eða ræktun að fengnu áliti Umhverfisstofnunar þar sem það á við. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er eftirlitsaðili með því að ákvæðum starfsleyfa sé fullnægt.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) á að tilkynna smávirkjanir með uppsett afl 100 kW og stærri til Skipulagsstofnunar til úrskurðar um matsskyldu. Einnig skal tilkynna stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með 200 kW uppsett rafafli eða meira.

Samkvæmt Lögbirtingarblaðinu, júní 1997, eru 11 jarðir í Hvalfjarðarsveit með friðað æðarvarp. Friðlýsing æðarvarps gildir á tímabilinu frá 15. apríl til og með 14. júlí ár hvert.

SKÓGRÆKT

Tæp 2,5% af flatarmáli Hvalfjarðarsveitar undir 400 m h.y.s. eru áætluð undir skógrækt, eða 885 ha. Almenn er nytjaskógrækt skilgreind sem landbúnaður í aðalskipulagi og fellur því undir landnotkun á landbúnaðarsvæðum. Það er m.a. byggt á skilgreiningu landbúnaðarsvæða í skipulagsreglugerð, lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni (95/2006) og lögum um skógrækt (3/1955) þar sem fjallað er um nytjaskógrækt í búskap bænda og jarðeigenda. Skógræktarsvæði hafa ekki verið kortlögð í heild sinni í Hvalfjarðarsveit og eru því ekki sýnd á uppdrætti. Þær þurfa engu að síður að vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í aðalskipulagsáætlun er sett fram sú stefna að samþykki sveitarstjórnar þurfi fyrir ræktunaráætlunum áður en farið er af stað í skógrækt. Við gerð hennar er nauðsynlegt að hafa samráð við Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi og Minjavörð Vesturlands og Vestfjarða. Nýræktun skógar á 200 ha svæði eða stærra er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar, skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og tölulið 1d í 2. viðauka við lögin. Skipulagsstofnun metur hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Sama gildir um skógrækt, án tillits til stærðar, sem er fyrirhuguð á verndarsvæðum. Öll skógrækt sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum er háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Framkvæmdaleyfisskyldan er óháð niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

Skógrækt er atvinnuskapandi aukabúgrein í landbúnaði og skapar efnisauðlind til framtíðar en hefur að auki fleiri jákvæð áhrif. Ber fyrst að nefna að skógar skapa skjól og draga úr rykmengun, auk þess að bæta aðstæður til útivistar. Skógar binda CO² (koltvísýring), að meðaltali 4,5 tonn á ári hver hektari skógar. Vesturlandsskógar á Hvanneyri er sjálfstætt starfandi skógræktarverkefni í samræmi við lög um landshlutabundin verkefni í skógrækt (95/2006). Þaðan eru markmið um skógrækt í Hvalfjarðarsveit fengin, en þau eru að stuðlað skuli að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta í landinu og verndun og umhirða skóglendis sem fyrir er. Stefnt skal að því að 5% af láglandi (neðan 400 m h.y.s.) á Íslandi skuli ræktað skógi. Auk annarrar skógræktar í sveitarfélaginu höfðu eftirfarandi landeigendur í lok árs 2007 gert samninga við Vesturlandsskóga um skógræktaráætlun vegna nytjaskóga:

SVÆÐI	STÆRÐ (HA)
Ferstikla	95
Kalastaðakot	110
Kalastaðir	146
Svarfhóll	89
Ferstikla	24
Belgsholt	53
Leirá	53
Gandheimar	75
Hafnarsel	46
Höfn	194
SAMTALS	885

NYTJASKÓGAR Í HVALFJARÐARSVEIT.
(VESTURLANDSSKÓGAR, 2008).

Samtals er því 1,8% af heildarflatarmáli Hvalfjarðarsveitar frátekið undir nytjaskógrækt, eða 2,5% af flatarmáli sveitarfélagsins sem er undir 400 m h.y.s. Skógræktarfélag Skilmannahrepps er aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands sem eru sjálfstætt starfandi, frjáls félagasamtök. Markmið þess er að stuðla að framgangi skóg- og trjáræktar í landinu og stuðla að hvers konar

umhverfisbótum. Eftirtaldir skógræktarreitir í Hvalfjarðarsveit eru í umsjá Skógræktarfélags Skilmannahrepps:

SVÆÐI	STÆRD (HA)
Selhagi	25,5
Álfholt	21,2
Melahverfi	15,0

REITIR Í UMSJÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGS SKILMANNAHREPPS.

Samkvæmt aðalskipulagsáætlun er einungis heimilt að gróðursetja pöntur sem tilheyra íslensku flórunni í náttúrulega birkiskóga. Samkvæmt reglugerð (583/2000) er innlend tegund plantna „*allar tölusettar tegundir í Flóru Íslands, 3. útgáfu frá 1948, og plöntur á lista yfir íslenskar plöntutegundir, sbr. ákvæði til bráðabirgða*“. Ruðningur á náttúrulegum skógi fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Hvergi í íslenskum lögum eða reglugerðum er að finna skilgreiningu á hvað teljist skógur. Skógrækt ríkisins byggir á alþjóðlegum skilgreiningum og viðmiðum. Samkvæmt þeim ber að miða við framkvæmdir sem fela í sér varanlega eyðingu skógar (trjákennds gróðurs) sem fullvaxinn getur náð a.m.k. 2 m hæð, er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og þekur a.m.k. 10% svæðis. (Hallgrímur Indriðason, 2008).

Sé þörf upplýsinga um nákvæma breidd helgunarsvæða háspennulína er nauðsynlegt að reikna öryggisfjarlægðir nákvæmlega út í hverju tilviki fyrir sig. Skógrækt innan helgunarsvæðis raflína er óæskileg. Plönturnar geta leitt rafstraum til jarðar ef þær vaxa of nærri leiðurum. Einnig er óæskilegt að gróður hefti aðgengi að línun og valdi erfiðleikum við viðhald og eftirlit mannvirkjana. Reynslan hefur sýnt að góð regla sé að fjarlægð miðist við að hún sé hæð fullvaxinna trjáa frá línunni margfölduð með 1,5.

LANDGRÆÐSLA

Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að innan landbúnaðarlands sé viðhöfð beitarstýring þannig að ágangur búfjár á gróður og jarðveg taki mið af beitarþoli lands. Í aðalatriðum ákvarðast beitarþol af þrennu: ástandi gróðurs og jarðvegs, fjölda búfjár miðað við stærð svæðis og tegund búfjár, t.d. hvort um beit hrossa eða kinda er að ræða. Búfjárbeit hefur áhrif á tegundasamsetningu gróðurs. Í verkefninu *Bændur græða landið* eru 9 bændur skráðir þátttakendur í Hvalfjarðarsveit (Þórunn Pétursdóttir, 2008), en þeir vinna m.a. að landgræðsluverkefnum á Hafnarmelum og víðar í sveitarfélaginu..

Á innrauðum gervihnattamyndum af Íslandi sést að Vesturland telst meðal best grónu hluta Íslands. Í Hvalfjarðarsveit er ekki um samfellt umtalsvert rof að ræða utan hluta af strandlengju sunnan Akrafjalls (sjá nánar umfjöllun um sjó, vötn og ár) og strandlengju Melasveitar við Borgarfjörð.

ÁHRIF LOFTSLAGSBREYTINGA Á RÆKTUNARSKILYRÐI

Í skýrslunni „*Hnatrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi*“ (Halldór Björnsson o.fl., 2008) kemur fram að bein áhrif þess hækkandi lofthita sem nú gættir á heimsvísu birtist einkum í auknum vexti og útbreiðslu plantna, en óbein áhrif í auknu framboði næringarefna vegna hraðari umsetningar þeirra í jarðvegi. Aukinn meðalhiti yfir vaxtartímann veldur því m.a. að gróðurmörk færast ofar í landið. Sagt er frá því að nýlegar rannsóknir sýni að hæðarmörk birkiskóga hafi færst upp á síðustu áratugum og birki vaxi nú margfalt betur við skógarmörk en það gerði á 7. áratugnum. Ennfremur kemur fram að plöntutegundir sem hafa hærra kjörhitastig en hefur verið ríkjandi á Íslandi svari hlýnandi veðurfari með meiri framleiðni og vexti. Til dæmis leiddi 1,2°C hlýnun yfir vaxtartímann til 9-15% meiri árlegs vaxtar alaskaaspar í tilraun sem var gerð í Gunnarsholti.

Vaxtaraukningin var hlutfallslega meiri hjá trjám sem uxu í ófrjósömum jarðvegi en þeim sem uxu í frjósömum jarðvegi. Mælingar hafa leitt í ljós að vöxtur birkis hefur aukist umtalsvert síðan á kalda tímabilinu 1965-1985 og er

nú svipaður og hann var á hlýja tímabilinu á árunum 1925-1945. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að aukning hefur orðið á framleiðni gróðurs á síðustu árum og áratugum og beinar tilraunir með að hækka hita benda til að slík svörun sé líklega í flestum gróðurlendum ef loftslag hlýnar enn. Niðurstöðurnar í þessari skýrslu eru mjög athyglisverðar fyrir Ísland, en talað er um að áhrif loftslagsbreytinga á Ísland verði fyrir sýnileg á Íslandi en á mörgum öðrum svæðum, þar sem Ísland sé á mörkum tveggja loftslagsbeltis, kaldtempraða beltisins og heimskaubeltisins.

Ofangreind áhrif segja beint til sín í breyttum aðstæðum til landbúnaðar. T.d. hafa nú þegar kalskemmdir í túnum minni áhrif, heyfengur hefur aukist og kornrækt hefur verið að ryðja sér til rúms. Ýmsar nýjar nytjategundir eru nú á mörkum þess að geta vaxið hérlendis.

GOTT RÆKTANLEGT LAND TIL MATVÆLAFRAMLEIÐSLU

Með breyttum atvinnuháttum og nýjum forsendum fyrir búsetu á jörðum hefur það færst mikið í vöxt að stór landsvæði séu tekin úr landbúnaðarnotum. Það veldur áhyggjum vegna möguleika til matvælaframleiðslu til lengri tíma lítið. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarnefndar um loftslagsbreytingar er gert ráð fyrir hækkun hitastigs á ársgrundvelli. Einnig er gert ráð fyrir hækkun á styrk koltvísýrings (CO₂) í andrúmslofti. Þetta til samans leiðir til uppskeruauka á fóður- og matjurtum. Þessar niðurstöður gera þær kröfur til okkar um að farið verði kerfisbundið í að vernda gott ræktanlegt land til matvælaframleiðslu. Í anda sjálfbærrar þróunar skal stefnt að flokkun þess með tilliti til eiginleika þess.

SMÁBÝLABYGGÐ

Um svonefnda *smábýlabyggð* gilda sömu reglur og á landbúnaðarsvæðum, þó hún sé skilgreind með öðrum hætti en dæmigerður landbúnaður. Fordæmi eru fyrir þessari landnotkun í aðalskipulagsáætlunum á Íslandi, með hinum svokölluðu *búgarðabyggðum*, en hvorug landnýtingin hefur verið skilgreind í skipulagsreglugerð. Svæðin eru öll á skilgreindu landbúnaðarlandi og í einkaeigu.

VALKOSTIR

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Reglur um fjölda íbúðar- og frístundahúsa á jörðum eru þegar samþykktar reglur úr aðalskipulagi Leirár- og Melahrepps 2002-2014. Önnur tillaga var að ekki yrði takmörkun á fjölda íbúðar- og frístundahúsa á jörðum, en í þeim tilfellum þar sem stæði til að byggja íbúðar- og frístundahús yrði skylt að deiliskipuleggja svæðið og meta áhrif á viðkomandi jörð.

Stór svæði falla aftur undir landbúnaðarnot, sem áður voru skilgreind sem frístundabyggð, sem og fyrrum varnarsvæði NATO.

Valkostur var að heimila nýtingu á vind- og sólarorku til raforkuframleiðslu, með hámarks uppsettu rafafli vindorku 2 mW á landbúnaðarsvæðum. Við nánari athugun er ljóst að Hvalfjarðarsveit er ekki kjörsvæði fyrir virkjun orku af þessu tagi, þar sem undirlendi er þar hverfandi lítið. Fjölmargar rannsóknir og niðurstöður mats á umhverfisáhrifum af virkjun vindorku í Danmörku og í Noregi sýna fram á að sjónmengun af háum mannvirkjum sem vindmyllum er hvað mest í landslagi eins og því sem er ríkjandi í Hvalfjarðarsveit (fjörður, fjöll, lítið undirlendi). Því var fallið frá þessum valkosti. Sú stefnumörkun er þó ekki afturvirk.

SKÓGRÆKT

Til álits kom að gera skógrækt framkvæmdaleyfis skylda, en fallið var frá þeirri stefnumörkun vegna mótmæla hagsmunaaðila.

GOTT, RÆKTANLEGT LAND

Að svo stöddu er ekki mögulegt að flokka ræktanlegt land með afgerandi hætti þar sem ekki er tiltækt greiningarkerfi fyrir íslenskar aðstæður. Þrátt fyrir það er talið afar mikilvægt að rýra ekki meira en orðið er gott ræktanlegt land og var tekin sú ákvörðun að afmarka gróflega það land sem nýtilegt er án stuðnings greiningarkerfis. Stuðst var við staðkunna þekkingu fyrrum ráðunautar Guðmundar Sigurðssonar við þá vinnu. Grófflokkun ræktanlegs lands liggur því fyrir í Hvalfjarðarsveit.

Valkostur var að nýta afmörkunina og hafa stefnumörkun um nýtingu á góðu ræktanlegu landi skýra vegna hagsmuna í matvælaframleiðslu framtíðarinnar.

SMÁBÝLABYGGÐ

Smábýlabyggð aðalskipulagsáætlunarinnar er arfleifð búgarðabyggða sem voru þegar skilgreindar í aðalskipulagsáætlunum Skilmannahrepps og Leirár- og Melahrepps 2002-2014. Til greina kom að hafa þessa landnotkun ekki frekar í aðalskipulagsáætlun Hvalfjarðarsveitar og láta stefnumörkun um fjölda íbúðar- og frístundahúsa á jörðum nægja til að uppfylla þarfir um uppbyggingu á jörðum.

IÐNAÐUR**SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI**

IÐNAÐARSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Grundartangi - iðnaðarsvæði	180,0	I1
Brennimelur – tengivirki	6,7	I2
Mið-Sandur - hvalvinnsla	17,3	I3
Mið-Sandur - olíubirgðastöð	12,7	I4
Litli-Sandur - olíubirgðastöð	37	I5
Þyrill - líparítvinnsla	5,6	I6
Saurbær - fiskeldisstöð	2,9	I7
Höfn - fiskeldisaðstaða	1,0	I8

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Áhersla er lögð á að uppbygging iðnaðar verði fyrst og fremst við Grundartanga ef þess er kostur.
- Mótvægisáðgerðir vegna umhverfisáhrifa þeirra umhverfispátta sem líkur eru á að verði fyrir umhverfisáhrifum vegna uppbyggingar á iðnaðarsvæðum Hvalfjarðarsveitar skulu tilteknar í greinargerð deiliskipulagsáætlunar. Er hér nánar tiltekið átt við m.a. áhrif á vistkerfi, sem og ásynd og sjónræn áhrif vegna uppbyggingar mannvirkja, lýsingu svæðis og efnistöku, bæði á landi og úr sjó.
- Gera skal grein fyrir vöktunaráætlun viðkomandi umhverfispátta í greinargerð deiliskipulags.
- Bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum. Umhverfisásýnd iðnaðarsvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.
- Innan þynningarsvæðis við Grundartanga er ekki heimil skipulögð íbúðarbyggð, eða ástundun hefðbundins búskapar, heynytja, akuryrkju eða beitar á túnum.
- Stefnt skal að því að draga úr flúormengun eins og kostur er frá iðnaðarsvæði við Grundartanga.

- Ljósnotkun á iðnaðarsvæði við Grundartanga sé takmörkuð við nauðsynlegan öryggisútbúnað. Ljósgjafi skal hulinn eins og kostur er þannig að lýsing takmarkist við öryggissvæði.
- Heimilt er að staðsetja, smávirkjanir, sorpgáma og fjarskiptasenda og endurvarpsstöðvar á iðnaðarsvæðum.

ALMENN UMFJÖLLUN

IÐNAÐARSVÆÐIÐ VIÐ GRUNDARTANGA

Varnarliðið hafði samkvæmt sérstöku samkomulagi við íslensk stjórnvöld afnot af 48 ha hluta lands Mið-Sands, kallað varnarsvæði. Hluti af því, eða 12,7 ha, er nú skilgreindur sem iðnaðarsvæði, en annar hluti fellur undir skilgreiningu landbúnaðar.

Iðnaðarsvæðið við Grundartanga tekur til 162 ha. Á því er gert ráð fyrir ýmis konar iðnaðarstarfsemi og tilheyrandi þjónustu. Járnblendifélagið tók til starfa 1979. Við hlið þess starfar Norðurál hf. Almennt er talið að það sem mestu ráði um staðarval stóriðju séu eftirfarandi þættir: góð hafnarskilyrði, nálægð við vinnumarkað, nægt landrými, og aðgengi að raforku. Iðnaðarsvæðið uppfyllir þrjú fyrstnefndu skilyrðin vel og með tilkomu Sultartangalínu 3, og orkuöflunar Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja fyrir Norðurál, verður næg raforka tryggð. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu við Grundartanga á skipulagstímabilinu. Stefnt er að því að uppbygging iðnaðar verði aðallega við Grundartanga og dregið verði úr notkun annarra iðnaðarlóða innan sveitarfélagsins ef þess er kostur. Enn fremur er dregið úr umfangi iðnaðarsvæðis við Grundartanga frá fyrri aðalskipulagsáætlunum og hluta iðnaðarsvæðis breytt í athafnasvæði. Þar sem landnotkun við Grundartanga tekur mið af jarðamörkum ber að nefna að jarðamörk í aðalskipulagsáætlun eru birt með fyrirvara um nákvæmni.



VERKSMÍÐJUR Á IÐNAÐARSVÆÐINU VIÐ GRUNDARTANGA. ÞÞ.

ÞYNNINGARSVÆÐI VEGNA STÓRIÐJU VIÐ GRUNDARTANGA

Á sveitarfélagsuppdrætti má sjá afmörkun þynningarsvæðis vegna stóriðjunnar á Grundartanga. Takmarkanir eru á landnotkun innan þynningarsvæðisins (sjá stefnumörkun hér að ofan). Í kjölfar mats á umhverfisáhrifum sem framkvæmt var árið 2002 vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar í Norðuráli í allt að 300.000 tonn á ári voru mörk þynningarsvæðisins endurskoðuð. Niðurstaðan var sú að þáverandi þynningarsvæði fyrir SO₂ (brennisteinsdíoxíð) héldist óbreytt við framleiðsluaukninguna, en þynningarsvæði vegna flúors yrði stækkað. Þar sem þynningarsvæði fyrir SO₂ var mun stærra en fyrir flúor var niðurstaðan sú að mörk þynningarsvæðisins héldust óbreytt (Hönnun, 2002 og Norðurál, 2008). Í skýrslunni um matið á umhverfisáhrifum er þó minnt á að við ýrtru

dreifingarskilyrði (miðað við 190.000 t framleiðslu járnblendifélagsins, 300.000 t framleiðslu Norðuráls og hæstu útblástursmörk) megi gera ráð fyrir að sólarhringsstyrkur brennisteinsdíoxíðs ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í 2% tilfella) muni ná út fyrir þynningarsvæðið og upp í hlíðar Akrafjalls. Þessi dreifing sé þó vel utan vatnsverndarsvæða.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar vegna stækkunarinnar, dags. 27. maí 2002 segir: „Fram kemur að innan þynningarsvæðis megi gera ráð fyrir að mengunarefni í gróðri fari upp fyrir umhverfismörk og geti jafnvel verið skaðleg gróðri og dýrum. Almenn miði Hollustuvernd ríkisins við að ekki skuli stundaður hefðbundinn landbúnaður, heynytjar eða beit innan þynningarsvæðis stóriðju“. Þetta hefur í för með sér að varhugavert er að rækta grænmeti til manneldis innan þynningarsvæðisins, t.d. í frístundabyggð Galtarvíkur (F13). Ennfremur segir að mælt sé með því að landbúnaður og aðrar nytjar verði ekki stundaður innan svæðis þar sem búast megi við því að styrkur loftborins flúoríðs fari yfir $0,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$, sem séu lægstu skaðsemismörk fyrir viðkvæmustu grasbíta. „Þetta svæði nái frá austurmörkum túna á Katanesi að vesturmörkum jarðarinnar Fellsenda og tæplega 1,5 km til suðurs frá Eiðisvatni. [Fimm] jarðir lendi innan þynningarsvæðisins, Klafastaðir, Galtarlækur, Fellsendi, Stóra Fellsöxl og [] Galtarvík. Af ofangreindum jörðum sé föst búseta á Galtarlæk og Fellsenda og þar sé búið með sauðfé og hross. Á sumrin sé flest fé haft á Akrafjalli, í um 4-10 km fjarlægð frá iðnaðarsvæðinu, en annars í heimahögum. Hross séu mest höfð í heimahögum og land Stóru Fellsaxlar sé leigt út til hrossabeitar. Á Klafastöðum séu tún sem liggja alveg upp að iðnaðarsvæðinu nytjuð til slátta, auk þess sem búfénaður er hafður á beit víða á jörðinni á sumrin.“ (Skipulagsstofnun, 2002).

Samkvæmt 23. gr. reglugerðar um hollustuhætti (941/2002) má íbúðarhúsnæði ekki vera á þynningarsvæði starfsemi sem fellur undir fylgiskjal I með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998). Samkvæmt 4. kafla, 1. mgr., 7. gr. Skipulagsreglugerðar um iðnaðarsvæði eru íbúðir ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

VALKOSTIR

Heildarflatarmál iðnaðarsvæða við Grundartanga minnkar um u.þ.b. 300 ha frá eldri aðalskipulagsáætlunum og fá skilgreininguna athafnasvæði, sbr. umræðu um valkosti fyrir athafnasvæði.

Valkostur var að hafa hluta af skilgreindu iðnaðarsvæði inni í Hvalfirði, eða 20,9 ha (hluta af skilgreindu iðnaðarsvæði I3 og I5), skilgreindan sem athafnasvæði vegna umhverfissjónarmiða sem þóttu samræmast stefnumörkun aðalskipulagsáætlunar, sem og þeirrar stefnumörkunar að uppbygging iðnaðar verði fyrst og fremst við Grundartanga ef þess er kostur.³

HAFNARSVÆÐI

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

HAFNARSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Grundartangahöfn	83	H1
Litla-Sandshöfn - Litla-Sandi	4,9	H2
Mið-Sandshöfn - Mið-Sandi	3,6	H3

STEFNUMÖRKUN SVEITARFÉLAGSÁÆTLUNAR

- Áhersla er lögð á uppbyggingu hafnaraðstöðu við Grundartanga.

³ Sjá ennfremur kaflann: Athafnasvæði - valkostir.

- Bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun frá hafnarsvæðum. Umhverfisásýnd hafnarsvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.
- Ljósnotkun á hafnarsvæði við Grundartanga sé takmörkuð við nauðsynlegan öryggisútbúnað. Ljósgjafi skal hulinns eins og kostur er þannig að lýsing takmarkist við öryggissvæði.
- Mótvægisaðgerðir vegna umhverfisáhrifa hafnaraðstöðu skulu tilteknar í greinargerð deiliskipulagsáætlunar. Er hér nánar tiltekið átt við m.a. áhrif á vistkerfi, sem og ásynd og sjónræn áhrif vegna uppbyggingar mannvirkja á hafnarsvæði, lýsingu svæðis og efnistöku, bæði á landi og úr sjó.
- Gera skal grein fyrir vöktunaráætlun ofangreindra umhverfisþátta í greinargerð deiliskipulags.

ALMENN UMFJÖLLUN

Sameignarfélagið Faxaflóahafnir var stofnað í byrjun árs 2005 um eign og rekstur Grundartangahafnar, Reykjavíkurhafnar, Akraneshafnar og Borgarneshafnar. Eigendur félagsins eru nokkur sveitarfélög við Faxaflóa. Hvalfjarðarsveit á 10,85% í félaginu. Hafnaraðstöður við Grundartanga eru með þeim bestu sem gerast hérlandis frá náttúrunnar hendi; aðdjúpt er við ströndina og lítils öldugangs gætir inni í firðinum, auk þess er staðsetning hafnarinnar góð vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir stækkun hafnarinnar til vesturs. Heildarlengd nýs hafnarbakka verður um 750 m, gert er ráð fyrir honum í beinu framhaldi af núverandi hafnarbakka sem er 500 m langur, en með alls 640 m viðlegurými. Framkvæmdin felur einnig í sér allt að 10 ha landfyllingu. Hluti skilgreindrar hafnarstarfsemi við Grundartanga (H1) á sveitarfélagsuppdraetti, eða 24 ha reitur vestan við núverandi höfn, er fyrirhuguð landfylling vegna stækkunarinnar. Reiturinn er í raun blönduð landnotkun athafnasvæðis og hafnarstarfsemi⁴. Landnotkun reitsins er ekki aðgreind frekar í aðalskipulagi. Þar sem landnotkun við Grundartanga tekur mið af jarðamörkum ber að nefna að jarðamörk í aðalskipulagsáætlun eru birt með fyrirvara um nákvæmni.

Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 31. júlí 2009 að stækkun hafnarinnar við Grundartanga er ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Hún bendir jafnframt á að hún er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar, skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga (73/1997) með síðari breytingum. Minnt er á mikilvægi þess að viðhöfð verði sú verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynntar voru við fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar og sem Skipulagsstofnun úrskurðar um.

Hafnirnar á Litla-Sandi og Mið-Sandi taka við olíuskipum, en að auki tekur Litla-Sandshöfn við hvalskipum.

EFNISTAKA

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

EFNISTÖKUSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	EFNISGERÐ OG JARÐMYNDUN	ÁÆTLAD EFNISMAGN (ÞÚS. M ³)	TILVÍSUN
Bakkj**	11,4	setnáma - sjávarkambur	400-600	E1
Beitistaðir og Vogatunga***	0,3	setnáma – árframburður	4-6	E2
Eyri	1,1	setnáma – árframburður	20-40	E3

⁴ Sjá enn fremur kaflann: Athafnasvæði

Fellsendi**	11,9	setnáma - malarkambur	100-200	E4
Vallanes	1,0	setnáma sjávarframburður	5-10	E5
Grafardalur	0,3	setnáma - malarhjalli	20	E6
Hlíðarfótur	2,4	setnáma - árframburður	10-20	E7
Höfn**	0,8	setnáma sjávarframburður	500-700	E9
Höfn	1,1	grjótnáma - gosberg	30-50	E10
Höfn	1,7	setnáma - malarkambur	30-40	E11
Höfn II***	4,6	setnáma - malarkambur	100-200	E12
Innri-Hólmur**	15,2	setnáma - malarkambur	800-1200	E13
Kirkjuból**	4,5	grjótnáma - gosberg	300-400	E14
Kirkjuból	0,5	grjótnáma - gosberg	35-45	E15
Kjalardalur**	4,1	setnáma - malarkambur	300-400	E16
Kúludalsá*	1,3	setnáma - malarkambur	magn óljóst	E17
Kúludalsá*	1,6	setnáma - malarkambur	25-40	E18
Lambhagi	0,9	setnáma - malarhjalli	80-120	E19
Leirá og Eystri-Leirárgarðar	0,7	setnáma - árframburður	3-5	E20
Leirá og Eystri-Leirárgarðar	0,4	setnáma - árframburður	5-8	E21
Litla-Fellsöxl**	13,5	setnáma - malarkambur	150-200	E22
Litla-Fellsöxl	0,3	setnáma - malarkambur	10	E23
Litli-Sandur**	2,6	grjótnáma - gosberg	1.000	E24
Litli-Sandur***	1,1	grjótnáma - gosberg	70	E25
Litli-Sandur/Þyrill	0,4	setnáma - árframburður	10-15	E26
Skorholt**	4,8	setnáma - sjávarkambur	500-800	E27
Stóra-Fellsöxl** (sjá almenna umfjöllun)	37,0	setnáma - malarkambur	1.200	E28
Ytri-Hólmur	0,8	grjótnáma - gosberg	30-40	E29
Ytri-Hólmur	0,5	setnáma - malarkambur	10-15	E30
Hrafnabjörg	1,9	Óskilgreint	25	E31
Hrafnabjörg	0,4	Óskilgreint	15	E32

* Nýtist fyrir moldar- og jarðvegstípp.

** Matsskyld efnistaka samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000).

*** Efnistaka tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000).

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Gerð sé heildstæð áætlun um efnistöku í þeim námum sem þegar eru í notkun og vegna nýrra náma sem kunna að verða teknar í notkun.
- Virkt eftirlit sé með námuvinnslu og frágangi svæða að henni lokinni.
- Efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld og skal námurétthafi leggja fram áætlun um fyrirhugaða efnistöku þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, efnisgerð og efnismagni, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

- Ganga skal frá efnistökusvæðum sem fullnýtt eru eða hætt er að nota.
- Efnistaka úr ám fari aðeins fram að fengnu leyfi Fiskistofu.
- Sé vinnslutími námu skammur er æskilegt að efnistökusvæði sé valið með tilliti til þess hversu auðvelt er að ganga frá námu eftir að vinnslu lýkur.
- Ef vinnslutími er langur er æskilegt að valinn sé staður þar sem sýnileiki námunnar frá fjölförnum stöðum er lítill. Í þeim tilfellum er æskilegt að áfangaskipta efnistöku og ganga jafnóðum frá þeim hluta svæðisins þar sem efnistöku er lokið.
- Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að falli sem best að umhverfi.



FRÁGENGIN EFNISNÁMA Í LANDI YTRA-HÓLMS. ÞP.

ALMENN UMFJÖLLUN

Á Stóru-Fellsöxl (A11) er svæði blandaðrar landnotkunar efnistöku- (E28) og athafnasvæðis (A11). Svæðið er samtals 37 ha að stærð. Ekki hefur verið ákveðið hvers konar athafnastarfsemi mun vera á svæðinu.

Sé efnistöku haldið áfram, þó í litlum mæli sé, á gömlu efnistökusvæði fer nýtt land undir efnistökuna. Áframhaldandi óheft efnistaka á gömlu efnistökusvæði getur valdið umhverfisspjöllum sem æskilegt er að geta spornað við. Nauðsynlegt er því að ákvæði um umgengni og frágang efnistökusvæðis nái einnig til efnistöku í eldri námum. Ekki hefur tekist, þrátt fyrir gildistöku nýrra reglna um efnistöku, að koma böndum á stóran hluta af þeim námum sem fyrir eru. Umhverfisáhrif á efnistökusvæðum í Hvalfjarðarsveit eru þó fyrst og fremst sjónræn áhrif, en efnistaka fer hvergi fram á verndarsvæðum. Gert ráð fyrir að þó nokkrar efnistökunámur sem þegar eru í notkun verði notaðar sem moldar- og efnistipp. Mold og annar lífrænn úrgangur sem til fellur nýtist þá til að græða upp sár og loka þeim, sem hluti af áætlun um frágang námunnar.

Ef talin er þörf á að hefja efnistöku á nýjum svæðum, sem ekki fellur undir það að vera minni háttar efnistaka til eigin nota og er ekki á þegar skilgreindum efnistökusvæðum á skipulagsuppdætti, þarf að koma til breytinga á aðalskipulagi. Sveitarstjórn er í slíkum tilfellum óheimilt að veita framkvæmdaleyfi nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000, 2. viðauki) er ávallt um matsskylda framkvæmd að ræða sé áætluð efnistaka 150.000 m³ eða meira, eða ef námusvæði nær til 50.000 m² eða meira. Með tilliti til þess þarf mat á umhverfisáhrifum að fara fram áður en efnistaka getur hafist á skilgreindu

efnistökusvæði sem fer yfir þessi stærðarmörk. Sveitarstjórn getur í því tilfelli aðeins veitt framkvæmdaleyfi hafi mat á umhverfisáhrifum farið fram og að úrskurður Skipulagsstofnunar sé þess eðlis að fallist sé á efnistöku. Ef áætluð efnistaka er 50.000 m³ eða meira, námusvæði nær til 25.000 m² eða meira, eða er á sérstöku verndarsvæði (sbr. skilgreiningu í 3. viðauka laga 106/2000), ber að tilkynna það til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Við val á nýjum efnistökusvæðum ber að huga að ýmsum atriðum. Sé vinnslutími námu skammur er æskilegt að efnistökusvæði sé valið með tilliti til þess hversu auðvelt er að ganga frá námu eftir að vinnslu lýkur. Sé vinnslutími langur er eðlilegt að valinn sé staður þar sem sýnileiki námunar frá fjölförnum stöðum er lítill. Æskilegt er að áfangaskipta efnistöku þar sem vinnslutími er langur, þ.e. ganga jafnóðum frá þeim hluta svæðisins þar sem efnistöku er lokið. Við frágang efnisnáma þarf að sjá til þess að svæðið falli vel að umhverfi sínu og líkist sem mest landformum í nágrenni þess.

Mikilvægt er að fjarlægja námur af lista yfir skilgreind efnistökusvæði þegar gengið hefur verið frá þeim.

VALKOSTIR

Efnistökusvæðið á Litla-Sandi (E24) var skilgreint sem sorpförgunarsvæði í aðalskipulagsáætlun Hvalfjarðarstrandarhrepps 2002-2014 en er í raun fyrrum efnisnáma með jarðvegstippi í formi skeljasands (um 84%), líparíts (13-14%) og basaltsands (2-3%). Efnið er úrgangur frá sementsverksmiðjunni á Akranesi og er flutt rakt. Það loðir saman þegar það þornar og rýkur því ekki. Árlega tekur náman við um 10.000-12.000 tonnum til förgunar frá verksmiðjunni. Önnur sorpförgun er óheimil í námunni.

Flatarmál efnistökusvæða stækkar frá samþykktum aðalskipulagsáætlunum. Gert er ráð fyrir stækkun náma í Stóru-Fellsöxl og Innra-Hólmi.

ÞJÓÐMINJAVERNÐ

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Arkarlækur – leiðvallarþingstaður – friðlýst 1931	0,3	Þ1
Ás - bæjarhóll	0,2	Þ2
Belgsholt – kirkjurúst, kirkjugarður – friðlýst 1931	0,4	Þ3
Bjarteyjarsandur - dys	0,2	Þ4
Dragháls – rústir í Draghálstúni	0,6	Þ5
Dragháls - refagildra	0,2	Þ6
Dragháls – Gröf, rústahóll	0,2	Þ7
Efra-Skarð - bæjarhóll	0,2	Þ8
Eystri-Reynir - ónefnt býli, bústaðaleifar	0,2	Þ9
Ferstikla - dys – friðlýst 1931	0,2	Þ10
Ferstikla – Ferstiklusel, selrústir	0,2	Þ11
Geitaberg - stekkur	0,2	Þ12
Grafardalur - beitarhúsarústir	0,2	Þ13
Hávarsstaðir – Hrauntún, óþekkar rústir	0,2	Þ14
Heynes – Dægra, sex fornleifar	0,6	Þ15
Heynes – lögrétta, dómhringur	0,4	Þ16
Hlíðarfótur – Stóranes, kotrústir	0,2	Þ17

Hlíðarfótur - réttarrústir	0,2	Þ18
Hvítanes - bæjarhóll	0,3	Þ19
Höfn - refagildra	0,2	Þ20
Innri-Hólmur – Innra-Hólmskirkja – friðlýst 1990	0,2	Þ21
Kalastaðir – Kaladys, grjótdyngja – friðlýst 1931	0,2	Þ22
Kalastaðir – bænahústóft – friðlýst 1931	0,4	Þ23
Kambshóll – ónefnt býli	0,2	Þ24
Kambshóll – rústir aðrekstraréttar	0,2	Þ25
Katanes - Katanestjörn	12,4	Þ26
Leirá – Leirárkirkja – friðlýst 1990	0,2	Þ27
Leirá – Leirársel, tvær rústaþyrpingar	0,3	Þ28
Leirá – rústir beitihúsa	0,2	Þ29
Litla-Fellsöxl – dys, legstaður	0,2	Þ30
Litli-Sandur/Þyrill – brú yfir Bláskeggsá – friðlýst 1978	0,3	Þ31
Melar – leifar bæjarhóls	0,2	Þ32
Melar – Aukatún, rústir býlis	0,2	Þ33
Melar – Hrisás, rústir býlis	0,2	Þ34
Mið-Sandur - sel	0,2	Þ35
Saurbær – ónefndar tóftir	0,2	Þ36
Saurbær – Oddakot, selstaða	0,2	Þ37
Stóra-Fellsöxl – Dagon, legstaður	0,2	Þ38
Stóra-Fellsöxl – Kumlholt, útihús	0,2	Þ39
Vestra-Miðfell – Mýrarkot, rústahóll	0,2	Þ40
Vestri-Leirargarðar - dys	0,2	Þ41
Vestri-Reynir – Friðhús, rústir býlis	0,4	Þ42
Vestri-Reynir – Reynisrétt, grjóthlaðin rétt	0,4	Þ43
Ytri-Hólmur – Fossakot, rústir býlis	0,2	Þ44
Þórisstaðir – Kotatún, rústir býlis	0,2	Þ45
Þyrill – leifar blóthúss – friðlýst 1931	0,2	Þ46

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Gerð verði frekari áætlun um þau mannvirki í eigu sveitarfélagsins sem hafa verndargildi og horft á einstök svæði með verndun í huga.
- Hlúa skal að fornminjum og sögustöðum innan sveitarfélagsins og upphefja menningar- og sögulegt gildi þeirra, m.a. með því að merkja þá og gera aðgengilega.
- Umhverfis fornleifar sé ekki hróflað við jarðvegi innan 20 m fjarlægðar frá ystu mörkum þeirra nema að fengnu leyfi Minjavarðar Vesturlands og Vestfjarða (Fornleifavernd ríkisins).
- Stefnt verði að útgáfu sögukorts, þar sem merkar byggingar, sögustaðir, örnefni og þjóðleiðir eru merktar inn á.

ALMENN UMFJÖLLUN

Við gerð aðalskipulagsáætlanna fjögurra í sveitarfélögunum sem nú mynda Hvalfjarðarsveit var framkvæmd aðalskráning fornleifa. Í viðkomandi skýrslum

eru hvort tveggja skráðar fornleifar sem sýnilegar eru og þær sem vitnað er til í eldri heimildum en sjást nú ekki. Þrátt fyrir þessa heildarúttekt á fornleifum í sveitarfélaginu lýkur skráningu í raun aldrei þar sem skrá þarf áður óþekktar fornleifar sem kunna að finnast, t.d. við framkvæmdir. Áætlanir af hálfu Fornleifaverndar ríkisins um friðlýsingar þjóðminja í sveitarfélaginu liggja ekki fyrir, en allar fornminjar njóta verndar samkvæmt Þjóðminjalögum (107/2001), þó þær séu misjafnar að mörgu leyti. Er því vísað í skýrslurnar fyrir nánari upplýsingar sem og tæmandi lista um skráðar fornleifar í Hvalfjarðarsveit (sjá heimildaskrá).

Brýnt er að komið sé í veg fyrir röskun þess umhverfis sem hefur að geyma búsetuminjar; á þeim svæðum eru varðveittar heimildir um byggðasögu landsins sem er áhugavert komandi kynslóðum. Mannvirkjagerð á svæðum þar sem fornleifar er að finna er ekki heimil nema með sérstöku leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

VALKOSTIR

Til umræðu kom að nýta svæði með skráðum fornminjum innan athafnasvæðis við Grundartanga samkvæmt skilgreiningu landnotkunar á athafnasvæðum, en ákveðið var að taka sérstakt tillit til fornminjanna og upphæfja sögulegt gildi þeirra.

HVERFISVERND

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

HVERFISVERNDARSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Jökulgarðar sunnan Blákolls	434,0	HV1
Melabakkar í landi Áss, Mela og Melaleitis	34,4	HV2
Kalastaðakot – gamalt verslunarhús	0,2	HV3
Hvítanes – gamalt íbúðarhús	0,2	HV4
Birkiskógar og -kjarr	Ekki reiknað	Ekki til staðar

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Efnistaka er ekki heimil á skilgreindu hverfisverndarsvæði jökulgarða, en mannvirkjagerð á svæðinu er leyfð svo fremi sem framkvæmdin raski ekki landformi.
- Mannvirkjagerð er ekki leyfð á skilgreindu hverfisverndarsvæði Melabakka, né neinar framkvæmdir sem raskað geta landformi eða útivistargildi svæðisins.
- Miða skal við að framkvæmdir á mannvirkjum á hverfisverndarsvæði Melabakka séu aðeins í tengslum við viðhald og/eða uppbyggingu þeirra eða til að bæta aðgengi til útivistar eða rannsókna.
- Stuðlað verði að varðveislu þeirra mannvirkja sem sett eru undir hverfisvernd og færa til upprunalegs horfs.
- Stuðla skal að því að vistkerfi og ásýnd náttúrulegra birkiskóga innan sveitarfélagsins verði fyrir sem minnsti röskun.
- Innan náttúrulegra birkiskóga sveitarfélagsins er einungis heimilt að gróðursetja trjáplöntur og annan fjölæran gróður sem tilheyrir íslenskri flóru.

ALMENN UMFJÖLLUN

Jökulgarðar í landi Fiskilækjar, Skorholts og Narfastaða eru merkar jarðmyndanir. Jökulgarðarnir, sem bera vitni um jarðfræðisögu svæðisins, eru

mjög umfangsmiklir og hafa hingað til sloppið við jarðrask. Stefna skal að því að varðveita jarðmyndunina í sem heillegastri mynd. Takmarkanir á landnotkun á hverfisverndarsvæðinu eru þær að efnistaka er ekki heimil, en mannvirkjagerð á svæðinu er leyfð svo fremi sem framkvæmdin raski ekki landformi.

Lögð er til hverfisvernd á Melabökkum, allt frá Súlueyri að Belgsholtsvík. Þetta er aukin vernd á bakkana sem eru einnig svæði á Náttúruvinnjaskrá (sjá kafla um Náttúruvernd). Þeir eru sérstæð, veggbrött, allt að 30 metra há jarðvegslög, sem liggja meðfram fjörunni við Borgarfjörð, aðskilin sjó með stórgrýttu flæðarmáli. Þeir eru mikilvægir í jarðsögulegum skilningi þar sem þeir og grýtt fjaran bera merki stórfellds áflæðis af völdum sjávar í gegnum tíðina. Rannsóknar- og útivistargildi bakkanna er ótvírætt.

Verslunarhúsið í landi Kalastaðakots sem byggt var árið 1920 var í eigu Kaupfélags Hvalfjarðar. Húsið stendur á tanga niður við ströndina suður af bæjarstæði Kalastaðakots, en þar var fólk og vörur ferjað yfir Hvalfjörð áður en vegur var lagður fyrir fjörðinn 1931.

Byggingarár íbúðarhúss í Hvítanesi er 1869. Það er reist úr hlöðnum steinlímum veggjum.

Náttúrulegir birkiskógar- og kjarr er sett undir hverfisvernd í aðalskipulagsáætlun í samræmi við stefnu um náttúruvernd í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að innan hverfisverndarsvæða birkiskóga- og kjarrs sé einungis heimilt að gróðursetja trjáplöntur sem tilheyra íslenskri flóru. Mikilvægt er að skógrækt sé vel skipulögð í því samhengi og í samræmi við lög um náttúruvernd og aðrar skuldbindingar sem Íslendingar hafa samþykkt, t.d. samninginn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Í samræmi við hann þarf að taka sérstakt tillit til náttúruverndarsvæða og tryggja að þar sem verið er að endurheimta upprunaleg vistkerfi sé það aðeins gert með innlendum tegundum t.d. birki og víðitegundum. Í reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda (583/2000, 10. gr.) segir: *“Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sérfræðinganevndarinnar.”* Lögð er sérstök áhersla á að vistkerfi og ásýnd náttúrulegra birkiskóga innan sveitarfélagsins verði fyrir sem minnstri röskun. Það er í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í vernd lífríkis Íslands sem kemur fram í ritinu *Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020*, en þar segir að: *„Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.“* (Umhverfiráðuneytið, 2002).

VALKOSTIR

Umræða varð um hvort minnka ætti verndarsvæði jökulgarða sunnan Blákolls frá eldri aðalskipulagsáætlunum, en úr varð að stærð svæðisins helst óbreytt.

Birkiskógar og -kjarr hafa ekki áður verið settir undir vernd í Hvalfjarðarsveit. Valkostur var að setja þá tegund vistkerfis undir náttúruvernd, en hverfisvernd uppfyllir betur þau skilyrði verndar sem óskað er eftir. Hafnarskógur fær þ.a.l. hverfisvernd, þó möguleiki hefði verið að setja hann undir náttúruvernd (sjá nánar umfjöllun um náttúruvernd).

NÁTTÚRUVERND

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ	LÝSING	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
---	--------	------------	----------

Grunnafjörður – alþjóðlegt Ramsarsvæði	Víðáttumiklar leirur með miklu fuglalífi.	1.470	NF1
Melabakkar og Narfastaðaós	Fjölbreyttar og lífauðugar fjörur. Stórfellt sjávarrof. Merkar jarðfræðiminjar frá lokum síðasta jökulskeiðs auk fornskelja. Mikið útivistar- og rannsóknargildi.	381	N2
Hafnarskógur og nágrenni	Náttúrlegur birkiskógur í nágrenni þéttbýlis. Mikið útivistargildi.	974	N3
Borgarfjörður – fjörur og grunnsævi	Víðáttumikið grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars.	127	N4
Blautós	Fjörur og grunnsævi ásamt Innstavogsnesi. Miklar leirur, sjávarfitjar, mikið fuglalíf. Tilvalið útivistar- og fræðslusvæði.	6,7	N5
Hvalfjarðarströnd	Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.	279	N6
Svæði inn af Hvalfjarðarbotni	Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins, er í Botnsá.	6.255	N7

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNARI

- Stefnt skal að gerð verndaráætlunar fyrir sveitarfélagið, þar sem m.a. verði skilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr laga um náttúruvernd.
- Þar sem við á í Hvalfjarðarsveit skulu ákvæði í alþjóðlegum náttúruverndarsamningum sem Ísland hefur samþykkt uppfyllt eins og kostur er.

ALMENN UMFJÖLLUN

Samkvæmt náttúruverndarlögum er umgengnisréttur almennings um land á náttúruminjaskrá, sem og náttúruverndaráætlun töluverður. Meginmarkmið friðlýsingar svæða er að hamla gegn því að náttúru viðkomandi svæðis sé raskað. Ákvæði friðlýsinga og reglur sem gilda um friðlönd og fólkvanga geta verið mismikið bindandi fyrir landeigendur. Í friðlýsingunni er kveðið á um hversu víðtæk friðunin skuli vera, þar sem m.a. er gerð grein fyrir takmörkunum á framkvæmdum og umgengnisrétti almennings.

Samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999) njóta eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a - eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b - stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri
- c - mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- d - fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri
- e - sjávarfitjar og leirur.

Í náttúruminjaskrá eru upplýsingar um friðlýstar náttúruminjar, náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun og aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Samkvæmt 65. gr. laga um náttúruvernd (44/1999) skal umhverfisráðherra láta vinna náttúruverndaráætlun á a.m.k. fimm ára fresti fyrir allt landið. Á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 er tillaga gerð að einu svæði, 9,5 ha af Hafnarskógi, til friðlýsingar sem Fólkvangur (búsvæði) í Hvalfjarðarsveit. Svæðislýsingin er eftirfarandi: „*Náttúrulegur birkiskógur í nágrenni þéttbýlis. Hluti Hafnarfjalls er innan svæðisins, snarbratt og skriðurunnið. Ljósleitt berg, granófýr, skagar fram ofarlega í skriðunum og kallast Flyðrur. Glögg merki um strandlínu frá lokum ísaldar eru í hliðarfæti. Vinsælt útivistarsvæði.*” (Umhverfisstofnun, 2003).

Grunnafjörður er undir vernd samkvæmt Ramsar - samþykktinni um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi. Hún tók gildi hér á landi árið 1978 og er Grunnafjörður eitt þeirra þriggja svæða á Íslandi sem hafa verið tilkynnt á skrá hennar. Hún kveður m.a. á um að aðildarríki skuli styrkja vernd votlendis og votlendisfugla með stofnun friðlanda. Ríki eru hvött til þess að samþætta umhverfissjónarmið er tengjast votlendi. Undirbúnings- og ákvörðunarferli skal vera greinilegt og sýnilegt. Einnig hefur verið samþykkt ályktun þar sem aðildarlönd eru m.a. hvött til þess að styrkja viðleitni sína til þess að allar framkvæmdir, áætlanir, verkefni og stefnur sem geta haft áhrif á vistfræðilega eiginleika votlanda á Ramsar-skránni, eða geta haft neikvæð áhrif á önnur votlendi landsins, verði háð ítarlegu mati á áhrifum.

VATNSVERNDARSVÆÐI


SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

VATNSVERNDARSVÆÐI	STÆRD (HA)	TILVÍSUN
Brunnsvæði vatnsbóla fyrir Hlíðarbæ	1,0	VB1
Grannsvæði vatnsbóla fyrir Hlíðarbæ	21,5	VG1
Fjarsvæði vatnsbóla fyrir Hlíðarbæ	264	VF1
Brunnsvæði vatnsbóla OR við Hafnarfjalls	0,6	VB2
Grannsvæði vatnsbóla Orkuveitu Reykjavíkur	115	VG2
Fjarsvæði vatnsbóla Orkuveitu Reykjavíkur	206	VF2
Brunnsvæði vatnsbóls við Bugalæk	0,4	VB3
Grannsvæði vatnsbóls við Bugalæk	574	VG3
Fjarsvæði vatnsbóls við Bugalæk	2284	VF3
Brunnsvæði vatnsbóls við Svartalæk	4,9	VB4
Grannsvæði vatnsbóls við Svartalæk	58	VG4
Fjarsvæði vatnsbóls við Svartalæk	631	VF4
Brunnsvæði vatnsbóls við Súluá	0,4	VB5
Grannsvæði vatnsbóls við Súluá	70	VG5
Fjarsvæði vatnsbóls við Súluá	1163	VF5
Grannsvæði vatnstökustaðar við Geitaberg	99	VG6
Fjarsvæði vatnstökustaðar við Geitaberg	2035	VF6
Brunnsvæði vatnsbóla Akranesk.við Berjadalsá	0,6	VB7
Grannsvæði vatnsbóla Akraness við Berjadalsá	1013	VG7
Brunnsvæði vatnsbóla í Slögu	1,0	VB8
Grannsvæði vatnsbóla í Slögu	143	VG8
Brunnsvæði vatnsbóls í landi Bekansstaða	0,4	VB9
Grannsvæði vatnsbóla í landi Bekansstaða	28	VG9

Brunnsvæði vatnsbóla í landi Arkarlækjar	0,4	VB10
Grannsvæði vatnsbóla í landi Arkarlækjar	21	VG10
Fjarsvæði vatnsbóla norðvestan Akrafjalls	338	VF8-10

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Gæta skal þess að grunnvatni sé ekki spillt í sveitarfélaginu og nægt grunnvatn sé varðveitt til framtíðarnota.
- Vatnsverndarsvæði í Akrafjalli verði ekki fyrir meira álagi en orðið er.
- Grunnvatn og yfirborðsvatn verði flokkað í öllu sveitarfélaginu með tilliti til ástands og notagildis þess.
- Ganga skal frá vatnsbólum sem ekki standast ákvæði reglugerða um frágang brunnsvæða.
- Skilgreind verði vatnsverndarsvæði umhverfis vatnsból þar sem slíkt hefur ekki verið gert.
- Komið verði á reglubundnu eftirliti með vatnsbólum þannig að tryggt sé að vatnsgæði séu eins góð og kostur er.
- Á vatnsverndarsvæðum sem taka til brunn- og grannsvæða skal haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands um skógræktaráætlanir og uppgræðsluaðferðir við landgræðslu.
- Innan grannsvæða vatnsbóla sem jafnframt eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði sé landnotkun aðeins í formi búfjárbættar eða skógræktar.
- Á grannsvæðum er óheimilt að grafa framræsluskurði nær vatnsbólum en 100 m.
- Búfjárbættir sé ekki dreift nær vatnsbólum, lindum, brunnum eða borholum en 50 m. Ef aðstæður eru á einhvern hátt óhagstæðar getur verið þörf fyrir meiri fjarlægð frá þessum stöðum.
- Meiri háttar vatnstaka á vatnasviði veiðiáa er ekki heimil nema að sýnt sé með rannsóknum að hún hafi ekki neikvæð áhrif á laxveiði og vistkerfi ána.



BRUNNSVÆÐI VIÐ BERJADALSÁ. ÞÞ.

ALMENN UMFJÖLLUN

Ein meginforsenda þess að byggð fái þrífist er tryggt aðgengi að góðu neysluvatni. Með tilliti til þess er verndun vatnsbóla og svæða umhverfis þau mjög mikilvæg og því hafa vatnsverndarsvæði yfirleitt forgang umfram aðra

landnotkun í skipulagsmálum. Með afmörkun vatnsverndarsvæða er reynt að tryggja að vatnsmagni og vatnsgæðum mikilvægra linda verði ekki raskað. Stærð og lögun verndarsvæða ræðst af land- og jarðfræðilegum aðstæðum innan viðkomandi vatnasviðs.

Samkvæmt reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla (522/1994) telst neysluvatn til matvæla. Með tilliti til þess þarf að koma upp eftirliti með vatnsbólum þannig að tryggt sé að vatnsgæði séu ávallt eins góð og kostur er. Slíkt eftirlit getur m.a. falið í sér reglulega sýnatöku ásamt viðhaldi á veitukerfi og girðingum. Vatnsból sem nýtt eru til matvælaframleiðslu þurfa að uppfylla staðla um vatnsgæði sem tilgreind eru í reglugerð um neysluvatn (536/2001) og fá vottun heilbrigðisfulltrúa Vesturlands.

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999) átti flokkun vatns að vera lokið fyrir árið 2003 og vatnsverndarsvæði skilgreind umhverfis vatnsból. Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri (804/1999) skal einnig kortleggja vatnasvæði sem talin eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn köfnunarefnismengun frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri; sem og þau svæði sem eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis. Stefnt er að því að þessari vinnu verði lokið á fyrri hluta skipulagstímabils.

Þörf var á að skoða neysluvatnsmál í sveitarfélaginu, m.a. vegna ýmissa áforma um uppbyggingu í Melahverfi og hafnarsvæðis við Grundartanga en að auki lágu fyrir beiðnir frá fyrrum sveitarfélögum hins sameinaða sveitarfélags um úrbætur. Að lokinni athugun á lagalegum skyldum sveitarfélagsins til að reka vatnsveitur fyrir íbúa og starfsemi þess var afraðið að stofna sameignarfélag um vatnsveitumál í Hvalfjarðarsveit og við Grundartanga. Í framhaldinu var skrifað undir stofnsamning Vatnsveitufélags Hvalfjarðar sf, sameignarfélag Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna, þann 19. maí 2008. Fyrstu verkefni sameignarfélagsins voru þau að þróa áfram vatnstökumöguleika í landi Leirárgarða og Geldingaár, en þegar höfðu Faxaflóahafnir sf. og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar staðið fyrir rannsóknum á neysluvatni á jörðunum.

Gert er ráð fyrir að bora minnst þrjár vinnsluholur. Dælt verður upp úr tveimur þeirra, en þriðja holan verður til vara ef bilanir koma upp. Gert er ráð fyrir að vatnstaka í byrjun verði um 20 l/sek (jafngildir um 0,63 millj.m³ á ári), ef svæðið gefur það af sér og ekki eru meinbugir á þeirri vatnstöku. Vatninu verður veitt að Melabyggð og Grundartanga eftir u.þ.b. 10 km langri plastleiðslu sem verður grafin niður á um 1 m dýpi. Fyrirhugað vatnstökusvæði nýtur nú þegar verndar og er skilgreint á aðalskipulagi sem grannsvæði vatnsverndar við Bugalæk (VG3). Við Bugalæk er vatnsból Leirárgarða skammt frá fyrirhuguðum vatnsbólum.

Öll vatnsverndarsvæði utan þau við Geitaberg (VG6 og VF6) eru nú þegar í notkun. Grann- og fjarsvæði við Geitaberg eru hugsuð til framtíðarnota.

VALKOSTIR

Vatnasvæði Bugalækjar og úr melunum milli Leirár og Geldingaár er talinn vænlegur kostur til að afla neysluvatns. Vatnsveita Akraness hafði þegar staðið fyrir rennismælingum í Bugalæk og Geldingaá á árunum 1974 - 1977. Í júní 2007 var aftur settur upp vatnsborðsmælir í Bugalæk. Meðalrennsli þar er nú áætlað um 170 l/sek og er þess vænst að með borunum ofan við lindirnar verði hægt að ná heldur meira vatni að jafnaði en sem nemur lágmarksrennsli lækjarins. Haustið 2007 voru boraðar þrjár könnunarholur (5") til að kanna þykkt melsins og vatnsgæfni. Niðurstöðurnar voru jákvæðar og bentu til að góður kostur gæti verið að bora vinnsluholur á melnum fyrir vatnsveitu.

Öll vatnsvernd var endurskoðuð frá fyrri aðalskipulagsuppdráttum af Ísor ehf. Í framhaldi var skilgreiningu á nokkrum af vatnsverndarsvæðum Akrafjalls

breytt úr grannsvæðum í fjarsvæði. Vegna hugmyndar um vatnsöflun úr Bugalæk var vatnsverndarsvæði við Hlíðarfót fellt niður. Einnig bættist við 264 ha fjarsvæði fyrir ofan Hlíðarbæ.

VÖTN, ÁR OG SJÓR

SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI

VÖTN, VATNSFÖLL OG SJÓR
Vötn – öll helstu vötn í sveitarfélaginu
Ár – allar helstu ár í sveitarfélaginu
Sjór - Hvalfjörður, Borgarfjörður, Grunnafjörður

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Hvalfjarðarsveit standi vörð um ár, vötn og strandsvæði og gæti þess að þau spillist ekki.
- Öll efnistaka úr ám er leyfisskyld.
- Skyld er að hafa samráð við Siglingastofnun varðandi lágmarksgólfhæð bygginga þar sem ástæða þykir til vegna landbrots og hækkandi sjávarstöðu.
- Vegna ágangs sjávar skal byggð standa að lágmarki 50 m frá sjávarkambi, en þörf er á meiri fjarlægð á láglendissvæðum. Nákvæm fjarlægð skal ákvörðuð í samráði við Siglingastofnun.
- Aðeins verði notað rakt salt við hálkueyðingu á stofn- og tengivegum sem liggja nærri ám og vötnum.



SJÓVARNARGARÐUR Í HVALFJARÐARSVEIT. ÞÞ.

ALMENN UMFJÖLLUN

Efnistaka úr farvegum allra áa er leyfisskyld, enda getur óhófleg efnistaka leitt til landbrots á öðrum stöðum í ánni og valdið tjóni á landi annarra en þess sem að efnistökkunni stóð.

Landbrot er víða í sveitarfélaginu. Unnar hafa verið áætlanir um viðeigandi ráðstafanir á Innnesi með byggingu sjóvarnargarða. Hönnun sjóvarnargarða skal gerð í samráði við Siglingastofnun.

ÓBYGGÐ SVÆÐI**SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI**

ÓBYGGÐ SVÆÐI	STÆRD (HA)	TILVÍSUN
Strönd Hvalfjarðar, Borgarfjarðar og Grunnafjarðar	594	-
Veghelgunarsvæði stofn- og tengivega	618	-
Helgunarsvæði háspennulína	245	-
Óbyggð svæði meðfram vötnum og vatnsföllum	335	-

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Heimilt er að leggja reiðvegi og veitulagnir innan helgunarsvæðis þjóðvega ef samþykki Vegagerðarinnar liggur fyrir.
- Óbyggð svæði meðfram ám og vötnum sé óbyggt mannvirkjum öðrum en göngu- og veiðivegum. Svæðin skulu nýtt til útivistar og stangveiði.
- Óbyggt svæði (belti) sem liggur frá Brennimel til norðausturs út úr sveitarfélaginu er ætlað háspennulínu. Svæðið skal vera óbyggt mannvirkjum öðrum en raflínumöstrum og línuvegi.

ALMENN UMFJÖLLUN

Óheimilt er að hindra för útivistarfólks og veiðimanna meðfram ám og vötnum með girðingum eða öðrum hindrunum.

SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ**SKILGREIND SVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI**

Engin svæði eru skilgreind undir náttúruvá í Hvalfjarðarsveit.

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Stefnt er að því að ljúka mati á ofanflóðahættu í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu.

ALMENN UMFJÖLLUN

Ekki hefur verið framkvæmt mat á ofanflóðahættu í Hvalfjarðarsveit. Aðalskipulagið er því staðfest með fyrirvara um slíkt hættumat, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (49/1997).

Jarðskjálftavirkni er ekki mikil í sveitarfélaginu og goshætta afar lítil. Á svæðinu geta myndast töluverðir vindstrengir t.d. þegar vind leggur niður Akrafjall, sem og við Hlíðarbæ, við Hafnarfjall og Þyril.

ÞÉTTBÝLI**SKILGREIND ÞÉTTBÝLISSVÆÐI Á SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI**

- Melahverfi
- Innnes

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Uppbyggingu íbúðarsvæðis sé áfangaskipt í samræmi við getu sveitarfélagsins til að svara aukinni eftirspurn eftir þjónustu samhliða fjölgun íbúa.

- Sveitarfélagið annir eftirspurn eftir íbúðarlóðum.
- Í þéttbýli Hvalfjarðarsveitar sé gert ráð fyrir rúmum svæðum til útivistar innan byggðar.

ALMENN UMFJÖLLUN

Ekki hefur áður verið skilgreint þéttbýli í Hvalfjarðarsveit. Íbúðasvæði voru skilgreind í aðalskipulagsáætlunum fyrrum sveitarfélaganna fjögurra, þar á meðal Melahverfi og svæði á Innnesi. Þau svæði hafa nú verið stækkuð til muna og fá skilgreiningu þéttbýlis, sem bæði svæðin falla undir samkvæmt skipulagsreglugerð.

VALKOSTIR

Umræða varð um stærð fyrirhugaðra þéttbýliskjarna (m.ö.o. stærð íbúðasvæða innan þeirra) og þéttleika íbúðasvæðanna. Valkostur var að hafa öll íbúðasvæðin stærri, þar sem ástæða þótti til að taka frá íbúðasvæði til framtíðarnota. Nýtingarhlutfall svæðanna þarf þó að vera innan marka íbúafjöldaspár. Meðalvegur var farinn með stærð og nýtingu íbúðasvæðanna í aðalskipulagsáætlun.

Að sama skapi varð umræða um hlutföll í landnotkun Melahverfis þar sem fyrsta tillaga afmarkaði mun minni opin svæði til sérstakra nota.

MELAHVERFI – SKIPULAGSÁÆTLUN

SKILGREIND LANDNOTKUN Á ÞÉTTBÝLISUPPDRAETTI

LANDNOTKUNARREITUR	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Íbúðasvæði	19,5	Í1
Íbúðasvæði	9,0	Í2
Svæði fyrir þjónustustofnanir	0,7	PS1
Verslun og þjónusta	0,5	VP1
Verslun og þjónusta	0,6	VP2
Opið svæði til sérstakra nota	6,4	O1
Opið svæði til sérstakra nota	0,7	O2

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Þéttleiki íbúðasvæðis Í1 er 5 íbúðir á ha.
- Þéttleiki íbúðasvæðis Í2 er 11 íbúðir á ha.
- Þéttleiki íbúðasvæðis Í3 er 5 íbúðir á ha.
- Íbúðarhús í Melahverfi skulu að hámarki vera tvær hæðir.
- Nýtingarhlutfall sé að hámarki 0,4 á öllum svæðum



MELAHVERFI. ÞÞ.

ALMENN UMFJÖLLUN

Melahverfi er staðsett austan Hringveggar (1), í 10 km fjarlægð frá Akranesi, u.þ.b. 25 km fjarlægð frá Borgarnesi og er aðlaðandi hverfi m.t.t. legu og nálægðar við höfuðborgarsvæðið.

Það eru þrjú skilgreind íbúðasvæði í Melahverfi. Svæði (Í1) er 7 hektarar. Þar eru skipulagðar 36 lóðir og búið er að byggja 21 íbúðarhús á svæðinu. Þéttleiki byggðar er 5 íbúðir á ha. Þar bjuggu 100 manns árið 2008.

Á íbúðasvæðinu sunnan vegar (Í2) var deiliskipulag samþykkt árið 2009. Þar eru skipulagðar 66 lóðir, á 9 ha svæði, með áætluðu magni íbúða 98. Þéttleiki byggðar er 11 íbúðir á ha. Gert er ráð fyrir að það geti tekið við u.þ.b. 260 íbúum.

Íbúðasvæði norðan núverandi byggðar (Í3) er til framtíðarnota. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Stærð svæðis er 12,4 ha. Gert ráð fyrir 5 íbúðum á ha, sem nemur 62 íbúðum og að þar búi um 170 manns.

Þegar íbúðasvæðin eru fullbyggð má gera ráð fyrir að í Melahverfi búi um 530 manns.

Á svæði fyrir þjónustustofnanir (ÞS1) er stjórnsýslan til húsa, en þar er einnig starfræktur leikskóli. Leikskólinn er ekki fullnýttur, en gert er ráð fyrir betri nýtingu hans áður en undirbúningur hefst að uppbyggingu nýs leikskóla í sveitarfélaginu.

Svæði undir verslun- og þjónustu (VÞ1 og VÞ2), eru fyrirhuguð til framtíðarnota.

Skjólbeltarækt er fyrirhuguð á opnu svæði til sérstakra nota sem liggur að Hringvegi (1), (O1). Annað opið svæði til sérstakra nota hefur verið tekið frá sem leiksvæði barna (O2).

Gert er ráð fyrir að hringtorg verði gert (eða mislæg gatnamót) á Hringvegi (1) til móts við Melahverfi á skipulagstímanum. Það bætir vegtengingar við hverfið og eykur umferðaröryggi. Í grennd eru áhugaverð útivistarsvæði, s.s. Eiðisvatn. Umhverfisgæði verða höfð að leiðarljósi í Melahverfi. Ný byggingarsvæði eru staðsett á síður viðkvæmum svæðum þar sem tillit hefur verið tekið til vistkerfis; s.s. til búsvæða fugla. Greiðar og góðar gönguleiðir eiga að einfalda aðgengi almennings að aðliggjandi umhverfisgæðum. Búseta í Melahverfi á að geta boðið íbúum upp á heilsuvænan lífsstíl í nálægð við náttúru. Staðarandi á að vera hvetjandi til að stunda göngur, hjólræðið og garðyrkju.

INNES – SKIPULAGSÁÆTLUN

SKILGREIND LANDNOTKUN Á ÞÉTTBÝLISUPPDRÆTTI

LANDNOTKUNARREITUR	STÆRÐ (HA)	TILVÍSUN
Íbúðasvæði norðan Innnesvegjar	17,8	Í1
Íbúðasvæði - Krossland	6,6	Í2
Svæði fyrir þjónustustofnanir	3,2	ÞS1
Iðnaðarsvæði	0,1	I1

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

INNES

- Íbúðabyggð á Innnesi þróist frá vesturmörkum sveitarfélagsins við Akraneskaupstað til austurs.
- Á íbúðasvæði norðan Innnesvegjar (Í1) sé þéttleiki íbúðarbyggðar hámark 25 íbúðir á hvern hektara og hús séu mest þrjár hæðir.
- Á íbúðasvæði Krosslands (Í2) sé þéttleiki íbúðarbyggðar hámark 20 íbúðir á hvern hektara og hús séu mest tvær hæðir.
- Næst á eftir uppbyggingu þeirri sem nú fer fram í landi Kross, verði haldið áfram uppbyggingu í Krosslandi, áður en skipulagt verði norðan Innnesvegjar.
- Uppbygging verði hafin á leikskóla á svæði undir þjónustustofnanir í landi Fögrubrekku samkvæmt samþykktu deiliskipulagi þegar tilefni þykir til.
- Undirbúningur verði hafinn að skipulagi grunnskóla á skilgreindu svæði undir þjónustustofnanir í landi Fögrubrekku þegar tilefni þykir til.
- Skyld er að hafa samráð við Siglingastofnun varðandi lágmarksgólfhæð bygginga þar sem ástæða þykir til vegna landbrots og hækkandi sjávarstöðu.

ALMENN UMFJÖLLUN

Á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags Innri-Akraneshrepps 2002-2014 er lagt til að skilgreind íbúðasvæði Innness verði fyrsti vísir að myndun þéttbýlis í sveitarfélaginu. Það hefur þó ekki gengið eftir, þar sem uppbygging hefur verið hraðari í Melahverfi. Staðsetning Innness austan megin við sveitarfélagamörk við Akranes er mjög hagstæð. Þar sem byggingarland á Akranesi er svo að segja uppuríð má gera ráð fyrir því að þeir sem vilja nýta sér þjónustuna á Akranesi hafi í auknum mæli áhuga á því að búa á Innnesi. Svæðið er að sama skapi góður valkostur fyrir fólk sem starfar á iðnaðar- og hafnarsvæði Grundartanga.

Ef reiknað er með 2,68 íbúum á hverja íbúð (meðaltal íbúa í hverri íbúð á landsvísu samkvæmt heimild Hagstofu Íslands) og 25 íbúðum á hvern ha á íbúðasvæði norðan Innnesvegjar (Í1) og 19 íbúðum á hvern ha í Krosslandi (Í2), mun Innnes geta tekið við rúmlega 1.500 íbúum, þar af tæplega 1.200 á svæðinu norðan Innnesvegjar og 340 í Krosslandi. Uppbygging verði ekki hafin norðan Innnesvegjar (Í1) fyrr en henni er lokið í Krosslandi (Í2), en þar er þegar hafin uppbygging fyrsta áfanga. Nauðsynlegt er að stýra uppbyggingunni þannig að byggðin verði samfelld og heildstæð þrátt fyrir að henni sé áfangaskipt.

Alifuglabú er rekið að Fögrubrekku sem er í rúmlega 150 -200 m fjarlægð frá skilgreindum íbúðarsvæðum. Ákvæði í reglugerð um hollustuhætti (941/2002, 1. mgr., 23 gr.), kveður á um að óheimilt sé að hafa alifuglabú nær mannabústöðum en sem nemur 500 metrum. Í samningi milli landeiganda og

sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að alifuglabúið leggi niður starfsemi sína þegar öðrum áfanga uppbyggingar íbúðarhverfis á Krosslandi er lokið.

Þjónustusvæðið í landi Fögrubrekku (ÞS1) er tekið frá til uppbyggingar skólasvæðis til framtíðarnota. Það er hugsað fyrir grunn- og leikskóla. Til er samþykkt deiliskipulag fyrir leikskóla.

Iðnaðarsvæðið (I1) er dælustöð frárennslis.

5 UMhverfisáhrif AÐALSKIPULAGSÁÆTLUNAR

Skýlt er að umhverfisskýrsla fylgi aðalskipulagsáætlunum samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana (105/2006). Í 9. gr. sömu laga segir:

Sá sem ber ábyrgð á umhverfismati áætlunar skal við afgreiðslu áætlunar hafa hliðsjón af umhverfisskýrslu og þeim athugasemdum sem borist hafa við tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu, sem og ef borist hafa athugasemdir frá öðrum ríkjum vegna áhrifa þar.

Eftir afgreiðslu áætlunar skulu eftirtalin gögn kynnt þeim sem hafa fengið tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu til sérstakrar kynningar og skulu þau varðveitt á aðgengilegan hátt:

a.

Endanleg áætlun.

b.

Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma við tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun, í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.

c.

Hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda."

Þeir umhverfispættir sem til mats voru við gerð Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 eru annars vegar hagrænir og félagslegir umhverfispættir, nánar tiltekið: Framboð á íbúðarhúsnæði, atvinnuframboð, öryggi og íbúafjöldaþróun. Hins vegar eru teknir til mats umhverfispættirnir umhverfi og verndarsvæði, nánar tiltekið: Gróðurþekja, náttúrulegir birkiskógar og - kjarr, svæði í náttúrunni undir vernd, vatnsverndarsvæði og þjóðminjar.

Taldar voru líkur á umhverfisáhrifum af stefnumörkun aðalskipulagsáætlunar fyrir eftirfarandi landnotkunarflokk: íbúðasvæði, samgöngur, svæði fyrir frístundabyggð, athafnasvæði, svæði fyrir landbúnað, iðnaðarsvæði, hafnarsvæði, efnistökusvæði, svæði undir hverfisvernd, vatnsverndarsvæði, og þéttbýli. Litlar líkur eru á umhverfisáhrifum vegna stefnumörkunar annarra landnotkunarflokka. Meðfylgjandi vensl að fyrirmynd Skipulagsstofnunar voru notuð við umhverfismatið. Venslatöflur voru gerðar fyrir hvern landnotkunarflokk eða einstaka framkvæmd í tilraun til að meta samlegðaráhrif á umhverfispættina fyrir samfélagið í heild.

++	Líkur eru á að stefna aðalskipulags hafi veruleg jákvæð áhrif
+	Líkur eru á að stefna aðalskipulags hafi talsverð jákvæð áhrif
0	Líkur eru á að stefna aðalskipulags hafi óveruleg áhrif
-	Líkur eru á að stefna aðalskipulags hafi talsverð neikvæð áhrif
--	Líkur eru á að stefna aðalskipulags hafi veruleg neikvæð áhrif
?	Stefna aðalskipulags hefur óviss áhrif

SAMLEGÐARÁHRIF STENUMÖRKUNAR HVERS LANDNOTKUNARFLOKKS

ÍBÚÐASVÆÐI

Hagræn áhrif af stefnumörkun fyrir íbúðasvæði eru veruleg jákvæð, þar sem fjölbreytileiki í staðsetningu og nýtingarhlutfalli íbúðasvæða eru forsendur fyrir því að markmið um íbúafjöldaþróun náist í sveitarfélaginu. Áhrif á umhverfi og verndarsvæði eru óveruleg, því íbúðasvæðin eru ekki staðsett á svæðum undir vernd. Því eru samlegðaráhrif af stefnumörkun fyrir íbúðasvæði veruleg jákvæð fyrir Hvalfjarðarsveit og styðja við þau meginmarkmið aðalskipulagsins varðandi byggð og atvinnu að *búsetu sé viðhaldið og hún eflid í sveitarfélaginu með aðgerðum sem bæta búsetuskilyrði og metin sé landþörf fyrir íbúðarbyggð og tryggt að ávallt séu tiltækar byggingarlóðir*. Umhverfisáhrif af núllkosti til samanburðar eru talsverð neikvæð fyrir hagræna og félagslega umhverfispætti, en óveruleg fyrir umhverfi og verndarsvæði.

SAMGÖNGUR

Framfylgd stefnumörkunar um samgöngur hefur veruleg jákvæð áhrif á hagræna og félagslega umhverfispætti. Bættar samgöngur eru m.a. leið til að ná markmiði sveitarstjórnar um *að viðhalda og efla búsetu í sveitarfélaginu með aðgerðum sem bæta búsetuskilyrði*, auk þess sem bættar samgöngur eru beinlínis ein af meginmarkmiðunum með aðalskipulaginu. Fjölgun reiðleiða frá fyrri aðalskipulagsáætlunum hefur að auki mjög jákvæð áhrif á hagræna og félagslega umhverfispætti sem til mats eru þar sem það eykur útivistarmöguleika í sveitarfélaginu og hefur ýmis margfeldisáhrif, s.s. í formi aukinnar ferðamennsku og atvinnu.

Áhrif á umhverfi og svæði undir vernd eru í lágmarki, þar sem nýjar veglínur eru ekki margar í aðalskipulagsáætlun. Þó ber að nefna nýjan tengiveg austan við Eiðisvatn (skilgreindur í samþykktu aðalskipulagi Hvalfjarðarstrandarhrepps 2002-2014), auk nokkurra endurbóta á vegamótum í sveitarfélaginu, sem og breikkun Hringveggar (1) frá Hvalfjarðargöngum og að gatnamótum við Melahverfi. Þessar breytingar teljast það veigalittlar að þær hafa óveruleg sjónræn áhrif, sem og óveruleg áhrif á landslag, vistkerfi, gróðurfar og jarðmyndanir. Þær eru ekki staðsettar þar sem er vatnsvernd, strandsvæði eða þjóðminjar.

Samlegðaráhrif af stefnumörkun þessa landnotkunarflokks teljast því jákvæð. Umhverfisáhrif af núllkosti til samanburðar eru líkleg til að verða veruleg neikvæð á hagræna og félagslega umhverfispætti, en óveruleg á umhverfi og svæði undir vernd.

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Frístundabyggðum fækkar frá eldri aðalskipulagsáætlunum og heildarflatarmál svæða sem eru tekin frá undir frístundabyggð minnkar um u.þ.b. 110 ha frá samþykktum skipulagsáætlunum og fellur aftur undir landbúnaðarnot. Það hefur veruleg jákvæð áhrif á umhverfi og svæði undir vernd. Aukið tillit er tekið til umhverfissjónarmiða við stefnumörkun fyrir frístundabyggð. Til að mynda eiga frístundabyggðasvæði að vera skipulögð í heild sinni og hömlur eru settar á uppbyggingu þeirra á svæðum undir vernd og þar sem náttúrulegur birkiskógur vex. Samlegðaráhrif stefnumörkunarinnar eru því talsverð jákvæð. Áhrif núllkosta á hagræna og félagslega umhverfispætti yrðu einnig talsverð jákvæð, en líkur eru á neikvæðum áhrifum núllkosta á umhverfi og svæði undir vernd.

ATHAFNASVÆÐI

Svæði að stærð 300 ha við Grundartanga er skilgreint sem athafnasvæði á kostnað iðnaðarsvæða sem voru skilgreind í eldri aðalskipulagsáætlunum. Það eykur fjölbreytni í atvinnulífi, tækifæri til samkeppni og ýtir þannig undir íbúafjölgun. Þetta hefur að auki talsverð jákvæð áhrif á umhverfispættina *umhverfi og verndarsvæði*. Litið er svo á að samlegðaráhrif af stefnumörkun

um athafnasvæði hafi talsverð jákvæð áhrif á umhverfispætti þá sem til mats eru, umfram þann kost að hafa svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði. Til samanburðar eru líkur á að hagræn og félagsleg áhrif núllkosta væru óveruleg, en talsverð neikvæð á umhverfi og svæði undir vernd.

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Samlegðaráhrif stefnumörkunar fyrir landbúnaðarsvæði eru talsverð jákvæð, sem og á umhverfi og svæði undir vernd, en sérstaklega er hugað að því að varðveita svæði og halda þeim lífvænlegum og arðbærum til framtíðarnota fyrir komandi kynslóðir.

Ræktunaráætlanir yfir 200 ha að stærð eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Engin ræktunaráætlun í Hvalfjarðarsveit nær þeirri stærð, en heildarflatarmál skógræktaráætlana í sveitarfélaginu, 885 ha, (2,5% flatarmáls lands undir 400 m h.y.s.) veldur því að samlegðaráhrif á umhverfið verða þó nokkur. Skógrækt hefur jákvæð hagræn og félagsleg áhrif, þar sem hún er atvinnuskapandi aukabúgrein í landbúnaði og skapar góðar aðstæður til útivistar. Útivistarskógar hafa aðdráttarafl og eru þannig áhrifavaldar á ferðaþjónustuiðnaðinn. Önnur áhrif eru sér í lagi sjónræn áhrif og áhrif á ásýnd lands, sérstaklega af stórum samfelldum svæðum og svæðum í hallandi landi og sem liggja hátt yfir sjávarmáli. Skiptar skoðanir eru um hvort þessi umhverfisáhrif eru jákvæð eða neikvæð. Með hömlum á ræktun erlendra plöntutegunda í náttúrulega birkiskóga (birkiskógur sem fullvaxinn getur náð a.m.k. 2 m hæð, er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og þekur a.m.k. 10% svæðis, sé tekið tillit til skilgreiningar Skógræktar ríkisins) er gerð tilraun til að lágmarka áhrifin á ásýnd lands í Hvalfjarðarsveit.

Niðurstöður rannsóknarinnar *Skógvist- líffræðileg fjölbreytni, framvinda og kolefnishringrás íslenskra skóga* (Bjarni D. Sigurðsson, 2003), staðfesta að verulegar breytingar verða á lífríki viðkomandi svæðis þegar skógur vex þar upp, en sýna jafnframt að með markvissu vali á trjátegundum, upphafspéttleika og grisjun má hafa mikil áhrif á framvindu lífríkisins. U.þ.b. 80% trjátegunda sem notaðar eru í nytjaskóga eru erlendar. Með ræktun á erlendum trjám / plöntutegundum verða áhrif á íslensk vistkerfi sem ekki er hægt að sjá fyrir um hver eru til frambúðar og hver eru afturkallanleg. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að barrtegundir og lerki hafi meiri áhrif á gróðurfar á skógarbotni en birkitré (Ásrún Elmarsdóttir, ofl., 2007).

Litið er svo á að samlegðaráhrif af stefnumörkun um landbúnað eru talsverð jákvæð til samanburðar við núllkost, sem gæti haft í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif á alla umhverfispættina.

IÐNAÐARSVÆÐI

Það hefur jákvæð umhverfisáhrif að heildarsvæði sem skilgreint er undir iðnað við Grundartanga minnkar um u.þ.b. 300 ha frá eldri aðalskipulagsáætlunum, en sá landnotkunarflokkur gerir ráð fyrir starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér. Sú stefnumörkun að einskorða uppbyggingu iðnaðar að mestu leyti við Grundartangasvæðið lágmarkar neikvæð umhverfisáhrif fyrir sveitarfélagið, svo sem mengun og áhrif á vistkerfi, eða á náttúru- og menningarminjar. Helstu neikvæðu umhverfisáhrifin eru sjónræn áhrif af verksmiðjunum við Grundartanga. Stefnumörkun í greinargerð aðalskipulagsáætlunar er ætlað að lágmarka umhverfisáhrif vegna uppbyggingar iðnaðar í Hvalfjarðarsveit, m.a. með kröfu um að mótvægisáðgerðir vegna umhverfisáhrifa, sem og að vöktunaráætlun umhverfispátta sé tilgreind í deiliskipulagi iðnaðarsvæða.

Samlegðaráhrif eru talsverð jákvæð, sérstaklega vegna verulegra jákvæðra hagrænna og félagslegra áhrifa, þrátt fyrir að talsverð neikvæð áhrif séu á umhverfi og svæði undir vernd. Sérstaklega eru neikvæðu umhverfisáhrifin sjónræn.

HAFNARSVÆÐI

Stækkun hafnarsvæðis við Grundartanga hefur veruleg jákvæð hagræn og félagsleg áhrif á sveitarfélagið og eykur samkeppnishæfni sveitarfélagsins til muna. Það veldur því að samlegðaráhrif af framkvæmdinni eru talsverð jákvæð, jafnvel þó áhrif á umhverfi og svæði undir vernd séu talsverð neikvæð. Þar sem framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum (2. viðauki, 13a) bar Skipulagsstofnun að úrskurða um matsskyldu hennar. Stofnunin úrskurðaði þann 23. júlí 2009 að framkvæmdin sé ekki matsskyld. Engu að síður eru umhverfisáhrif af henni, t.a.m. á landslag, vistkerfi og strandsvæði.

Í greinargerð aðalskipulagsáætlunar er sett fram sú stefnumörkun að mótvægisáðgerðir vegna umhverfisáhrifa hafnaraðstöðu, sem og vöktunaráætlun umhverfisþátta, skulu tilteknar í greinargerð deiliskipulagsáætlunar hafnarsvæða.

Til samanburðar við núllkost eru jákvæð hagræn og félagsleg áhrif af framfylgd aðalskipulagsáætlunar veruleg jákvæð, en áhrif á umhverfi og svæði undir vernd talsverð neikvæð.

EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnisnámum fækkar um tvær (með efnistöku að hámarki 130.000 m³) frá eldri aðalskipulagsáætlunum, en mögulegt hámark efnistöku eykst þó um 270.000 m³, að mestu vegna þess að áætlað hámark efnis sem tekið verður úr námu í landi Stóru-Fellsaxlar eykst úr 800.000 m³ í 1.200.000 m³ (mögulegt hámark efnistöku úr öðrum efnisnámum eykst ekki frá eldri aðalskipulagsáætlunum). Náman er í eigu sveitarfélagsins, sem hyggst nýta til fulls það efni sem eftir er á svæðinu. Í tillögu að matsáætlun vegna efnistökkunnar (UMÍS ehf. Environice, 2008) kemur fram að staðhættir námunnar valda því að megináhersla matsferlis verður á sjónræn áhrif og landslag. Að öðru leyti er hér vísað í frummatsskýrslu sem unnin er af UMÍS ehf. Environice, varðandi umhverfisáhrif af framkvæmdinni (frummatsskýrslan var á lokastigum þegar umhverfisskýrsla aðalskipulagsáætlunarinnar var unnin).

Umhverfisáhrif af efnistöku í sveitarfélaginu eru mest sjónræn, þar sem flestar námanna eru í sjónfæri frá fjölförnum vegum sveitarfélagsins. Eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsáætlunarinnar er að umhverfisásýnd verði bætt með uppgræðslu rofsvæða, frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum og förgun ónýtra tækja og mannvirkja. Lögð er áhersla á að ná yfirsýn yfir og auka eftirlit með efnistöku og frágangi efnisnáma í sveitarfélaginu. Líta má á það sem mótvægisáðgerðir við sjónrænum áhrifum sem verða við fullnýtingu á skilgreindum námum í Hvalfjarðarsveit.

Samlegðaráhrif við framfylgd stefnumörkunar í skipulagsáætlun eru talsverð jákvæð, miðað við núllkost, sem hefði í för með sér talsverð neikvæð umhverfisáhrif.

SVÆÐI UNDIR HVERFISVERND

Eðli málsins samkvæmt hefur öll verndun í náttúrunni jákvæð áhrif á á umhverfi og svæði undir vernd. Stefnumörkun þessa landnotkunarflokks er einnig í samræmi við leiðarljós aðalskipulagsáætlunar um að *verndun merkra og mikilvægra staða og svæða sé höfð í fyrirrúmi*.

Samlegðaráhrif af stefnumörkun um hverfisvernd eru því veruleg jákvæð fyrir Hvalfjarðarsveit. Til samanburðar hefði núllkostur óveruleg umhverfisáhrif í sveitarfélaginu.

VATNSVERNDARSVÆÐI

Neysluvatn er grunnur þess að byggð geti þróast og eitt af meginmarkmiðunum með aðalskipulagsáætlun Hvalfjarðarsveitar er að *tryggt verði að gjöfular vatnslindir, hvort tveggja nýttar sem ónýttar og aðrennslissvæði þeirra séu undir vernd*. Breytingar á afmörkun

vatnsverndarsvæða koma að stærstum hluta til með nýju vatnsverndarsvæði við Hliðarbæ að stærð 22,5 ha. Í Akrafjalli breytast skilgreiningar vatnsverndarsvæða þar sem hluti grannsvæðis verður að fjarsvæði. Heildarflatarmál fjarsvæða stækkar í u.þ.b. 600 ha, en á móti minnkar flatarmál grannsvæða um u.þ.b. 150 ha, þar sem verndarákvæði í lögum eru mun strangari. Stefna er einnig mörkuð um að vatnsverndarsvæði Akrafjalls verði ekki fyrir meira álagi en orðið er. Það gildir hvort sem um grannsvæði eða fjarsvæði er að ræða. Samlegðaráhrif stefnumörkunar um vatnsvernd í Hvalfjarðarsveit eru því veruleg jákvæð fyrir alla umhverfisþættina sem til mats eru.

ÞÉTTBÝLI

Almenn stefnumörkun fyrir þéttbýlissvæði í Hvalfjarðarsveit hefur mjög jákvæð hagræn áhrif á sveitarfélagið. Stefnumörkun um uppbyggingu í Melahverfi hefur jákvæð hagræn og félagsleg áhrif, en líkur eru á því að svæðið byggist hratt upp með áframhaldandi uppbyggingu við Grundartanga.

Hagræn áhrif af uppbyggingu Innness eru einnig jákvæð, þó að um þann fyrirhugaða þéttbýliskjarna gildi önnur lögmál en um Melahverfi. Líta má svo á að fjöldi íbúðarhúsalóða sem verða til við myndun þéttbýlis á Innnesi sé umfram áætlaða fjölgun íbúa í sveitarfélaginu, en í aðalskipulagi Innri-Akranshreypps 2002-2014 var þá þegar gerð tillaga að því að svæðið yrði fyrsti vísir að myndun þéttbýlis í sveitarfélaginu. Staðsetning Innness austan megin við sveitarfélagamörk við Akranes er hagstæð. Þar sem byggingarland á Akranesi er takmarkað má gera ráð fyrir því að þeir sem vilja nýta sér þjónustuna á Akranesi hafi í auknum mæli áhuga á því að búa á svæðinu. Innnes er einnig góður framtíðarvalkostur fyrir fólk sem starfar á iðnaðar- og hafnarsvæði Grundartanga.

Samlegðaráhrif fyrirhugaðar uppbyggingar þéttbýlis á hagræna og félagslega umhverfisþætti eru því talsverð jákvæð, en munur á áhrifum vegna aðalskipulagsáætlunar og núllkosts er óverulegur. Samlegðaráhrif á umhverfi og svæði undir vernd eru óveruleg, en væru einnig óveruleg við framfylgd núllkosts.

SAMLEGÐARÁHRIF AÐALSKIPULAGS HVALFJARÐARSVEITAR 2008-2020

Landnotkunarflokkur	Líkleg áhrif á hagræna og félagslega umhverfisþætti	Núllkostur til samanburðar
Íbúðasvæði	++	-
Samgöngur	++	--
Svæði fyrir frístundabyggð	+	+
Athafnasvæði	+	0
Landbúnaðarsvæði	++	--
Iðnaðarsvæði	++	+
Hafnarsvæði	++	+
Efnistökusvæði	++	+
Hverfisverndarsvæði	0	0
Vatnsverndarsvæði	++	-
Þéttbýli	+	+
Líkleg samlegðaráhrif	++	-

Samlegðaráhrif aðalskipulagsáætlunarinnar á hagræna og félagslega þætti eru veruleg jákvæð. Líkur eru á mestum jákvæðum áhrifum af stefnumörkun fyrir íbúðasvæði, samgöngur, landbúnaðarsvæði, iðnaðarsvæði, hafnarsvæði og efnistökusvæði. Til samanburðar eru líkur á því að samlegðaráhrif yrðu

talsverð neikvæð af núllkosti. Sérstaklega hefur þar áhrif stefnumörkun um samgöngur og svæði fyrir landbúnað, en hagræn áhrif af núllkosti væru veruleg neikvæð hvað varðar þessa landnotkunarflokka.

Landnotkunarflokkur	Líkleg áhrif á umhverfi og svæði undir vernd	Núllkostur til samanburðar
Íbúðasvæði	0	0
Samgöngur	0	0
Svæði fyrir frístundabyggð	++	-
Athafnasvæði	+	-
Landbúnaðarsvæði	+	--
Iðnaðarsvæði	-	-
Hafnarsvæði	-	0
Efnistökusvæði	-	--
Hverfisverndarsvæði	++	0
Vatnsverndarsvæði	++	0
Þéttbýli	0	0
Líkleg samlegðaráhrif	+	-

Samlegðaráhrif við framfylgd aðalskipulagsáætlunarinnar á umhverfi og svæði undir vernd eru talsverð jákvæð, en líkur á talsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum af stefnumörkun fyrir iðnaðarsvæði, hafnarsvæði og efnistökusvæði draga niður heildareinkunnina. Til samanburðar eru líkleg áhrif af núllkosti talsverð neikvæð.

AFGREIÐSLA SVEITARSTJÓRNAR HVALFJARÐARSVEITAR

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma við tillögu að umhverfisskýrslu. Við seinni umræðu sveitarstjórnar um aðalskipulagstillöguna voru samþykktar breytingatillögur á hlutfalli iðnaðar- og athafnalóða inni í Hvalfirði þannig að hlutfall iðnaðarsvæða eykst inni í firðinum um 27,1 ha (athafnasvæði A9, 17,8 ha, fær skilgreininguna iðnaðarsvæði og sömuleiðis 9,3 ha af athafnasvæði A10, sjá kafla um *athafnasvæði* og *iðnaðarsvæði*). Það breytir niðurstöðum umhverfisskýrslu, þar sem álitid var að samlegðaráhrif af stefnumörkun auglýstrar tillögu um *athafnasvæði* hefðu verið talsverð jákvæð á umhverfispætti þá sem til mats eru, umfram þann kost að hafa svæðin skilgreind sem iðnaðarsvæði. Til að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif er stefnumörkun fyrir iðnaðarsvæði breytt. Krafa er gerð um að mótvægisáðgerðir vegna mögulegra neikvæðra umhverfisáhrifa skulu tilteknar í greinargerð deiliskipulagsáætlunar og einnig vöktunaráætlun vegna þeirra á öllum iðnaðarsvæðum í sveitarfélaginu, en ekki aðeins á iðnaðarsvæði við Grundartanga, eins og stefnumörkun auglýstrar tillögu gerði ráð fyrir.

6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 var mótað í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Tillagan var til sýnis á heimasíðu skipulagsráðgjafa frá áramótum 2008/2009 þar sem leitast var við að hafa ávallt nýjustu uppfærslu hennar. Íbúafundur var haldinn þann 1. apríl 2009 að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd. Starfshópur um aðalskipulag hélt reglulega vinnufundi, þar af einn með sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar. Í samræmi við 2. mgr., 3. gr. Skipulagsreglugerðar (400/1998) var tillagan send til kynningar eftirfarandi lögbundinna sem og ýmissa annarra umsagnaraðila, áður en sveitarstjórn tók hana til fyrri umræðu:

- Borgarbyggðar
- Skorradalshrepps
- Bláskógabyggðar
- Kjósarhrepps
- Akraneskaupstaðar
- Reykjavíkurborgar
- Umhverfisstofnunar
- Fornleifaverndar ríkisins
- Siglingastofnunar Íslands
- Landgræðslu ríkisins
- Skógræktar ríkisins
- Vesturlandsskóga
- Veðurstofu Íslands
- Vegagerðarinnar
- Norðuráls
- Íslensku járnblendiverksmiðjunnar
- Faxaflóahafnar
- Landsnets
- Spalar
- Orkuveitu Reykjavíkur
- Mílu
- Vatnsveitufélags Hvalfjarðar
- Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
- Kirkjugarðaráðs

Ábendingar og athugasemdir bárust frá Umhverfisstofnun, Landgræðslu ríkisins, Vegagerðinni, Landsneti, Akraneskaupstað, Skógrækt ríkisins, Vesturlandsskógum, Skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps (f.h. Bláskógabyggðar), Kjósarhreppi, Veðurstofu Íslands og Siglingastofnun. Tekið var tillit til þeirra athugasemda sem samræmast markmiðum sveitarfélagsins með aðalskipulagsáætluninni. Umfjöllun um þær tillögur sem komu til umræðu en voru ekki samþykktar til stefnumörkunar má sjá í undirkaflanum *Valkostir* fyrir viðkomandi landnotkunarflokk.

7 AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA

Að lokinni fyrri umræðu sveitarstjórnar þann 30. júní 2009 var aðalskipulagstillagan send til athugunar Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við hana með bréfi dags. 31. júlí 2009 en gerði ekki athugasemd við að tillagan yrði auglýst þegar tekið hefði verið tillit til þeirra. Tekið var tillit til þeirra allra og var tillagan auglýst samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 26. október 2009 til og með 25. nóvember 2009. Hún var til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, heimasíðu sveitarfélagsins www.hvalfjordur.is og á skrifstofu Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, ofangreint tímabil. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 9. desember 2009. Á auglýsingatíma komu fram athugasemdir við tillöguna frá 21 aðila. Breytingar sem gerðar voru á auglýstri tillögu með tilliti til athugasemda eru eftirfarandi:

- Stefnumörkun sett fram um að fagleg úttekt verði gerð á hagkvæmni almenningssamgangna í sveitarfélaginu.
- Athafnasvæði A8 var stækkað um 15 ha, þar sem aðliggjandi svæði, bæjarstæði Kataness, áður skilgreint landbúnaðarsvæði, fékk skilgreininguna athafnasvæði.
- Óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um það að minnka náttúruverndarsvæði merkt N6, Hvalfjarðarströnd, sem nemur þeim hluta sem skarast á við athafnasvæði A8.
- Opið svæði til sérstakra nota O12, innan þynningarsvæðis við Grundartanga var stækkað um 39,9 ha, í 72 ha, vestur að landamörkum við Klafastaði, norður að landamörkum Eystra- Miðfells og austur að Kalmansá. Opið svæði til sérstakra nota O13, einnig innan þynningarsvæðis, stækkaði um 2,9 ha, í 11 ha.
- Breyting var gerð á tengingu Grundartangavegar við Hringveg (1).
- Bætt var við texta í kaflanum *Skipulagsforsendur, umhverfi og náttúra*, bls. 6 og 7; „*Inn af Botnsvogi er hinn skógi og kjarri vaxni Botnsdalur...*“ og „*Nokkur svæði eru skógi og/eða kjarri vaxin, má þar nefna Botnsdalinn, ...*“
- Felld var út frístundabyggð í landi Efra Skarðs, að stærð 19,2 ha, sem fékk skilgreininguna landbúnaðarsvæði.
- Bætt var inn á þemauppdrátt göngu- og reiðleiða þjóðleið um Leirárdal.
- Áður skilgreind göngu- og reiðleið umhverfis Eiðisvatn fékk skilgreininguna gönguleið.
- Reið- og gönguleiðir felldar út í landi Lækjar, Kalastaða, Kúludalsár, Eystri- og Vestri-Reynis og Hrafnabjarga.
- Felldar voru út tillögur að nýjum reiðleiðum í landi Eystri Leirárgarða.
- Felld var út reiðleið frá Hlíð að Eystra-Miðfelli.
- Reiðleið austan megin við Berjadalsá færð vestur fyrir ána.
- Reiðstígar og göngustígar innan girðingar í landi Saurbæjar voru felldir út.
- Göngu- og reiðleiðir í landi Óss, annars staðar en meðfram þjóðvegi, voru felldar út.
- Skilgreind göngu- og reiðleið sem var afmörkuð í landi Hafnar skammt ofan við fjöruna fékk skilgreininguna gönguleið.
- Tvær námur (E31 og E32) voru skilgreindar í landi Hrafnabjarga.
- Frístundabyggð að stærð 24,8 ha (F37) var skilgreind í landi Hrafnabjarga.

- Felld var út náma í landi Galtavíkur.
- Gott ræktanlegt land var felld út af sveitarfélagsupprætti.
- Örnefnið „Hlaðhamrar“ var felld út af sveitarfélagsupprætti.
- Bætt var við stefnumörkunina: „- Gerðir verði áningastaðir með upplýsingaskilti við upphaf og enda helstu göngu- og reiðleiða, sem og við áhugaverða staði í sveitarfélaginu“: „ ... í samráði við sveitarfélög þar sem það á við.“
- Athafnasvæði að stærð 17,8 ha í landi Mið-Sands fékk skilgreininguna iðnaðarsvæði.
- Afmörkun iðnaðarsvæðis I5, Litla-Sandi, var breytt og það stækkað um 3,1 ha.

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar var samþykkt með fyrrgreindum breytingum, af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann 18. desember 2009.

8 HEIMILDIR

RITAÐAR HEIMILDIR

Adolf Friðriksson, 2002. *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson, 2003. *Fornleifar í Skilmannahreppi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Alþingi, 2004: *Svar umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stóriðju og mengun - 131. löggjafarþing 2004-2005, þskj. 532 -298. mál.*(þingskjal). www.althingi.is Apríl 2008.

Birna Lárusdóttir o.fl., 2003. *Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandarhreppi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Oddgeir Hansson, 2003. *Fornleifaskráning í Leirár- og Melasveit*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ferðamálaráð Íslands (2004): Samgönguáætlun 2003-2014

Ferðapjónusta bænda (2001). *Sóknarfæri í sveitum*. Reykjavík: Landbúnaðarráðuneytið.

Fráveitunefnd Umhverfisráðuneytis (2003). *Úttekt á stöðu fráveitumála á Íslandi - Fjárförð til framkvæmda* (skýrsla). Reykjavík: Umhverfisráðuneytið.

Glitra ehf, 2005. *Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020* (skýrsla). www.portal.is í apríl 2008.

Gísli Gíslason, 2008. *Um Spöl ehf., ný göng og tvöföldun vegar á Kjalarnesi* (grein). www.athygli.is Mars 2008.

Hagbjónusta landbúnaðarins (2008). *Lögbýlisjarðir á Vesturlandi - Í ábúð og eyði 31. desember 2007* (skýrsla). Borgarbyggð: Hagbjónusta landbúnaðarins.

Hagstofan (2008). *Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, aldri og kyni - 1. desember 1997-2007*. www.hagstofan.is Mars 2008.

Hallgrímur Indriðason (2008). *Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga*. Reykjavík: Skógrækt ríkisins og Skipulagsstofnun.

Hollustuvernd ríkisins (2002). *Val og hönnun minni vatnsveitna* (skýrsla).

Hvalfjarðarsveit (2008a). *Listi yfir samþykkt skipulag júní 2006 - febrúar 2008*. Hvalfjarðarsveit: Hvalfjarðarsveit.

Hvalfjarðarsveit (2008b). www.hvalfjardur.is Febrúar 2008.

Hönnun (2002). *Stækkun Norðuráls á Grundartanga - Framleiðsluaukning í allt að 300.000 tonn á ári - Mat á umhverfisáhrifum* (skýrsla). Skilmannahreppur: Norðurál.

Hönnun (2003). *Iðnaðarsvæðið á Grundartanga og umhverfi þess - Niðurstöður umhverfissvöktunar*. Skilmannahreppur: Norðurál.

Landbúnaðarráðuneytið (2001). *Þjóðvegir og búfé*.

Landbúnaðarráðuneytið (2005). *Jarðaskrá 2005* (skýrsla).

Landgræðsla ríkisins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (1997). *Jarðvegsrof á Íslandi*. Reykjavík: Landgræðsla ríkisins.

Landlínur (2006a). *Hvalfjarðarstrandarhreppur - aðalskipulag 2002-2014* (greinargerð). Borgarnes: Landlínur ehf.

Landlínur (2006b). *Innri-Akraneshreppur - aðalskipulag 2002-2014* (greinargerð). Borgarnes: Landlínur ehf.

Landlínur (2006c). *Leirár- og Melahreppur - aðalskipulag 2002-2014* (greinargerð). Borgarnes: Landlínur ehf.

Landlínur (2006d). *Skilmannahreppur - aðalskipulag 2002-2014* (greinargerð). Borgarnes: Landlínur ehf.

- Námur - Efnistaka og frágangur: Náttúruvernd ríkisins, Vegagerðin, o.fl.; apríl 2002
- Námskrá: Vegagerðin; 2005
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008 - Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar: Umhverfisstofnun; 2003
- Náttúruverndarráð (2006). *Náttúru-minjaskrá, 7. útgáfa og síðari viðbætur*. www.ust.is Desember 2007.
- Norðurál, 2008. *Lýsing á fyrirhugaðri stækkun álvers á Grundartanga*. www.nordural.is Apríl 2008.
- Orkuveita Reykjavíkur (2008). *Orka á Vesturlandi* (kynningarbæklingur). www.or.is Febrúar 2008.
- Samband garðyrkjubænda (2008). *Framleiðendur*. www.gardyrkja.is Janúar 2008.
- Samgönguráðuneytið (2001). *Menningartengd ferðaþjónusta*.
- Samgönguráðuneytið (2005). *Fjarskiptaáætlun 2005-2010*.
- Samgönguráðuneytið o.fl. (2007). *Samgönguáætlun 2007-2010*.
- Skipulagsstofnun (2002). *Stækkun Norðuráls á Grundartanga, framleiðsluaukning í allt að 300.000 tonn á ári - úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum* (skýrsla). Reykjavík: Skipulagsstofnun.
- Skipulagsstofnun (2003). *Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags - Ferli og aðferðir*. Reykjavík: Skipulagsstofnun
- Skipulagsstofnun (2004). *Teikniskrá yfir samþykkt skipulag í Hvalfjarðarsveit til ársins 2004*.
- Skipulagsstofnun (2006). *Listi yfir samþykkt skipulag í Hvalfjarðarsveit*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.
- Stefnumörkun íslenskrar ferðaþjónustu - Markaðsáætlun: Samgönguráðuneytið; júní 1997
- Umhverfisráðuneytið (1996). *Hagkvæm umhverfisvernd*.
- Umhverfisráðuneytið (1998). *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*.
- Umhverfisráðuneytið (2001). *Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi*.
- Umhverfisráðuneytið (2002) *Starfsreglur um góða búskaparhætti*.
- Umhverfisráðuneytið (20029). *Velferð til framtíðar - sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020*.
- Umhverfisráðuneytið (2008). *Alþjóðlegi votlendisdagurinn*. www.umhverfisraduneyti.is/frettir Mars 2008.
- Umhverfisstofnun (2004a). *Umhverfissvísar*.
- Umhverfisstofnun (2004b). *Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir*.
- Vegagerðin og Landssamband hestamannafélaga (2003). *Reiðvegir - gerð og uppbygging. Leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga*. www.vegagerdin.is Janúar 2008.
- Vegagerðin (2007b). *Vegir og skipulag - Leiðbeiningar vegagerðarinnar fyrir sveitarfélög og skipulagshöfunda*. www.vegagerdin.is Desember 2007.
- Vegagerðin (2009). *Vegaskrá 2009*. www.vegagerdin.is Október 2009.
- Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Stefnumörkun til 2020: Umhverfisráðuneytið; ágúst 2002
- Vesturlandsskógar (2008). *Listi yfir skógarbændur í Hvalfjarðarsveit í febrúar 2008*. Hvanneyri: Vesturlandsskógar.
- Vífill Karlsson (2004). *Samgöngubætur og búseta - Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi*. Borgarnesi: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

VSÓ (2007). *Hvalfjarðarsveit - endurskoðun vegamóta*. Reykjavík: VSÓ ráðgjöf.

VSÓ (2009). *Þverun Grunnafjarðar - greinargerð um helstu umhverfisáhrif* (drög). Reykjavík: VSÓ ráðgjöf.

VIÐMÆLENDUR

Auðunn Hálfðánarson, september 2008.

Bjarni O.V. Þóroddsson, 2008.

Guðmundur Sigurðsson, maí 2008.

Trausti Jónsson, febrúar 2008

Þórunn Pétursdóttir, 2008.

VIÐAUKI 1 - SKILGREININGAR LANDNOTKUNARFLOKKA SAMKVÆMT SKIPULAGSREGLUGERÐ (400/1998)

Athafnasvæði. Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Efnistökusvæði. Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.

Frístundabyggðasvæði. Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli.

Hafnarsvæði. Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Hverfisverndarsvæði. Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Iðnaðarsvæði. Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir oliur og móttökustöðvum fyrir úrgang.

Íbúðasvæði. Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Landbúnaðarsvæði. Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Miðsvæði. Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Náttúruvá. Þar sem fyrir liggja niðurstöður Veðurstofu Íslands um hættumat vegna ofanflóða skulu þær birtar sem fylgiskjal með skipulagsáætlun.

Náttúruverndarsvæði. Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um

náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlægum um verndun einstakra svæða.

Opin svæði til sérstakra nota. Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallybrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Óbyggð svæði. Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.

Samgöngur. Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólréiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki. Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega, sjá vegalög. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla, sjá lög um loftferðir og reglur um einstaka flugvelli. Um skilgreiningar hafna, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Í þéttbýli flokkast götur í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur. Stofnbrautir eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli. Safnbrautir eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir. Húsagötur eiga fyrst og fremst að veita aðgang að húsum og starfsemi við viðkomandi götu.

Sorpförgunarsvæði. Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla.

Veitur. Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir og flokka verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Þá skal einnig gera grein fyrir og flokka verndarsvæði vatnsbóla. Þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð, á eða nærri verndarsvæðum, ber að taka fullt tillit til verndunarákvæða.

Verslunar- og þjónustusvæði. Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Vötn, ár og sjór. Undir þennan flokk falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar. Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þjóðminjaverndarsvæði. Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Þjónustustofnanasvæði. Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

VIÐAUKI 2 – ÝMIS HUGTÖK

Merking ýmissa hugtaka Aðalskipulagsáætlunar þessarar er samkvæmt tilheyrandi lögum og reglugerðum eftirfarandi:

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag. Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Brunnsvæði vatnsbóls: Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Tillaga að deiliskipulagi getur einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaraðila og á kostnað þeirra. Deiliskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar. Deiliskipulag tekur gildi þegar samþykkt þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fjarsvæði vatnsbóls: Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til brunn- og grannsvæða. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Fjölnytjaskógrækt. Ræktun skógar að teknu tilliti til fjölþætts efnahagslegs, félagslegs og náttúrufarslegs hlutverks skógarins. Meginmarkmið fjölnytjaskógræktar er tvenns konar, nytjaskógrækt og landbótaskógrækt.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi, sbr. gr. 9.1. Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Grannsvæði vatnsbóls: Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki s al leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Götureitur: Afmarkað svæði sem engar götur liggja um. Oftast afmarkast götureitur af fjórum götum.

Héraðsvegir: Vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar. Jafnframt

er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit, sbr. 4. kafla.

Landnotkunarreitur: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreitur skal að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks í 4. kafla. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu.

Landsvegir: Vegir yfir fjöll og heiðar sem flokkast ekki sem stofnvegir, tengivegir eða héraðsvegir, sem og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

Nytjaskógrækt: Ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli heildargólfplatár á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli heildargólfplatár á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanyting segir til um hlutfallið milli heildargólfplatár á landnotkunarreit eða götureit og flatarmáls reitsins.

Ramsarsamningur: Ramsarsamningurinn er fyrsti alþjóðasamningur sinnar tegundar sem fjallar um vernd og nýtingu ákveðinna búsvæða eða vistkerfa. Hann var gerður í því markmiði að vernda búsvæði ýmissa votlendisfugla. Hann dregur nafn sitt af því að hann var undirritaður árið 1971 í borginni Ramsar. Ísland gerðist aðili að samningnum árið 1977.

Ramsarsvæði: Votlendissvæði sem friðuð eru samkvæmt Ramsarsamningnum. Á Íslandi eru þrjú Ramsarsvæði; Þjórsárver, Grunnafjörður og Mývatn og Laxá.

Sjálfbær þróun: Þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum og ákvörðunum viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagsgreinargerð: Lýsing skipulagsáætlunar þar sem gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og færð rök fyrir stefnu og ákvörðunum um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagsmarkmið: Meginmarkmið og almenn stefna skipulagsáætlunar og markmið hennar í einstökum málaflokkum.

Skipulagsskilmálar: Bindandi ákvæði sem sett eru fram í deiliskipulagi, m.a. um útfærslu skipulagsmarkmiða.

Skipulagsstig: Skipulagsstig eru þrjú, svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstig.

Skipulagssvæði: Það landsvæði sem skipulagsáætlun tekur til. Svæðisskipulag tekur til tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem jafnan skulu mynda heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Aðalskipulag tekur

til alls lands eins sveitarfélags. Deiliskipulag nær til einstakra svæða eða reita innan aðalskipulags og skal jafnan miðast við að ná til svæða sem mynda heildstæða einingu. Í þéttbýli skal deiliskipulag að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit.

Skipulagstillaga: Tillaga að skipulagsáætlun sem sett er fram í greinargerð og á uppdrætti. Svæðisskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt samvinnunefndar á skipulagsáætlun. Aðal- og deiliskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á skipulagsáætlun.

Skipulagstímabil: Það tímabil sem stefnumörkun svæðis- og aðalskipulags nær yfir. Skipulagstímabil svæðis- og aðalskipulags skal eigi vera skemmra en 12 ár.

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða notkun lands í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Skjólbelti. Raðir eða þyrping trjáa og runna sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfenaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði eða sem undanfari skógræktar á bersvæði.

Stofnvegir: Hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

Sveitarfélagsuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og þar sem gerð er grein fyrir notkun lands utan þéttbýlis.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili. Frumkvæði að gerð svæðisskipulags getur komið frá sveitarstjórnunum eða Skipulagsstofnun. Samvinnunefndir annast gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Tengivegir: Vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála: Stjórnsýslunefnd sem úrskurðar um ágreining á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttbýlisuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær yfir þéttbýli innan viðkomandi sveitarfélags.

Þéttleiki byggðar: Landnýting miðað við heildarflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

Þjóðvegir: Þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þar sem stofn- eða tengivegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar.